








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
17. janúar 2006 — 16. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Eyjamenn veðsettu vatnstanka bæjarins

**Vatnstankar Eyjamanna eru veðsettir í þágu veitingamanna sem nú eru gjaldþrota. Tankarnir mynda sökkul veitingastaðarins og er hugsanlegt að veðhafar taki þá upp í skuld. Bæjarstjórinn er áhyggjufullur vegna málsins.**

**GJALDÞROT** Margt bendir til þess að lánardrottnar í þrotabúi Karato ehf., sem rak veitingastaðinn Höllina í Vestmannaeyjum, geti gert kröfu í vatnstanka Vestmannaeyjabæjar. Félagið var úrskurðað gjaldþrota í síðustu viku og segir Óskar Sigurðsson bústjóri að verið sé að lýsa kröfum. Eftir því sem næst verður komist nema kröfur í þrotabúið alls um 180 milljónum króna.

Höllin er reist ofan á steyptum vatnstönkum Vestmannaeyinga ofarlega í bænum og er þeir því sökkull hússins.

Árið 2000 gaf þáverandi bæjarstjórn Vestmannaeyja heimild til þess að veðsetja vatnstankana fyrir lántökum Karato. Guðjón Hjörleifsson, þáverandi bæjarstjóri og núverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, undirritaði veðheimildirnar.



**HÖLLIN GJALDÞROTA** Lánardrottnar kunna að eiga tilkall í vatnstankana undir húsinu.

Í upphafi ársins 2002 keypti Hitaveita Suðurnesja Bæjarveitu Eyjamanna og telur sig þar með eiga vatnstankana undir veitingastaðnum sem geymir ferskvatnsbirgðir heimamanna.

„Það voru heimilaðar veðsetningar á sínum tíma á þessu húsi og tankinum og eignaskiptasamningur var ekki gerður fyrr en löngu síðar. Nú er spurning hvernig kröfuhafarnir líta á þetta," segir Bergur Elías Ágústsson, núverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. „Það er nokkuð ljóst að framgangurinn á þessu verður með þeim hætti sem hann hefði átt að vera. Þetta eru náttúrlega vatnsbirgðir Vestmannaeyinga sem um er að tefla," segir Bergur.

„Við bíðum átekta og sjáum hverju fram vindur," segir Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, en ljóst er að tapi Hitaveitan vatnstönkunum til kröfuhafa mun blasa við málshöfðun gegn Vestmannaeyjabæ.

Helstu kröfu- og veðhafar í Höllinni og vatnstönkunum eru Tryggingamiðstöðin, Sparisjóður Vestmannaeyja, Íslandsbanki og Byggðastofnun, en áhvílandi veðlán námu upphaflega nærri 90 milljónum króna. **- jh**



**VÍGREIFIR VERKAMENN** Evrópskir hafnarverkamenn efndu til fjölmennra mótmæla fyrir utan Evrópuþingið í Strassborg í gær. Þeir létu óánægju sína með áform um nýja Evrópulöggjöf um samkeppni í uppskipunarþjónustu í ljósi með því að láta flöskur, steina og annað lauslegt dynja á þinghúsinu. Lögreglan svaraði með táragasi, kylfum og þrýstivatni. Vinna lá niðri í mörgum höfnum álfunnar vegna mótmælanna. NORDICPHOTOS/AFP

Ísinn á Rauðavatni er enn ótraustur og hættulegur vegfarendum:

# Enn ekki varað við hættunni

**ÖRYGGISMÁL** Þrátt fyrir slysið sem varð á dögunum á Rauðavatni, þegar tvær konur voru hætt komnar eftir að ísinn á vatninu gaf sig, hafði ekki verið hugað að öryggismálum við Rauðavatn í gær og tilheyrandi varúðarskilti ekki komin upp.

Kjartan Gíslason, rekstrarstjóri Hverfismiðstöðvar Reykjavíkurborgar við Stórhöfða, sem hefur yfirumsjón með öryggismálum á svæðinu, segir varúðarskilti ekki hafa verið sett upp strax í kjölfar slyssins þar sem lögregla kallaði ekki til bakvakt hverfismiðstöðvarinnar um helgina. „Við höfum nú yfirleitt brugðist skjótt við því þegar þessar aðstæður skapast. En við höfum nú þegar tekið fram varúðarskilti og þau verða sett upp við fyrsta tækifæri," sagði Kjartan Gíslason.



**VIÐ RAUÐAVATN Í GÆR** Varúðarskilti höfðu ekki verið sett upp í gær en ísinn á vatninu gaf sig á sunnudag með þeim afleiðingum að tvær konur féllu í vatnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjá síðu 2 / **- mh**

## Fær afmælissönginn á þýsku



Smári Geirsson framhaldsskólakennari og forseti bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar er 55 ára í dag. Hann ætlar að hafa það huggulegt í vinnunni.

TÍMAMÓT 32

## Hollir lífshættir á skjánum

Hjónakornin Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringaþerapisti og Oscar Umahro byrja með hollustusjónvarpsþátt þar sem sykur, hvítt hveiti og ruslfæði eru algerlega á bannlista.



FÓLK 34

## Sæl elskan, takk vinan

Í þessum flokki ber fyrst að nefna eignarfornöfnin mín og minn, nafnorðin vinan og vinur og síðast en ekki síst þetta orð elskan, sem er jafn fallegt úr munni þess sem má nota það og það er óþolandi úr munni þess sem ekki hefur þann sess í lífi manns eða konu.

Í DAG 18

## Geta unnið EM

Þjálfari norska landsliðsins í handbolta telur að íslenska liðið geti orðið Evrópumeistari í næsta mánuði. Hann segir gríðarlega erfitt að ráða við hraðaupphlaup íslenska liðsins.



ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA** á norðaustur og austurlandi með skafrenningi. Stöku él á Vestfjörðum annars þurrt. Skýjað með köflum á landinu suðaustanverðu. Frost 5-14 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA
**Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



**ARMIN MEIWES** Þýska mannætan fyrir réttinum í Frankfurt í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Réttað aftur yfir mannætu:

# Játaði mannát

**ÞÝSKALAND, AP** Maður sem hefur viðurkennt að vera mannæta endurtók í gær ítarlega játningu fyrir rétti í Frankfurt, þar sem mál hans var tekið fyrir á ný að kröfu saksóknara sem vill refsidóm hans þyngdan.

Armin Meiwes tjáði dómnum hvernig hann hefði „slátrað" Bernd Jürgen Brandes heima hjá sér í mars 2001 og síðan borðað líkama mannsins. Meiwes war dæmdur fyrir manndráp fyrir tveimur árum en saksóknarar vilja fá hann dæmdan fyrir morð. Meiwes auglýsti á netinu eftir manni sem vildi láta slátra sér til áts og Brandes gaf sig fram til þess. ■

Ákæruliðirnir átta í Baugsmáli:

# Til meðferðar í byrjun febrúar

**BAUGSMÁL** Dómari hefur lagt til að aðalmeðferð Baugsmálsins verði dagana 2. og 3. febrúar næstkomandi í Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Við viljum að málið fari eins fljótt og auðið er til efnislegrar meðferðar," segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, og segir verjendur hafa fallist á dagsetningarnar.

Gestur segir að tekist hafi viðunandi samkomulag um aðgang verjenda sakborninga að tölvugögnum, meðal annars úr tölvu Jóns Geralds Sullenbergers.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, kvaðst í gærkvöldi ekki hafa tekið afstöðu til tillögu dómara. **- jh**





## SPURNING DAGSINS

*Grétar, er ekki hægt að stóla á lyfturnar?*

„Það er betra að stóla á stólana en að detta um koll.“

Grétar Hallur Þórisson er forstöðumaður skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Fjölmargir lögðu leið sína þangað um helgina en lítils háttar vandræði voru með nýju stólalyftuna, sem stöðvaðist um stund á laugardag.

Pútín Rússlandsforseti og Merkel Þýskalandskanslari ræddu kjarnorkudeiluna við Íran:

# Rússar bjóða Írönum tilraunaaðstöðu

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði í gær að Íransstjórn hafi ekki enn útilokað þann möguleika að þiggja boð Rússa um að stunda tilraunir sínar með auðgun úrans í Rússlandi, en þessi tillaga gæti reynst lausn á hinni alþjóðlegu deilu um kjarnorkuáætlun Írana.

Pútín sagði þetta á blaðamannafundi eftir viðræður við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í Kreml. Meðal annarra mála á dagskrá viðræðna þeirra voru orkumál, af gefnu tilefni. En Merkel hitti einnig að máli í Moskvu fulltrúa mannréttinda- og félagasamtaka sem hafa lýst yfir áhyggjum af væntanlegri löggjöf sem þeir segja munu þrengja mjög að starfsemi slíkra samtaka í Rússlandi.

Tillöguna um að Íranar fengju aðstöðu í Rússlandi til að stunda sínar tilraunir með auðgun úrans til framleiðslu eldsneytis fyrir kjarnorkuver lögðu Rússar fram þegar í fyrra. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja að Íranar gætu ekki eftirlitslaust unnið að því að auðga úran nógu mikið til að það væri nothæft í kjarnaodda, en um grunsemdir þess efnis snýst kjarni deilunnar. Vegna þessara grunsemda hafa ráðamenn bæði í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum tekið það mjög óstinnt upp að Íranar skyldu hafa rofið í síðustu viku innsigli á kjarnorkurannsóknamiðstöðinni í Natanz suður af Teheran, en þar er búnaður til auðgunar úrans.

Leiðtogar vesturveldanna hafa því hótað að fá Íransstjórn stefnt fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, en það getur ákveðið þvingunaraðgerðir teljist Íranar hafa brotið gegn umsömdum skuldbindingum sínum. **- aa**



**MERKEL OG PÚTÍN** vel virtist fara á með gestinum og gestgjafanum í Kreml í gær.



**HALONEN OG NIINISTÖ** Frambjóðendurnir Tarja Halonen forseti og íhaldsmaðurinn Sauli Niinistö ræða við blaðamenn.

Forsetakjör í Finnlandi:

## Sigur Halonen talinn vís

**FINNLAND** Kosningabaráttan í Finnlandi heldur áfram og takast nú á tveir frambjóðendur, Tarja Halonen forseti og Sauli Niinistö, fv. fjármálaráðherra, í seinni umferð forsetakosninganna sem verður 29. janúar.

Í vefútgáfu Helsingin Sanomat kom fram að hægrimaðurinn Niinistö hefði boðað foringja miðflokksins til viðræðna. Tarja Halonen þarf um 200 þúsund ný atkvæði til að ná kjöri og eru allar líkur á að hún nái því. **- ghs**

Sjálfstæðisflokkurinn í Garðabæ:

## Útiloka ekki breytingar

**STJÓRNMÁL** Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ fundaði í gærkvöldi um þá stöðu sem upp er komin eftir prófkjör flokksins um helgina. Karlmenn röðuðu sér í fjögur efstu sæti listans þrátt fyrir að fimm karlmenn og sjö konur hafi verið í framboði. Formaður fulltrúaráðsins útilokar ekki að breytingar verði gerðar á framboðslistanum. Fundinum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Dýrum búnaði stolið** Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú þrjú innbrot í Árbæjarhverfi og Grafarvogi. Í einu innbrotana var dýrum hljómflutningstækjum stolið en verðmæti þeirra er talið vera nálægt hálfri milljón króna.

**Tekinn með eiturlyf** Lögreglan á Blönduósi handtók mann í Víðidal sem grunaður er um fíkniefnaneyslu. Í bíl mannsins fannst efni sem talið er amfetamín.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Óþarfur titringur um Norðlingaöldu

**Forsætisráðherra tekur ekki afdráttarlausa afstöðu með eða á móti Norðlingaölduveitu og segir að nægur tími sé til þess að skoða málið. Aðstoðarmaður hans og frambjóðandi í Reykjavík segir að við blasi að leggja áformin til hliðar.**

**UMHVERFISMÁL** „Það eru engar framkvæmdir að fara í gang við Norðlingaölduveitu. Það hefur enginn kaupandi komið að því rafmagni. Það er mjög ólíklegt að verði farið í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu jafnvel á næstu árum,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á fundi með blaða- opg fréttamönnum í gær.

Hann sagði jafnframt að málið væri í höndum Samvinnunefndar um skipulag miðhálendisins og stjórnar Landsvirkjunar. „Það er margt sem kemur þarna til greina. Ég held að menn ættu að gefa sér góðan tíma til að fara yfir þetta samkvæmt leikreglum sem hafa verið ákveðnar en útiloka ekkert fyrirfram.“

Halldór ítrekaði að best væri að ná sem mestri sátt um málið. Hann upplýsti að fulltrúar Landsvirkjunar og heimamanna í sveitarfélögum við Þjórsá kæmu saman til fundar í dag.

Í gær var einnig haldinn fundur í Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Það er mjög ólíklegt að verði farið í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu jafnvel á næstu árum,“



**ÞJÓRSÁ OG ÞJÓRSÁRVER** Forsætisráðherra telur að skoða megi marga veitukosti og til þess sé nægur tími.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans, á sæti í nefndinni og hann telur einboðið að hætt verði við Norðlingaölduveitu og lögð verði áhersla á að stækka friðland Þjórsárvera.

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar og frambjóðandi í pðrófkjöri Framsóknarflokksins í lok mánaðarins, segir á heimasíðu sinni að til greina komi að ýta áformum um Norðlingaölduveitu til hliðar. „Þegar svo við bætist að framkvæmdir við Norðlingaölduveitu eru ekki lengur forsenda stækkunar álversins í Hvalfirði og að svo virðist sem ekki sé til staðar kaupandi að orkunni sem fengist úr framkvæmdinni sem stendur, sýnist manni blasa við að áformin verði lögð til hliðar og sjónum fremur beint að framkvæmdum sem meiri sátt er um meðal þjóðarinnar,“ segir Björn Ingi á heimasíðu sinni.

„Menn hafa nægan tíma til að skoða þetta,“ sagði Halldór á blaðamannafundinum í gær. „Ég sé að þarna eru mismunandi möguleikar sem verið er að ræða. Við verðum að hafa úthald í að fara eftir þeim leikreglum sem við höfum sett á Alþingi.“

**johannh@frettabladid.is**

Héðinsfjarðargöng:

## Sex hæfir til að bjóða í verkið

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin hefur metið alla þá sex aðila sem þátt tóku í forvali vegna Héðinsfjarðarganga hæfa til að bjóða í verkið. Birgir Guðmundsson, svæðisstjóri Norðaustursvæðis hjá Vegagerðinni, segir að þeir muni fá útboðsgögn send um næstu helgi og tilboð verði opnuð 14. mars næstkomandi.

„Sá sem fenginn verður til að vinna verkið ræður í sjálfu sér hvenær hann byrjar en líklegt er að það verði í júlí í sumar. Verklok eru hins vegar ákveðin 10. desember 2009,“ segir Birgir.

Héðinsfjarðargöng verða samtals 10,6 km að lengd en með tilkomu þeirra verður aksturleiðin á milli byggðarlaganna 15 kílómetrar. **- kk**

**HÉÐINSFJARÐARGÖNG**

**Fyrirtæki sem fá útboðsgögn**

- Íslenskir aðalverktakar hf. og Marti Contractors Ltd, Sviss
- Metrostav a.s., Tékklandi og Háfell ehf.
- Ístak hf.
- Arnarfell ehf.
- Leonhard Nilsen & Sønner As, Noregi, og Héraðsverk ehf.
- China Railway Shisiju Group Corp., Kína



**VIÐ FYRSTA VARÐHALDSÚRSKURÐINN** Átján ára piltur hefur verið í gæsluvarðhaldi í fimm mánuði eftir alvarlega líkamsárás.

Sveðjuárásin í Garðabæ:

## Talin tilraun til manndráps

**LÖGREGLA** Pilturinn sem réðst á jafnaldra sinn og höfuðkúpubraut hann með sveðju í október síðastliðnum situr enn í gæsluvarðhaldi.

Rannsókn málsins lauk í desember en beðið var niðurstöðu DNA-rannsóknar. Að sögn Kristjáns Guðnasonar, yfirmanns rannsóknardeildar Hafnarfirði, er málið komið til ríkissaksóknara þar sem ákæra á hendur piltinum verður gefin út.

Lögmaður piltsins hefur kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Niðurstöðu er að vænta næstu daga. **- gag**

Konurnar sem féllu í ísilagt Rauðavatn eru óðum að ná sér:

# Biðu rólegar eftir björgun

**SLYS** „Við vorum fjórar á gönguskíðum, tvær fóru á undan og ég og vinkona mín á eftir og svo skyndilega pompar hún niður þegar ísinn brotnaði undan henni og ég fór sömu leið,“ segir önnur kvennanna sem datt ofan í ísilagt Rauðavatn á sunnudag. Hún telur að þær hafi verið í vatninu í um hálftíma en aldrei hræddar að hennar sögn. „Okkur við vera svo nálægt landi að við vorum viss um að okkur yrði bjargað þannig að við vorum alveg rólegar. Við bara röbbuðum saman á meðan og eins við þær sem voru á þurru,“ segir hún og er þegar farinn að hlæja að þessari ónotalegu reynslu.

Hún segir að á þeim stað sem ísinn brotnaði hafi snjórinn verið blautur. „En þar sem vinkonur okkar höfðu komist yfir þá hugsuðum við ekki útí það,“ segir hún. Þær urðu að halda sér í ísinn svo þær færu ekki á kaf en hann brotnaði svo jafnóðum undan þeim. Þær voru því að vonum glaðar þegar þær sáu hjálp berast. Eftir volkið fór hún á slysadeild í hitun en hún var orðin mjög þjáð af kulda á höndum og fótum.



**BJÖRGUNARSVEITARMENN VIÐ RAUÐAVATN** Konurnar tvær sem voru í um hálftíma ofan í Rauðavatni voru fegnar að sjá þessa kappa. Þetta eru björgunarsveitarmennirnir Valgarður Sæmundsson og Hafssteinn Halldórsson.

Þær vinkonur eru nú við hestaheilsu og huga að annarri skíðagönguferð hið fyrsta, en þó fjarri Rauðavatni. En fyrst þarf að kaupa ný gönguskíði en annað skíðið varð eftir í vatninu. „Maður nær kannski í það í vor,“ segir hún sposk. **- jse**

## UMHVERFISMÁL

**Gjald á nagladekk** Vinnuhópur um notkun nagladekkja í Reykjavík leggur til að skoðað verði á víðum grunni hvort leggja ætti gjald á til að takmarka notkun nagladekkja í borginni. Hópurinn lagði fram skýrslu um málið fyrir Umhverfisráð í gær.

## NOREGUR

**Sumarhiti í Norður-Noregi** Sumarhiti hefur verið í Norður-Noregi í vetur og hefur ekki verið hlýrra á þessum árstíma í marga áratugi. Ástandið er þannig að garðeigendur geta tekið fram hrífurnar og farið að vinna í garðinum.

# Átt þú miða?

# Dregið í dag

## Tryggðu þér miða fyrir kl. 18 í 800 6611 eða á hhi.is

Það hefur sjaldan verið eins auðvelt að vinna í Happdrætti Háskólans. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa og greiðum út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Við óskum hinum fjölmörgu vinningshöfum dagsins, sem vilja ekki láta nafns síns getið, innilega til hamingju. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,92 | 61,22 |
| Sterlingspund | 107,87 | 108,39 |
| Evra | 73,97 | 74,39 |
| Dönsk króna | 9,913 | 9,971 |
| Norsk króna | 9,19 | 9,244 |
| Sænsk króna | 7,934 | 7,98 |
| Japanskt jen | 0,5312 | 0,5344 |
| SDR | 88,49 | 89,01 |

*Gengisvísitala krónunnar*
103,5088

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

764.000 fuglum hefur verið slátrað vegna fuglaflensu í Tyrklandi:

# Hertar aðgerðir gegn útbreiðslu

**TYRKLAND, AP** Í Tyrklandi hefur 764.000 alifuglum verið slátrað í því skyni að hamla gegn útbreiðslu fuglaflensu í landinu. Staðfest var í gær að 12 ára stúlka sem dó á sjúkrahúsi á sunnudag hafi verið sýkt af skæða fuglaflensuveirustofninum H5N1. Þar með var staðfestur fjöldi fuglaflensusýkinga í mönnum í Tyrklandi kominn í 20, en stúlkan var fjórða dauðsfallið af völdum sýkinnar.

Tyrkneska ríkisstjórnin sat í gær á rökstólum um til hvaða frekari ráðstafana skyldi gripið.

Fiðurfé hefur skipulega verið slátrað í þeim héruðum þar sem flensuveiran hefur greinst í fuglum. Þetta er gert í þeim tilgangi að lágmarka hættuna á að fólk komist í snertingu við sýkta fugla. Yfirvöld settu í gær jafnframt tímabundið bann við hvers kyns flutningum á fiðurfé og hófdýrum, nema veðreiðahestum.

Í Japan hefur slátrun svipaðs fjölda fugla verið fyrirskipuð í því skyni að hindra útbreiðslu fuglaflensu þar í landi. Þetta var ákveðið í kjölfar þess að fuglaflensa af hinum vægari H5N2-stofni greindist í kjúklingum á býli í Norður-Japan.

**- aa**



**FJÓRÐA DAUÐSFALLIÐ** Aðstandendur tyrknesku stúlkunnar Fatma Özcan Mehmet bera líkkistu hennar út af sjúkrahúsi í Van í Austur-Tyrklandi á sunnudag. Staðfest var í gær að hún dó úr H5N1-fuglaflensu. MYND/AP

Málefni aldraðra:

# Bótaskerðingin sett í nefnd

**ALDRAÐIR** Forsætisráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og Landssambands eldri borgara um málefni eldri borgara.

Verkefni nefndarinnar er annars vegar að fjalla um fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar, hins vegar að skoða búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu. Ásmundur Stefánsson, hagfræðingur, hefur verið skipaður formaður nefndarinnar. ■

# Konur óttast að vera einar á gangi í miðborginni

**Konur óttast um öryggi sitt í miðborg Reykjavíkur. Nýleg könnun sýnir að viðhorf kvenna og karla til öryggis í miðborginni er gjörólíkt. Úrbóta er þörf, segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri.**

**ÖRYGGISMÁL** Mikill meirihluti kvenna á Íslandi finnur fyrir miklu óöryggi á göngu um miðborg Reykjavíkur. Þetta kemur meðal annars fram í nýlegri könnun.

Um 80 prósent kvenna telja sig finna fyrir miklu óöryggi í miðborginni um helgar á meðan rúmlega 40 prósent karla finna fyrir óörygginu á sama tíma. Þetta kemur fram í bókinni Brotaþolar, lögreglan og öryggi borgaranna sem Helgi Gunnlaugsson, Rannveig Þórisdóttir og Vilborg Magnúsdóttir skrifuðu.

Rannveig Þórisdóttir, félagsfræðingur hjá embætti Ríkislögreglustjóra, segir þessa niðurstöðu ekki hafa komið sérstaklega á óvart en hún er í samræmi við kannanir sem gerðar hafa verið á svipuðum aðstæðum á Norðurlöndunum. „Það er áberandi mikill munur á viðhorfi karla og kvenna í borginni hvað hræðslu snertir. Sérstaklega er þetta áhugavert vegna þess að það virðast ekki vera mikil tengsl á milli reynslu fólks af afbrotum og ótta í þessu sambandi.“

Óöryggi kvenna í borginni virðist vera nokkuð stöðugt því 72 prósent kvenna segjast finna fyrir miklu óöryggi á göngu í miðborginni á virkum dögum.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir þennan litla mun á óöryggi kvenna á virkum dögum og um helgar vera athyglisverðan og um leið óvenjulegan. „Fólk virðist tengja ofbeldi í miklu mæli við miðborgina og sennilega ræður umfjöllun fjölmiðla af ofbeldisverkum í miðborginni þar miklu. Umfjöllunin er svolítið ágeng hvað þennan bæjarhluta snertir.“

Helgi segir einnig að ótti fólks við miðborgina sé meiri hjá fólki sem býr ekki í nágrenni við miðborgina. „Það er að auki merkilegt að ótti fólks við göngu í miðborginni virðist vera töluvert meiri hjá fólki sem býr í úthverfum borgarinnar eða jafnvel á landsbyggðinni, heldur en hjá fólki sem býr í eða við miðborgina.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, segir rannsóknirnar sem fjallað er um í bókinni vera þarft innlegg í umræðuna um öruggari Reykjavík. „Við verðum að horfast í augu við það að ótti fólks við afbrot hefur aukist þrátt fyrir tölulegar staðreyndir um minna ofbeldi. Borgaryfirvöld geta lagt sín lóð á vogaskálarnar. Samstarfsnefnd borgaryfirvalda og lögreglunnar er starfandi og þar munu þessar rannsóknir eflaust verða til umræðu á næstunni.“

**magnush@frettabladid.is**



**NÆTURLÍF Í MIÐBORGINNI** Ofbeldisverkum í miðborg Reykjavíkur hefur fækkað á síðustu árum. Þrátt fyrir það finnur fólk, sérstaklega konur, fyrir miklu óöryggi á göngu um miðborgina.









**NELLÍ KEMUR AF FJÖLLUM** Nellí kemur af fjöllum en hún fannst um 20 kílómetrum frá sínum heimahögum eftir þriggja daga volk.

Hundur týndur í þrjá daga:

# Hundur kemur af fjöllum

**HUNDAHALD** Það getur hent fleiri en mannfólkið að eigra eitt um reginfjöll í kafaldsbyl. Tíkin Nellí frá Bíldudal þótti nóg um skotgleði Bíldælinga á þrettándanum og hélt því upp á fjöll til að fá frið frá látunum.

Ekki spurðist til hennar í þrjá daga eftir það en þá fannst hún uppi á fjallinu Kili sem er milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar. Hundaeigandi var þar að ganga með hund sinn þegar Nellí bættist í hópinn. Hundaeftirlitsmaður Vesturbyggðar tók Nellí í sína vörslu og var eigandi ekki lengi að sækja hana þangað. Hundurinn er við hestaheilsu eftir volkið. **- jse**

## NEPAL

**Skæruliðaárás** Skæruliðar maóista í Nepal réðust að tveimur lögreglustöðvum í útjaðri Katmandu á sunnudag. Tólf manns létu lífið í árásunum og sex særðust alvarlega. Skæruliðar hafa staðið fyrir uppreisn í landinu síðan 1996 en alls hafa tólf þúsund manns látist í átökunum.

## UMHVERFISMÁL

**Óveruleg áhrif á verðlag** Áhrif umbúðagjaldsins, sem lagt var á allar umbúðir úr pappa og plasti um áramótin, eiga að vera óveruleg á verðlag. Gjaldið verður innheimt í tolli af innfluttum umbúðum og hjá skattstjóra við sölu á innlendri framleiðslu. Gjaldið á að standa undir úrvinnslu umbúða en lagðar eru 10 krónur á kílóið.

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

**Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundavallaratriði stafrænna myndavéla og meðferð stafrænna mynda í tölvu.**

- Stillingar stafrænna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnsluforrit á Netinu tekið fyrir




Verð: kr. 15.000, (Innifalin er ný kennslubók á íslensku).
**Næsta námskeið hefst 20. janúar.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÍSKALT Í DAG HLÝNAR Á MORGUN** Það er harðavetur í kortum dagsins með snjókomu norðan til og austan. Því samfara er talsvert hvasst og því hætt við að orðið geti kolófært á heiðum eystra. Á morgun hlýnar hægt og hljótt og verður milt síðdegis sem og á fimmtudaginn en síðan kólnar að nýju.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Hæg norðvestlæg átt. Yfirleitt skýjað en úrkomulaust. Frost 4-7 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C heiðskírt | París | 9°C skúrir | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Osló | -1°C alskýjað | Berlín | 1°C heiðskírt | Mílano | 8°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C hálfskýjað | Frankfurt | 4°C alskýjað | New York | 5°C rigning |
| Helsinki | -2°C alskýjað | Madríd | 13°C heiðskírt | San Francisco | 13°C skúrir |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 13°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 24°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



GOTT FÓLK McCANN
„Þessar mannleysur tóku það sem þeim fannst verðmætast og eyðilögðu allt sem okkur var kærast.“
Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
SECURITAS
HEIMAVÖRN



**KJÖRKASSINN**

*Hefurðu farið á skíði í vetur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 11% |
| NEI | 89% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Var konum hafnað í prófkjörinu í Garðabæ?*

Segðu skoðun þína á Visir.is

Uppkaupsmenn hafa keypt tvö hesthús í Heimsenda:

# Aðför að íþróttahreyfingunni

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er ekkert annað en aðför að íþróttahreyfingunni,“ segir Oddný Erlendsdóttir formaður hesthúsaeigendafélagsins í Heimsenda um þau tíðindi að verktakar hafi nú keypt tvö hesthús á svæðinu. Um er að ræða sömu verktaka og hafa keypt hluta hesthúsa félagsmanna Gusts í Glaðheimum í Kópavogi.

Oddný segist með ofangreindum orðum ekki einungis eiga við viðkomandi verktaka heldur einnig bæjaryfirvöld í Kópavogi, en bæði Heimsendi og Glaðheimar standa í landi Kópavogs.

Verktakarnir sem að kaupunum standa, Kristján Ríkharðsson og Engilbert Runólfsson, hafa gefið það út að þau tvö hesthús sem þeir hafi keypt á Heimsendasvæðinu séu eingöngu hugsuð fyrir Gustfélaga sem vilji færa sig um set. Húseigendum í Gusti standi þau til boða nú þegar á sama verði og þau voru keypt.



**HEIMSENDI** Verktakar hafa fest kaupum á tveimur hesthúsum.

„Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort staðið verður við þessi orð, en þetta leggst ekki vel í mig,“ segir Oddný. „Þetta er það sem gæti gerst hjá öðrum hesthúsafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar bæjaryfirvöld skipuleggja íbúðabyggð ofan í hesthúsahverfin kallar það á vandamál.“

Hún segir fulltrúa hesthúseigendafélagsins í Heimsenda hafa beðið um fund með Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra í Kópavogi. Hesthúseigendur vilji svör um framtíðarskipulag á svæðinu. **-jss**

Kjaradómsmálið til Alþingis

# Afgreitt sem lög fyrir helgi

**STJÓRNMÁL** Frumvarp ríkisstjórnarinnar um Kjaradóm og úrskurð hans fyrir áramótin um kjör forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, verður fyrsta mál á dagskrá Alþingis sem kemur saman í dag eftir jólahlé.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að laun þeirra hækki um 2,5 prósent þann 1. febrúar næstkomandi.

„Það er samkomulag um að taka þetta fyrir og við gerum ráð fyrir að ljúka umræðu í dag. Ég vænti þess að þetta mál verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir vikulokin,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra með blaða- og fréttamönnum í gær. **-jh**








**KONAN VANN** Michelle Bachelet, fyrir miðju, veifar stuðningsmönnum í Santiago með dætur sínar tvær og móður við hlið sér.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bachelet sögð geta grætt söguleg sár

**Michelle Bachelet sigraði örugglega í síðari umferð forsetakosninga í Chile á sunnudag. Henni var í gær fagnað af löndum sínum sem kyndilbera sátta í samfélagi sem enn glímir við að græða sár eftir einræðistíð Augustos Pinochet.**

**CHILE, AP** Michelle Bachelet, sem á sunnudag vann öruggan sigur í síðari umferð forsetakosninga í Chile, var í gær fagnað sem tákni fyrir sögulegar sættir í chilesku samfélagi; hún sé fær um að hjálpa þjóðinni að komast yfir þann djúpstæða klofning sem hin sviptingasama stjórnmálaþróun landsins á síðustu áratugum olli.

Hin vinstrisinnaða Bachelet, sem var fangelsuð og pyntuð á valdatíma herforingjastjórnar Augusto Pinochet og bjó í mörg ár í útlegð, sameinaði öruggan meirihluta kjósenda að baki sér, 53,4 prósent. Mótframbjóðandinn, íhaldsmaðurinn og auðkýfingurinn Sebastian Pinera, fékk 46,5 prósent atkvæða samkvæmt opinberum niðurstöðum talningar í gær þegar búið var að telja 97,5 prósent greiddra atkvæða.

„Vegna þess að ég varð fórnarlamb haturs hef ég ákveðið að helga lífi mínu því að snúa því hatri í öndverðu sína, í skilning, umburðarlyndi og - hví ekki segja það - í ást,“ sagði Bachelet. Faðir hennar, sem var yfirmaður í flughernum og sýndi Pinochet andstöðu, dó í fangelsi.

„Það er hægt að gera hvorttveggja í senn, elska réttlætið og sýna stórlyndi,“ sagði hún í sigurræðu í fyrrinótt. Miðjuvinstriflokkabandalagið, sem Bachelet var í framboði fyrir, hefur haldið um stjórnartauma í Chile frá því lýðræði var endurreist í landinu árið 1990, eftir 17 ára valdatíð Pinochet.

Fráfarandi forseti, Ricardo Lagos, skipaði Bachelet heilbrigðisráðherra í ríkisstjórninni árið 2000 og tveimur árum síðar skipti hún yfir í varnarmálaráðuneytið. Í því embætti ávann hún sér virðingu fyrir að hjálpa til við að græða sár frá í samskiptum hersins og borgaranna sem enn gætti frá dögum herforingjastjórnarinnar.

Bachelet er þriðja konan sem nær kjöri til forseta í ríki í Rómönsku Ameríku. Sú fyrsta var Violeta Chamorro, sem ríkti í Níkaragúa 1990-1997; önnur var Mireya Moscosco sem sat á forsetastóli í Panama frá árinu 1999 til 2004. Bachelet sker sig þó frá þessum konum með því að vera ekki eiginkona fyrrverandi valdamanns. Hún er einstæð móðir þriggja barna.

**audunn@frettabladid.is**

Matvöruverðsnefnd forsætisráðherra á að skila tillögum fyrir mitt þetta ár:

# Útilokar ekki skattalækkun

**MATVÖRUVERÐ** „Það er auðvitað svo að það eru mismunandi sjónarmið í þessu máli,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráherra á blaðamannafundi í gær þegar borinn var undir hann sýnilegur ágreiningur Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra um framleiðslustyrki í landbúnaði.

„Því miður hendir það ráðherra samkeppnismála að fara með rangt mál þegar hún fullyrðir í nýlegri ræðu að jafnvel standi til að afnema framleiðslutengdan stuðning,“ sagði Guðni í Morgunblaðsgrein á laugardag.



**NEFND FJALLI UM MATVÖRUVERÐ** „Það liggur fyrir að á næstu árum verða ýmsar breytingar sem snúa að landbúnaði,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á fundi í gær.

„Það liggur fyrir að á næstu árum verða ýmsar breytingar sem snúa að landbúnaði,“ sagði Halldór í gær sem nú hefur mannað nefnd sem fjalla á um matvöruverð.

Tíu manns sitja í nefndinni tilnefndir af stjórnvöldum, Bændasamtökum Íslands, ASÍ, Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og BSRB.

„Ég geri ráð fyrir því að þetta verði til þess að ýmsar breytingar verði í þjóðfélaginu. Við viljum ekki útiloka breytingar á skattlagningu í þessu sambandi. Þar er átt við vörugjaldið og virðisaukaskattinn.“ **-jh**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

ÍSLANDSBANKI

# Þarf ég að taka áhættu með peningana mína?

Þegar þú ákveður hvernig þú fjárfestir þarftu að skoða þínar aðstæður og markmið. Ef þú ert að fjárfesta til skemmri tíma eða ert að nálgast eftirlaunaaldur, er óráðlegt að taka áhættu með miklum hlutabréfakaupum, því verð þeirra getur sveiflast mikið á stuttum tíma. Við slíkar aðstæður mælum við eindregið með öruggum sjóðum með mikilli áhættudreifingu.

Sérfræðingar hjá Íslandsbanka hafa sett saman þrjár leiðir í fjárfestingum. Ein þeirra er Örugga leiðin. Hún er einmitt byggð upp þannig að þú getur fengið jafna og góða ávöxtun án þess að taka áhættu með peningana þína.



Auður Ingólfsdóttir
Ráðgjafi hjá Eignastýringu Íslandsbanka.

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM**

**ÖRUGGA LEIÐIN** – Árleg nafnávöxtun síðustu 5 ár*

12,5%

**UPPSÖFNUÐ FJÁRHÆÐ**** – Miðað við 5 ára sparnað




*Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.
Gengi verðbréfa getur lækkað jafnt sem hækkað.

**Miðað við 12,5% ávöxtun síðustu fimm ára.

Örugga leiðin er 75% skuldabréf, 12,5 % innlend hlutabréf og 12,5% erlend hlutabréf. Þú getur fjárfest í Öruggu leiðinni með mánaðarlegri áskrift eða með einni upphæð.

**Byrjaðu núna! Farðu inn á www.isb.is og kláraðu málið.** Þú getur einnig haft samband við næsta útibú eða við ráðgjafa hjá Eignastýringu Íslandsbanka í síma 440 4920.



ÆTLAR ÞÚ AÐ VINNA ÚTI?

Samtök atvinnulífsins funda með framhaldsskólanemum:

Akureyri: **Verkmenntaskólinn á Akureyri,** 17. jan.
Reykjavík: **Iðnskólinn í Reykjavík,** 19. jan.
Egilsstaðir: **Menntaskólinn á Egilsstöðum,** 31. jan.
Ísafjörður: **Menntaskólinn á Ísafirði,** 8. feb.
Reykjavík: **Verzlunarskóli Íslands,** 22. feb.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

AUGLÝSINGASTOFAN SKAPARINN EHF.


Bæjarstjórinn á Akureyri íhugar tvíhliða viðræður við ríkið um sölu á Landsvirkjun:

# Svartsýnn varðandi söluna

**LANDSVIRKJUN** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, segist svartsýnn á að samkomulag náist um sölu á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Hann segir koma til greina að Akureyrarbær selji sinn hlut óháð því hver ákvörðun borgaryfirvalda verður. „Það er enginn flötur á samkomulagi vegna samstöðuleysis innan meirihlutans í borgarstjórn," segir Kristján Þór.

Hann segir hugsanlegt að bærinn óski eftir tvíhliða viðræðum við ríkið. „Það er eitt af því sem við erum nú að hugleiða en málið er ekki komið það langt að það hafi verið formlega rætt innan bæjarkerfisins," segir Kristján.

Viðræður um kaup ríkisins á liðlega 5 prósenta eignarhlut Akureyrarbæjar og tæplega 45 prósenta hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun hafa staðið yfir í tæpt ár.

Borgaryfirvöld telja að fyrirliggjandi verðmat á Landsvirkjun, upp á rúma 56 milljarða, sé of lágt en bæjaryfirvöld á Akureyri hafa ekki viljað opinbera skoðun sína í þeim efnum á meðan viðræður eru enn í gangi. **- kk**



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** Bæjarstjórinn á Akureyri segir hugsanlegt að Akureyrarbær selji sinn hluta í Landsvirkjun.



**EKKI HÆTTULAUSIR** Myndskilaboð geta innihaldið vírusa sem eyðilagt geta farsíma móttakenda.

Myndskilaboð varasöm:

# Vírus í mörgum skeytum

**FARSÍMAR** Tölvuvírus finnst í fimm prósent allra myndskilaboða sem send eru milli farsíma að öllu jöfnu samkvæmt danskri rannsókn sem birt var í gær.

Fjölgar þeim óðum sem senda myndskilaboð í stað textaskilaboða úr farsímum sínum en óprúttnir hafa fundið út að auðvelt er að lauma þar inn vírus. Getur vandamálið orðið eins útbreitt og í almennum tölvum í framtíðinni sé ekki farið að öllu með gát. ■



**JÓLATRÉS-STJÖRNUÞOKAN** Mynd tekin í gegnum Spitzer-geimsjónauka NASA 5. janúar.
NORDICPHOTOS/AFP

Geimsjónauka-uppgötvun kætir stjörnufræðinga:

# Nýfæddar stjörnur í snjókornsþyrpingu

**STJÖRNUFRÆÐI** Bandaríska geimvísindastofnunin NASA náði þessari mynd af „Jólatrés-stjörnuþyrpingunni" þann 5. janúar í gegnum Spitzer-geimsjónaukann. Þyrpingin er í stjörnumerkinu Einhyrningnum, sem skín dauft við miðbaug himins milli Litla hunds og Veiðimannsins.

Það sem stjörnufræðingum þykir merkilegt við þessa mynd er að hún sýnir krans nýmyndaðra stjarna. Þær sjást sem bleikir eða rauðir deplar nærri miðju myndarinnar. Þær virðast hafa myndast með reglulegu millibili og raðast í mynstur sem líkist teinum í hjóli eða snjókristalli. Þar af leiðandi hafa stjörnufræðingar kallað stjörnurnar „Snjókorns-stjörnuþyrpinguna".

En eins og öll snjókorn mun þetta heldur ekki endast að eilífu. Vísindamenn telja að hér séu mjög ungar stjörnur á ferðinni, sennilega ekki eldri en 100.000 ára, og að þær eigi eftir að fjarlægjast hver aðra. Þá muni þetta teinamynstur sem nú sést ekki lengur verða greinanlegt. **- aa**


NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
2.790.000,-*

SKIPT_um stíl



*RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR
– 17" álfelgur
– litað gler
– 6 diska CD spilari
– 3 drifstillingar
– rafstýrð leðursæti
– loftkæling
– sjálfskipting
– útvarpsfjarstýring í stýri
– sóllúga

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur" – Fifth Gear
„Best recreational 4x4" – Auto Express
„Best compact 4x4" – What Car?
„Best in class" – Channel 4
„Best Small Wagon" – Overlander Magazine

Tilboðsverð
X-Trail Elegance sjálfskiptur 2.790.000,-

Aukahlutapakki að verðmæti 120.000,-
Öllum Nissan X- TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli.

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00


Könnun ASÍ á leikskólagjöldum:

# Hærri gjöld í Garðabæ og Mosfellsbæ

**LEIKSKÓLAGJÖLD** Leikskólagjöld hafa hækkað um allt að átta prósent milli ára í Garðabæ samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands sem birt var í vikunni. Af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hækka gjöldin aðeins hjá Garðabæ og Mosfellsbæ en standa í stað eða lækka hjá öðrum.

Í úttektinni kemur fram að átta tíma vistun á leikskóla með fæði í Garðabæ kostar í dag 29.590 krónur en kostaði 27.580 fyrir ári. Til samanburðar lækkuðu sömu gjöld í Reykjavík úr 28.080 krónum í 23.130 í ár og á Akureyri úr 27.895 í 22.325.

Bilið milli hæstu og lægstu sveitarfélaganna hefur þannig aukist einkum ef litið er til forgangshópa á borð við einstæða foreldra og námsmenn. Er 85 prósenta munur nú á hæsta og lægsta gjaldi fyrir þá hópa sé miðað við landið allt. **-aöe**



**MISDÝR LEIKSKÓLAGJÖLDIN** Á flestum stöðum standa leikskólagjöld í stað milli ára.

# Ísland altengt

## SÍMI, SJÓNVARP OG NETTENGING Á HÁHRAÐA TIL ALLRA LANDSMANNA

### Kynningarfundir samgönguráðherra um Fjarskiptaáætlun til ársins 2010

*Sturla Böðvarsson samgönguráðherra mun á næstu vikum efna til kynningarfunda um Fjarskiptaáætlun til ársins 2010. Í henni eru framsækin markmið stjórnvalda um öflugri fjarskiptanet og bætt aðgengi allra landsmanna að hvers kyns fræðslu- og afþreyingarefni.*

*Fjarskiptaáætlun snertir daglegt líf allra landsmanna og skiptir atvinnulíf þeirra einnig miklu máli. Hún breytir miklu um búsetuskilyrði í dreifðari byggðum landsins og eflir tækifæri okkar til innbyrðis samskipta og alþjóðlegra tengsla.*

*Um þessar mundir er kynningarriti um Fjarskiptaáætlun dreift til allra heimila landsins.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Búðardalur** | Rauðakrosshúsið | Miðvikudagur | 18. jan | kl. 20:00 |
| **Stykkishólmur** | Fimm fiskar | Fimmtudagur | 19. jan | kl. 17:00 |
| **Ólafsvík** | Hótel Ólafsvík | Mánudagur | 23. jan | kl. 20:00 |
| **Ísafjörður** | Hótel Ísafjörður | Miðvikudagur | 25. jan | kl. 20:00 |
| **Akranes** | Hótel Barbró | Fimmtudagur | 26. jan | kl. 20:00 |
| **Blönduós** | Hótel Blönduós | Laugardagur | 28. jan | kl. 14:00 |
| **Sauðárkrókur** | Kaffi Krókur | Sunnudagur | 29. jan | kl. 15:00 |
| **Húsavík** | Veitingahúsið Salka | Þriðjudagur | 31. jan | kl. 20:00 |
| **Keflavík** | Hótel Keflavík | Miðvikudagur | 1. feb | kl. 20:00 |
| **Vestmannaeyjar** | Ásgarði Arnar | Fimmtudagur | 2. feb | kl. 20:00 |
| **Selfoss** | Hótel Selfoss | Mánudagur | 6. feb | kl. 20:00 |
| **Akureyri** | Háskólinn Akureyri | Mánudagur | 20. feb | kl. 20:00 |
| **Egilsstaðir** | Hótel Hérað | Þriðjudagur | 21. feb | kl. 20:00 |
| **Neskaupsstaður** | Egilsbúð | Miðvikudagur | 22. feb | kl. 12:00 |
| **Grindavík** | Saltfisksetrið | Fimmtudagur | 23. feb | kl. 20:00 |
| **Raufarhöfn** | Hótel Norðurljós | Mánudagur | 27. feb | kl. 20:00 |
| **Vopnafjörður** | Félagsheimilið | Þriðjudagur | 28. feb | kl. 20:00 |
| **Djúpivogur** | Hótel Framtíð | Þriðjudagur | 7. mar | kl. 20:00 |
| **Höfn** | Hótel Höfn | Miðvikudagur | 8. mar | kl. 20:00 |
| **Vík** | Víkurskáli hliðarsalur | Fimmtudagur | 9. mar | kl. 12:00 |
| **Hella** | Árhús | Fimmtudagur | 9. mar | kl. 20:00 |
| **Patreksfjörður** | Félagsheimilið | Sunnudagur | 12. mar | kl. 14:00 |
| **Ólafsfjörður** | Félgsheimilið Tjarnaborg | Þriðjudagur | 14. mar | kl. 20:00 |
| **Siglufjörður** | Bíó Café | Miðvikudagur | 15. mar | kl. 20:00 |
| **Hvammstangi** | Þinghúsbar | Fimmtudagur | 16. mar | kl. 20:00 |
| **Reykjavík** | Valhöll | Laugardagur | 18. mar | kl. 11:00 |
| **Kópavogur** | Bæjarstjórnarsalur | Þriðjudagur | 21. mar | kl. 20:00 |

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ



**SUNGIÐ Á GRÆNNI VIKU** Rússneskar þjóðlagasöngkonur frá Samara syngja við opnun alþjóðlegu landbúnaðarsýningarinnar Grænu vikunnar sem nú stendur yfir í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórar umsagnir bárust vegna nýrra reglna um símaþjónustu yfir internetið:

# Málið afgreitt á næstu vikum

**UPPLÝSINGATÆKNI** Fjórar umsagnir bárust Póst- og fjarskiptastofnun um reglur um nýja tegund símaþjónustu sem til stendur að heimila. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri stofnunarinnar, býst við að afgreiða málið á næstu vikum.

Þegar reglurnar taka gildi má gera ráð fyrir að samkeppni aukist á sviði símaþjónustu, en þær snúa að þeim skilyrðum til rekstrar símaþjónustu sem byggist á internettækni. Reglurnar gera ráð fyrir að hægt verði að flytja hefðbundin fastlínusímanúmer yfir í nýja kerfið, sem er nokkurs konar millistig milli fastlínu- og farsímakerfis.



**HRAFNKELL V. GÍSLASON** Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar býst við að reglur um nýja tegund símaþjónustu taki gildi á næstu vikum.

„Við förum yfir umsagnirnar og svo lýkur þessu með ákvörðun um hvort og þá hvernig við breytum úthlutunarreglunum, sem þá taka gildi,“ segir Hrafnkell og bætir við að ákvörðun stofnunarinnar verði ekki beint að einhverju einu fyrirtæki, þótt vera kunni að fyrirtæki kunni í kjölfarið að heimfæra vinnulag að nýjum reglum. Hann sagðist vona að stofnunin taki ákvörðun í þessum mánuði. „Og mér þykir ólíklegt að við setjum hana í umsögn, en það er þó ekki óhugsandi.“ Slíkt umsagnarferli gæti tafið nýju reglurnar um nokkrar vikur. - óká

Flugfélagið SAS:

# Taka fingraför af farþegum

**SVÍÞJÓÐ** Flugfélagið SAS byrjar í vor að taka fingraför af þeim sem skrá inn farangur í flug á vegum félagsins og fylgjast með því hvort sami maður skrái inn farangur og fer um borð í flugvélina.

Vefútgáfa Dagens Nyheter segir að mynd verði tekin af fingraförunum við innskráningu farangurs. Þegar farþeginn ætlar um borð í flugvélina verður tekin ný mynd af fingraförum hans og myndirnar bornar saman.

Til að byrja með verða fingraför tekin af öllum farþegum í innanlandsflugi í Svíþjóð, Noregi og Danmörku. - ghs



**ÍSLÖMSK DÚKKA** Fulla-dúkkan er eitt vinsælasta leikfang egygpskra telpna.

Dúkka með höfuðklút:

## Fulla eftirsóttari en Barbie

**EGYPTALAND** Brúða með hefðbundinn höfuðklút múslimakvenna vafinn um höfuð sér er mun vinsælla leikfang en Barbie-dúkkur í Egyptalandi, að sögn fréttavefs breska ríkisútvarpsins, BBC.

Fulla-dúkkan er sérhönnuð til að ná til múslimatelpna. Hún kemur íklædd hefðbundinni síðri kápu múslimakvenna, með höfuðslæðu og á sína eigin bænamottu, bleika á lit. Dúkkan er einhleyp framakona, bæði læknir og kennari, sem eru virt kvennastörf í Egyptalandi. Engin áform eru uppi um að framleiða handa henni mann svipaðan Ken, fyrrverandi kærasta Barbie. - smk

## BRETLAND

**Fjölgun í Downingstræti 11** Sarah, eiginkona Gordons Brown, fjármálaráðherra Bretlands, á von á barni í júlí, að því er talsmaður ráðherrans greindi frá í gær. Fyrir eiga þau soninn John sem er tveggja ára.

## LEIÐRÉTTING

Sú sem varð í fimmta sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Garðabæ heitir Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir. Hún sóttist eftir öðru til þriðja sæti í prófkjörinu.

# Rúmfatalagerinn í Lettlandi og Litháen

**Rúmfatalagerinn ætlar að byggja fjórar verslanamiðstöðvar í Lettlandi og Litháen á þessu ári og áformar tvær til viðbótar í Lettlandi síðar á þessu ári eða í byrjun næsta árs. Rúmfatalagerinn á fyrir fjórar, samtals 35 þúsund fermetra, verslanamiðstöðvar.**

**ÚTRÁSIN** Smáratorg, félag í eigu Jákups Jakobsen, eiganda Rúmfatalagersins, ætlar að byggja þrjár til fjórar verslanamiðstöðvar í Lettlandi og Litháen á þessu ári og áformar tvær til þrjár til viðbótar í Lettlandi síðar á árinu eða því næsta. Þetta eru framkvæmdir upp á tugi eða hundruð milljóna króna. Vinna er þegar hafin við verslanamiðstöðvarnar. Þær verða í borgunum Kaunas, Sauiliai, Marijampole í Litháen og í Ríga í Lettlandi.

Smáratorg á nú þegar fjórar verslanamiðstöðvar í þessum löndum. Þær eru í Ríga og Lepaja í Lettlandi og í Klaipeda og Alytus í Litháen. Verslanamiðstöðvarnar nýju verða 8.000-25.000 fermetrar að stærð og teljast því litlar ef miðað er við að Kringlan er um 40 þúsund fermetrar að stærð og Smáralind um 60 þúsund fermetrar. Minnsta verslanamiðstöðin verður í Marijampole og sú stærsta í Sauiliai.

Davíð Freyr Albertsson, sem hefur umsjón með uppbyggingu erlendis, segir að verslanamiðstöðvar Smáratorgs í Eystrasaltslöndunum séu nú alls um 35 þúsund fermetrar að stærð. Þær fjórar sem verði opnaðar á næstu misserum verði samtals tæplega 50 þúsund fermetrar að stærð.

Rúmfatalagerinn verður rekinn undir nafninu Jysk í öllum verslanamiðstöðvunum. Einnig verður matvörukeðja, ýmist undir nafninu Ica eða Super-Netto. Saman taka verslanir Rúmfatalagersins og matvörukeðjanna um 80-85 prósent af rýminu í minnstu verslanamiðstöðvunum. Aðrar verslanir eru yfirleitt minni. Í stærri verslanamiðstöðvunum kemur til greina að hafa stærri verslanir, til dæmis byggingavöruverslanir.

Tvær af þessum fjórum verslanamiðstöðvum, sem fyrirhugaðar eru, verða opnaðar í sumar og hinar verða opnaðar síðla árs.



**RÚMFATALAGERINN Á ÍSLANDI** Þrjár til fjórar verslanamiðstöðvar verða opnaðar í Lettlandi og Litháen á árinu og verður Rúmfatalagerinn þar inni undir nafninu Jysk. Þessi mynd er af Rúmfatalagernum í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/JYSK



**JÁKUP JAKOBSEN** Smáratorg, félag í eigu Jákups, á nú þegar fjórar verslanir í Lettlandi og Litháen.

Hugsanlegt er að það geti dregist fram í ársbyrjun 2007 að opna verslanamiðstöðina í Sauiliai.

Davíð Freyr segir að einnig sé verið að leita að staðsetningu fyrir vöruhús Jysk í Lettlandi eða Litháen.

Rúmfatalagerinn og félög í eigu sömu aðila eru með samtals sautján verslanir undir nafni Jysk í Eystrasaltslöndunum þremur.

ghs@frettabladid.is



**FLUG** Evrópudómstóllinn segir flugfélög þurfa að una því að vera gert að greiða farþegum bætur fyrir seinkanir. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Evrópsk flugfélög:

## Gert að greiða bætur fyrir tafir

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Evrópudómstóllinn hefur staðfest reglur sambandsins um bótaskyldu flugfélaga fyrir tafir og niðurfellt flug. Evrópsk lággjaldaflugfélög höfðu reynt að fá reglunum hnekkt fyrir dómi.

Reglurnar tóku gildi fyrir ári og kveða á um að verði seinkun á flugi eða falli það niður sé flugfélaginu skylt að endurgreiða farþegum allt að 44.000 krónum fyrir ónýta miða sína. Vari seinkunin tvo til fjóra tíma ber flugfélaginu að bjóða farþegunum upp á mat, en vari hún lengur en fimm tíma eiga farþegar rétt á endurgreiðslu og hótelherbergi. ■

## TÆLAND

**Ferðamönnum fjölgar** Alls komu tólf milljónir ferðamanna til Tælands á liðnu ári sem er talsvert frá þeim fimmtán milljónum sem sótt hafa landið heim árlega undanfarin ár. Ástæðan er flóðbylgjan mannskæða um jólin 2004 en vonast er til að árið 2006 verði betra.


Fyrir enn lengra komna.

2.790.000,-*




9-3 línan frá SAAB hefur slegið í gegn á Íslandi. Við kynnum nú kröftugri meðlim fjölskyldunnar: SAAB 9-3 Turbo. Kraftmeiri, sjálfskiptur og á ótrúlega skynsamlegu verði. Prófaðu SAAB 9-3 Turbo í dag.

* Skynsemin hefur aldrei verið skemmtilegri.

Beinskiptur SAAB 9-3 á 2.290.000 kr. er uppseldur eins og er. Erum að bæta á biðlistann.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab 93

SAAB

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



**LAURA Í LÍBERÍU** Bandaríska forsetafrúin Laura Bush og dóttir hennar Barbara við komuna til Monróvíu í Líberíu í gær. Erindi mæðgnanna var að vera viðstaddar embættistöku Ellen Johnson-Sirleaf, fyrstu konunnar sem kjörin hefur verið forseti Afríkuríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglar veiddu sér forföður mannkynsins til matar:

# Hættan jafnt í lofti sem á láði

**SUÐUR AFRÍKA, AP** Bandarískur mannfræðingur telur sig hafa leyst tveggja milljón ára gamla ráðgátu um banamein þriggja og hálfs árs mannapabarns: stór örn drap það og át.

„Svona rannsóknir gefa okkur góða innsýn í líf forfeðra mannkynsins, heiminn sem þeir bjuggu og hvað þeir óttuðust,“ segir Lee Berger.

Bein Taung-barnsins, mannapa sem talinn er vera af „týnda hlekknum“ svokallaða, fundust í Suður-Afríku árið 1924 og var banamein barnsins vísindamönnum lengi ráðgáta. Berger bar saman áverka á höfuðkúpu mannapabarnsins og niðurstöður nýlegrar rannsóknar á veiðiaðferðum arna í Vestur-Afríku og áverkunum sem þeir skilja eftir á höfuðkúpubeinum bráðarinnar. Þessir ernir steypa sér niður á prímata, sem eru mun stærri en fuglarnir, gata höfuðkúpur þeirra með klónum og bíða svo þar til bráðin deyr. Síðan éta þeir augun fyrst til að komast að heilanum og verða þá sams konar áverkar á beinunum og er að finna á höfuðkúpu mannapabarnsins.

Vitað er að hlébarðar og sverðkettir veiddu sér mannapa til matar, en þetta er í fyrsta sinn sem ljóst þykir að hættan stafaði einnig ofan frá. - smk



**VARÐ FUGLUM AÐ BRÁÐ** Lee Berger heldur hér á hluta höfuðkúpu Taung-barnsins, sem virðist hafa orðið stórum fugli að bráð. Höfuðkúpan er tveggja milljón ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samið um efni á ljósleiðara:

# Fast TV á Íslandsmarkað

**UPPLÝSINGATÆKNI** Evrópski sjónvarpsrisinn Fast TV og SAM-félagið hafa skrifað undir samning við Orkuveitu Reykjavíkur um að sjónvarpsstöðvar Fast TV verði aðgengilegar heimilum tengdum ljósleiðaraneti Orkuveitunnar.

Samningurinn felur í sér miðlun á efni Fast TV og SAM-félagsins, bæði sjónvarpsrásum og kvikmyndum sem hægt verður að leigja á gagnvirkan hátt í gegnum sjónvarp með einfaldri aðgerð á fjarstýringu.

Orkuveitan stefnir að því að ljúka ljósleiðaravæðingu á höfuðborgarsvæðinu á allra næstu árum. - óká

Skoðanakönnun Heims:

# Flestir treysta Degi til forystu

**STJÓRNMÁL** Flestir sem ætla að kjósa Samfylkinguna í borgarstjórnarkosningunum í vor treysta Degi B. Eggertssyni best til að leiða lista flokksins. Þetta kemur fram í nýrri könnun Frjálsrar verslunar sem gerð var 5. til 11. janúar.

Þá kom í ljós að ef gengið væri til kosninga nú fengi Sjálfstæðisflokkurinn hreinan meirihluta, 50 prósent, en Samfylkingin 37 prósent. Vinstri grænir fengju um 10 prósent. Framsókn og frjálslyndir kæmu ekki að manni. - oka

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Fagnar fylgisaukningu** Stefán Jón Hafstein, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, kveðst fagna mikilli fylgisaukningu Samfylkingar í könnun heims.is. „Þessar tölur sýna að enginn getur spáð því með vissu að d-listi nái meirihluta í vor,“ segir hann.

Kosning um sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar:

# Stjórnsýslan verði rekin á Siglufirði

**SAMEINING** Ef Siglufjarðarkaupstaður og Ólafsfjarðarbær sameinast í eitt sveitarfélag þá leggur Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) til að miðstöð stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi verði á Siglufirði. Þar verði skrifstofa bæjarstjóra og flestra lykilstarfsmanna sveitarfélagsins.

Samstarfsnefnd um sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar fól RHA að gera úttekt á hagkvæmni sameiningar og er niðurstaðan sú að kostirnir séu mun fleiri en gallarnir við sameiningu en jafnframt er bent á að erfitt verði að ná fram kostum sameiningar fyrr en eftir að Héðinsfjarðargöng verða tekin í notkun í árslok 2009.

Samtals eru nú 15 stöðugildi á bæjarskrifstofum beggja sveitarfélaga, 9,5 á Siglufirði og 5,5 í Ólafsfirði. RHA leggur til að stöðugildum í sameinuðu sveitarfélagi verði fækkað í 12. - kk



**SIGLUFJÖRÐUR** Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri leggur til að stöðugildum verði fækkað í 12.




**HASLA SÉR VÖLL Í ÚKRAÍNU** MP fjárfestingabanki keypti banka í L'viv í vesturhluta Úkraínu. Samstarf hefur verið á milli MP og Lánstrausts. Talið er að mafían hafi minni ítök í viðskiptalífinu í vesturhluta Úkraínu.

# Möguleikar í óstöðugleika

**Tvö íslensk fyrirtæki eru að hasla sér völl í Úkraínu og líklegt er að enn fleiri fyrirtæki muni hefja starfsemi þar. Pólitískur óstöðugleiki getur gefið meiri möguleika.**

**VIÐSKIPTI** Tvö íslensk fyrirtæki eru að hasla sér völl í viðskiptalífi í Úkraínu, MP fjárfestingabanki keypti banka í borginni Lviv og Lánstraust starfrækir fjármálafyrirtæki og ráðgjafar- og sölufyrirtæki og vitað er um fleiri fyrirtæki sem eru að skoða fjárfestingakosti í landinu. Það er því afar líklegt að enn fleiri fyrirtæki muni hefja starfsemi þar á næstu mánuðum og misserum.

Óli Rúnar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Direct Investment, hefur dvalist í Úkraínu í sjö mánuði til að kanna viðskiptamöguleika og afla tengsla. Hann hefur einkum skoðað fjármálamarkaðinn, framleiðslufyrirtæki og fasteignamarkaðinn og telur fjármálamarkaðinn sérstaklega áhugaverðan.

„Við höfum fína mynd af aðstæðum þarna og höfum verið að vinna úr því,“ segir Óli Rúnar. „Núna reynum við að nýta okkur þetta til að stofna til viðskipta milli Íslands og Úkraínu,“ segir hann.

„Landið hefur upp á margt að bjóða. Fyrirtækin eru að mörgu leyti vanþróuð á okkar mælikvarða en landið hefur hlutfallslega yfirburði yfir mörg önnur lönd, til dæmis í framleiðslu á þungavörum, stáli og vélbúnaði. Fyrirtækin eru að leita að tengslum við Vestur-Evrópu og jörðin þarna er mjög frjósöm.“

Úkraína hallar sér í vestur og stefnir að inngöngu í Atlantshafsbandalagið. Þjóðin hefur gert samning við Alþjóðaviðskiptastofnunina og hefjast viðræður við Evrópusambandið árið 2007. Má búast við að aðild verði á dagskránni fram til 2017.

Stjórnmálaástandið í Úkraínu er óstöðugt enda er lýðræðið í landinu ekki nema 10 ára gamalt. Jón Gunnar Zoëga, ræðismaður Úkraínu, segir að barnasjúkdómar fylgi þessu unga lýðveldi eins og eðlilegt megi teljast með „rússneska björninn“ andandi ofan í hálsmálið á þeim. Hluti íbúanna er rússneskur, býr í austurhluta landsins og talar bara rússnesku. Þetta er þeirra vandamál.“

Reynir Grétarsson, framkvæmdastjóri Lánstrausts, kveðst óhræddur við óstöðugleikann í landinu og telur að það gefi bara enn meiri möguleika fyrir íslensku fjárfestana. „Það getur þýtt betri fréttir fyrir þá sem vilja fara þarna inn því að margir þora ekki,“ segir hann.

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Útflutningsráðs, kannast við að mikill áhugi ríki á Úkraínu meðal íslenskra fjárfesta, það sýni kannanir Útflutningsráðs. Áhuginn sé svo mikill að stefnt sé að því að senda þangað viðskiptasendinefnd á næstu misserum enda hafi fjárfestar lýst þeim vilja sínum.



**ÓLI RÚNAR ÁSTÞÓRSSON** „Við höfum fína mynd af aðstæðum þarna og höfum verið að vinna úr því,“ segir Óli Rúnar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Direct Investment. Óli Rúnar hefur dvalist í sjö mánuði í Úkraínu og stofnað til tengsla til að koma á viðskiptum milli Íslands og Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

ghs@frettabladid.is



Prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningar í Kópavogi:

# Átta karlar og sjö konur í framboði

**PRÓFKJÖR** Fimmtán gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi sem verður á laugardag, átta karlar og sjö konur.

Gunnar I. Birgisson stefnir sem fyrr á að leiða listann, aðrir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnsteinn Sigurðsson og Sigurrós Þorgrímsdóttir, gefa einnig kost á sér utan Höllu Halldórsdóttur.

„Ég hef verið í bæjarmálunum í tólf ár núna í vor. Það er svo margt annað sem ég vil fara að gera,“ segir Halla. Hún vilji hleypa nýju fólki að en hafi þó tekið ákvörðunina með sjálfa sig í huga. „Ég get ekki lofað að ég sé hætt öllu pólitísku starfi. Maður segir víst aldrei nei við svoleiðis.“

Þátttakendur í prófkjörinu þurfa að vera fullgildir félagar í Sjálfstæðisfélaginu í Kópavogi og hafa náð sextán ára aldri. Þeir sem eiga kosningarrétt í kjördæminu við kosningarnar í maí geta einnig kosið í prófkjörinu. - gag



**GUNNAR I. BIRGISSON** Aðeins bæjarstjórinn stefnir á að leiða lista sjálfstæðismanna næsta vor.

**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR Í KÓPAVOGI**

| | |
|---|---|
| 1. sæti | Gunnar I. Birgisson |
| 2. sæti | Ármann Kr. Ólafsson |
| | Bragi Michaelsson |
| | Gunnsteinn Sigurðsson |
| | Jóhanna Thorsteinson |
| 3. sæti | Gísli Rúnar Gíslason |
| | Margrét Björnsdóttir |
| | Sigurrós Þorgrímsdóttir |
| 4. sæti | Ingimundur Kristinn Guðmundss. |
| 4.-5. sæti | Ásthildur Helgadóttir |
| | Ragnheiður Kr. Guðmundsdóttir |
| 5. sæti | Lovísa Ólafsdóttir |
| 5.-6. sæti | Gróa Ásgeirsdóttir |
| | Hallgrímur Viðar Arnarson |
| 6. sæti | Pétur Magnús Birgisson |



**GRÆNN GRÍS** Genabreyttur grís sést hér ásamt eðlilegum grís á rannsóknastöð í Taipei á Taívan. Þegar genabreytti grísinn var á fósturstigi var sprautað í hann sjálflýsandi grænu prótíni. Hann er því grænn út í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MATTI NYKÄNEN** Ein skærasta íþróttastjarna Finna á níunda áratugnum. NORDICPHOTOS/AFP

Frægasti skíðastökkvari Finna:

## Kvikmynd gerð um rónalíf

**FINNLAND** Finnar hafa gert kvikmynd um þjóðhetju sína og einn fremsta skíðastökkvara allra tíma, Matti Nykänen, að sögn Aftenposten. Nykänen var í fremstu röð skíðastökkvara á níunda áratugnum og vann þá til fjölda gullverðlauna á heimsvísu.

Nykänen vakti heimsathygli fyrir drykkju, taumlausar skemmtanir og ofbeldi meðan á skíðakeppni stóð. Ferli hans lauk snemma á tíunda áratugnum og starfaði hann þá um tíma sem fatafella. Ferill hans hefur einkennst af drykkju, ofbeldisverkum og ítrekaðri fangelsisvist. - ghs

Tilræðismaður páfa:

## Ef til vill sleppt fyrir mistök

**TYRKLAND, AP** Grunur leikur á að Tyrkjanum Mehmet Ali Agca hafi verið sleppt úr fangelsi fyrir mistök, en hann sat inni í rúm 25 ár fyrir að sýna Jóhannesi Páli II páfa banatilræði í Róm árið 1981. Tyrknesk dagblöð höfðu eftir dómsmálaráðherra landsins að hann kynni að þurfa að sitja inni í ellefu mánuði enn fyrir morð á tyrkneskum blaðamanni.

Skömmu eftir að Agca var látinn laus sl. fimmtudag fyrirskipaði dómari endurskoðun á máli Agca sem vék sér undan lögboðinni herskyldu og strauk úr herfangelsi á áttunda áratugnum. Hann er þó frjáls ferða sinna uns áfrýjunardómur ákveður annað. ■

Fórnarlömb kynferðisbrota:

## Ofbeldi frekar talið afbrot

**OFBELDI** Þeir sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi eða hótunum líta frekar á það sem afbrot en þeir sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti. Þetta kemur fram í niðurstöðum Alþjóðlegu fórnarlambarannsóknarinnar.

Rúmlega helmingur þeirra sem urðu fyrir kynferðisbroti á árinu 2000 leit á atvikið sem afbrot eða 53 prósent meðan tæplega 62 prósent sem höfðu verið beittir líkamlegu ofbeldi eða verið ógnað litu á það sem afbrot. - ghs




## „ORÐRÉTT“

### *Flytja þá konurnar ekki burt?*

**„Þetta er ekki lengur prófkjör sjálfstæðismanna í Garðabæ heldur er þetta prófkjör sjálfstæðismanna í karlabæ.“**

LAUFEY JÓHANNSDÓTTIR BÆJARFULLTRÚI Í GARÐABÆ UM SNAUTLEGA ÚTKOMU KVENNA Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Ég er frábær*

**„Það er sama hvar borið er niður í menntamálum þjóðarinnar, staðan hefur aldrei verið betri.“**

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA Í GREIN UM HÁSKÓLA Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SALMANN TAMIMI FORMAÐUR FÉLAGS MÚSLIMA Á ÍSLANDI

# *Buxurnar þrengdust á pílagrímahátíð*



„Það er huggun harmi gegn að nú eru útsölur í fullum gangi og ég get keypt mér nýjar og víðari buxur en þær eru orðnar svolítið þröngar eftir lambakjötsátið síðustu daga,“ segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi. „Pílagrímahátíð okkar lauk í gær en þá er siður að fórna lambi og taka svo vel til matar síns á þessari hátíð sem stendur í fjóra daga. Reyndar bjóða aðstæður ekki upp á að maður fórni lambi hér en öðru máli gegnir um neysluna, það er alveg hægt að borða á sig gat. Á laugardaginn komu níu fjölskyldur saman af þessu tilefni og við skiptumst á gjöfum eins og lög gera ráð fyrir. En þetta er ekki bara húllumhæ, við erum í raun að minnast fórnar Abrahams og þess þegar hann fórnaði lambi í stað sonar síns Ísmaels.“

En sú hátíð sem nú stendur fyrir dyrum leggst ekki alveg jafn vel í Salman enda varla von að maður sem alinn er upp í Jerúsalem gamni sér við að rífa í sig súra hrútspunga og að kyrja Þorraþrælinn. „Menn borða reyndar svið og hrútspunga í Jerúsalem en þó ekki súra. Hins vegar ætti bara að banna þennan illa lyktandi hákarl,“ segir Salmann og skellihlær. „Ég er nú búinn að vera hér svo lengi að ég fer á þorrablót en fæ mér þá bara harðfisk og svið og raula jafnvel með þegar söngvar eru sungnir,“ segir Salmann að lokum.

Skákþing Reykjavíkur:

# Þorvarður og Stefán efstir

Stefán Kristjánsson og Þorvarður Fannar Ólafsson eru efstir og jafnir eftir fjórar umferðir á Skákþingi Reykjavíkur - Skeljungsmótinu. Báðir hafa unnið allar sínar skákir.



Stefán sigraði Stefán Frey Guðmundsson í fjórðu umferð og Þorvarður lagði Sigurð Daða Sigfússon. Bragi Þorfinnsson og Jón Viktor Gunnarsson gerðu jafntefli en þeir koma í næstu sætum ásamt Hjörvari Steini Grétarssyni sem vann Hrannar Baldursson í fjórðu umferð.

Sigur Þorvarðar á Sigurði Daða var nokkuð óvæntur og eins jafntefli Ingvars Ásbjörnssonar og Lenku Ptacnikova.

Fimmta umferð mótsins verður tefld á morgun í félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur við Faxafen og setjast menn að tafli klukkan 19.

**STAÐA EFSTU MANNA**

| | |
|---|---|
| **1-2** | |
| Stefán Kristjánsson | 4 |
| Þorvarður Fannar Ólafsson | 4 |
| **3-5** | |
| Jón Viktor Gunnarsson | 3.5 |
| Bragi Þorfinnsson | 3.5 |
| Hjörvar Steinn Grétarsson | 3.5 |

# Ljómandi ljósaundur í 100°

**Yfir eitt hundrað ljósker og hugmyndir að þeim eru nú til sýnis í Galleríi 100° í Orkuveituhúsinu. Sýningin er hluti af hönnunarsamkeppni um ljósker 2005 sem tímaritið Ljós, Orkuveita Reykjavíkur og Ljóstæknifélag Íslands stóðu fyrir í lok síðasta árs. Markmið keppninnar var að auka áhuga á hönnun góðrar lýsingar og ljóskerja.**

Síðastliðinn föstudag voru afhent verðlaun í keppninni í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur. Massimo Santanicchia arkitekt átti vinningstillöguna og fékk hálfa milljón króna til áframhaldandi þróunar á ljóskerinu. Hugmynd Massimo er aðeins til á blaði líkt og flestar þær tillögur sem unnu til verðlauna. Smágerðar ljósdíóður, eða ljósvistar, voru mikið notaðar í keppninni en þær eru smáar, gefa frá sér mikið ljós en engan hita. Þannig gat Massimo gert ljósker sitt mjög þunnt, aðeins fimmtán millimetra og ljósgjafinn er hulinn 50 cm hringlaga formi sem svífur eins og frisbee-hringur sem hangir í þremur þráðum er færa einnig rafstraum niður í ljósvistana. Ljóskerið býður upp á fjölbreytileika í litum ljóssins.

Gríðarlegur áhugi var á samkeppninni en alls skráðu 250 manns þátttöku sína en um hundrað skiluðu inn tillögum. Sýning stendur yfir í Galleríi 100° til 20. febrúar og geta gestir og gangandi litið ljómandi ljós til þess tíma.



**PÍNUPONSU TILRAUNALJÓS** Þessi hugmynd þótti sniðug og hlaut viðurkenningu sem slík. Örlítil ljósdíóða er í glerstaut sem líkist helst tilraunaglasi. Þegar þrýst er á gúmmítappann lýsist glerið upp.



**BESTA HUGMYNDIN** Hugmynd verðlaunahafans Massimo Santanicchia arkitekts þótti best og sést hún hér á bakvið hann.



**LÝSANDI SKÁL** Þessi leirskál með glersalla og hrosshári er hreinasta listaverk.



**ÚT Í BLÁMANN** Einföld en smart hugmynd. Venjuleg ljósapera bakvið blátt plexígler.



**LJÓMANDI GRÝLUKERTI** Þessi öfugu grýlukerti voru mótuð úr fljótandi pólýester og lýst upp með ljósdíóðu. Þessi ljósker myndu sóma sér jafnt á borði, vegg eða í lofti.




Iðandi menningarlíf í Bolungarvík:

# Listamenn leynast víða

„Hér hafa miklir myndlistahæfileikar uppgvötvast hjá ólíklegasta fólki,“ segir Valdís Hrólfsdóttir, umsjónarmaður Listasmiðjunnar á Bolungarvík. Hún segir að aðsóknin hafi verið gríðarlega góð frá því að smiðjan fór af stað fyrir tveimur árum. „Hér hafa um 50 manns fengið útrás fyrir sköpunargleðina á síðustu þremur mánuðum og á sama tíma höfum við fengið fjölda heimsókna en það hefur þó aðeins dregið úr aðsókninni eftir hátíðirnar,“ bætir hún við.

Bolungarvíkurbær starfrækir listasmiðjuna ásamt Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða í svokölluðu Þróttarahúsi þar í bæ. Að sögn Guðrúnar Stellu Gissurardóttur, forstöðumanns Svæðisvinnumiðlunarinnar, er markmiðið með þessari listasmiðju að skapa atvinnu í bænum og að rjúfa félagslega einangrun en fáir staðir eru í bænum þar sem fólk getur hist eftir vinnu. Sérlega var þetta hugsað, að sögn Guðrúnar Stellu, fyrir þá sem eru atvinnulausir.

Mikið myndlistarlíf er í Bolungarvík en þar hafa nokkrir íslenskir sem og erlendir myndlistarmenn aðstöðu sína. Þegar blaðamann bar að garði voru einnig krakkar að nema þessa list hjá kolumbísku myndlistarkonunni Sofiu Botero sem dvaldi þar um nokkurt skeið. - jse



**KATRÍN PÁLSDÓTTIR OG VALDÍS HRÓLFSDÓTTIR** Katrín var komin í Listasmiðjuna til að vinna að glerlistaverki en Valdís móðir hennar hefur umsjón með starfseminni.



Allt að
70%
afsláttur

STÓRÚTSALA



Hágæða parket, flísar, hurðir og baðvörur, á verði sem byggjandi er á





Egill Árnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

Þegar innrétta á fallegt heimili

## Svona erum við

> Þorsk- og ufsaafli í desember 2004 og 2005, í tonnum.




Bráðabirgðatölur úr Lóðs. Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SYKURSÝKI 2

# *Stafar oft af óæskilegu líferni*



Umræða um sykursýki hefur farið hátt um helgina eftir fréttir af því að vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hefðu fundið erfðabreytieiginleika sem tengist sykursýki af gerð 2 sem öðru nafni kallast insúlínóháð sykursýki eða öldrunarsykursýki. Þessi sykursýki er með aukinni velmegun orðin eitt mesta heilbrigðisvandamál Vesturlanda.

**Hvað er insúlínóháð sykursýki?**

Þessi tegund sykursýki er stundum kölluð fullorðinssykursýki til aðgreiningar frá insúlínháðri sykursýki, tegund 1 sem er algengust hjá ungu fólki og börnum. Þar er um algjöran insúlínskort í brisinu að ræða en í tegund 2 er briskirtillinn búinn að hægja á starfsemi sinni og framleiðir ekki nægjanlega mikið insúlín. Enn fremur geta frumur líkamans hafa minnkað næmi fyrir insúlíni þannig að það nýtist ekki. Við það hækkar blóðsykurinn og ef hann er mjög hár, ná nýrun ekki að losa sig við hann og skilur hann því út með þvagi.

**Hvernig verður þessi sykursýki til?**

Insúlínóháð sykursýki er erfðatengdur sjúkdómur sem oft leysist úr læðingi vegna óæskilegra lifnaðarhátta. Það getur verið offita eða hreyfingarleysi, eða bæði. Insúlínóháð sykursýki er algengust hjá fullorðnu fólki, sem er yfir kjörþyngd. Vanalega er ekki nauðsynlegt að meðhöndla sjúkdóminn með insúlíngjöf þótt það komi fyrir. Oft er nóg að sjúklingurinn neyti rétts mataræðis eða taki töflur, sem lækka blóðsykurinn.

**Hver eru einkennin?**

Þau geta verið margvísleg en þau helstu eru þreyta, þorsti, tíð þvaglát, þyngdartap í kjölfar lítillar matarlystar, kláði umhverfis kynfæri og aukin hætta á sýkingum í húð, munni eða leggöngum.

**SPURT & SVARAÐ**

PRÓFKJÖR

## *Í höndum flokksfélaga*



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR**
Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks

Konur í Sjálfstæðisflokknum í Garðabæ fengu ekki góða kosningu um helgina þegar valið var á lista flokksins fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar. Sjö buðu sig fram á móti fimm körlum. Þeir hrepptu hins vegar fjögur efstu sætin. Arnbjörg Sveinsdóttir er þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks

**Af hverju hafnar Sjálfstæðisflokkurinn fléttulistum?** Mikil umræða hefur verið um þessi mál innan flokksins og niðurstaðan hefur verið að halda okkur við prófkjör. Auðvitað erum við ekki alltaf ánægð með niðurstöðuna, en þetta eru þó lýðræðisleg vinnubrögð.

**Þyrfti að vera hægt að bregðast við raðist aðeins annað kynið í efstu sæti listanna?** Það kemur mjög vel til greina. Við íhugum það í hvert skipti sem almenn óánægja er með niðurstöðuna. En auðvitað er það þannig að hvert flokksfélag ræður því hvaða leiðir eru farnar.

# Prófkjör er þunnt lýðræði

**Oftar en ekki hefur það sýnt sig að konur eiga erfitt uppdráttar í hefðbundnum prófkjörum eins og sást í Garðabæ þar sem karlarnir röðuðu sér í efstu sæti listans en konurnar í þau neðstu.**



**ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR DÓSENT Í KYNJAFRÆÐUM** Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar í prófkjörum eru yfirborðsleg og ná ekki að endurspegla margbreytileika samfélagsins, segir Þorgerður.

Ljóst má vera af niðurstöðum prófkjörsins í Garðabæ að listi Sjálfstæðismanna í bæjarfélaginu við bæjarstjórnarkosningar í vor verður ansi einsleitur með fjóra karla í efstu sætum og konur í sætunum þar fyrir aftan. Niðurstaðan er sérlega athyglisverð fyrir þær sakir að af tólf sem gáfu kost á sér í prófkjörinu voru sjö konur og fimm karlar. Þetta þýðir það líka að haldi flokkurinn fylgi sínu frá síðustu kosningum mun engin kona sitja í bæjarstjórn Garðabæjar af hálfu hans á næsta kjörtímabili.

„Niðurstaðan er áfall fyrir konur og áfellisdómur. Konum er hafnað í prófkjörinu,“ sagði Laufey Jóhannesdóttir, núverandi bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og forseti bæjarstjórnar þegar úrslit lágu fyrir.

**Einhverjar skýringar?**

En hvaða skýringar eru á þessu og hvað er til ráða til að framboðslistar gefi raunsannari mynd af samfélaginu?

Baldur Þórhallsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að svo virðist að einhverra hluta vegna eigi konur erfitt uppdráttar í prófkjörum hjá Sjálfstæðisflokknum, það sýni niðurstöðurnar í Garðbæ um helgina og raunar líka niðurstöður prófkjörsins í Reykjavík í haust, sem Baldur segir að hafi alls ekki verið eins góðar fyrir konur eins og flokkurinn lætur í veðri vaka.

„Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir Sjálfstæðisflokkinn, þótt erfitt sé að ákvarða með hvaða hætti öðrum á að stilla upp á lista. Það er í raun mjög lýðræðisleg leið að boða til prófkjörs, uppstillingu fylgja oft enn meiri átök en prófkjöri. Þessi niðurstaða er hins vegar ekki vænleg til árangurs þegar komið er til kosninga,“ segir Baldur.



**BALDUR ÞÓRHALLSSON DÓSENT Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI** Niðurstaða prófkjörs eins og í Garðabæ er lýðræðisleg en ekki vænleg til árangurs í kosningum, segir Baldur.

**Áríðandi að ræða kynjameðvitund**

Þorgerður Einarsdóttir dósent í kynjafræðum við Háskóla Íslands tekur í sama streng og segir úrslitin í Garðabæ endurtekningu á því sem gerðist hjá flokknum í Reykjavík fyrir síðustu alþingiskosningar. „Ég held að þegar menn fara hugsunarlaust út í prófkjör fari einhver gömul sjálfstýring í gang, það er alveg fráleitt að þessi niðurstaða sýni að þessar konur í Garðabæ séu óhæfar,“ segir Þorgerður.

Hún segir nauðsynlegt að ræða það í fullri alvöru að kyn skiptir máli í stjórnmálum. „Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að þessi vídd skiptir máli og það þarf að ræða hana,“ segir hún og bætir því við að hún telji að þessi kynjameðvitund geti skilað því sama og kynjakvóti og fléttulistar. „Kynjameðvitund skilar því að menn fara að koma auga á hæfileika kvenna og þetta er eitt af því sem skiptir máli þegar valið er á lista, eitt er að horfa til málaflokka og í kjördæmum horfa menn til dæmis á skiptingu milli staða, annars endurspeglar listinn ekki fólkið í kjördæminu. Og menn verða að fara að horfast í augu við það að kyn er ein af þessum breytum sem greinir fólk að,“ segir Þorgerður.

Baldur segir að svo virðist sem að almennt í Vestur-Evrópu eigi konur erfiðar uppdráttar í prófkjörum en karlar. Hann tekur dæmi frá Bretlandi um það hvernig tekið var á þessum vanda en þar gerðist það ítrekað í einmenningskjördæmunum að konur náðu einfaldlega ekki kjöri í prófkjörum.

„Verkamannaflokkurinn greip þá til þess ráðs að setja í tilteknum fjölda kjördæma upp lista með konum eingöngu, karlarnr fengu einfaldlega ekki að vera með á listanum. Þetta stórjók hlutfall kvenna á breska þinginu, en það þurfti þetta róttækar aðgerðir til,“ segir hann.

**Eru prófkjör lýðræðisleg?**

En eru prófkjör þá ekki eins lýðræðisleg leið til að velja fólk á framboðslista og talið hefur verið?

„Þetta er ein tegund af lýðræði en til eru fræðimenn sem kalla þetta þunnt lýðræði, það er lýðræði að forminu til en ekki inntaki. Vissulega er formlegt val milli frambjóðenda en þau sjónarmið sem liggja til grundvallar eru yfirborðsleg og ná ekki að endurspegla margbreytileikann,“ segir Þorgerður Einarsdóttir.



FRÉTTASKÝRING
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið





Skólinn varðar okkur öll

Kynningarfundur
Starfsáætlun leik- og grunnskóla 2006
verður kynnt og rædd
miðvikudaginn 18. janúar kl. 20:00
Fríkirkjuvegi 1 (Miðbæjarskólanum)

Stefán Jón Hafstein formaður menntaráðs og
Gerður G. Óskarsdóttir sviðsstjóri Menntasviðs
gera grein fyrir stefnumiðum í skólastarfi borgarinnar.

Allir velkomnir

Menntasvið hefur yfirumsjón með faglegu starfi og rekstri
38 grunnskóla og 78 leikskóla.
Þar vinna hátt á fimmta þúsund manns að því að mennta
21.000 börn og unglinga.

Sjá drög að starfsáætlun 2006 á
www.menntasvid.is




# Sumar 2006

**Sumarbæklingur Terra Nova er fullur af spennandi nýjungum fyrir sumarfríið 2006. Terra Nova býður Íslendingum sumarleyfisferðir til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu sem er orðinn einn af vinsælustu áfangastöðum Evrópu og hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendungum. Salou á Costa Dorada ströndinni sunnan Barcelona hefur notið mikilla vinsælda vegna fjölbreytileika svæðisins, en þar finna allir í fjölskyldunni eitthvað við sitt hæfi. Einnig bjóðum við nú beint vikulegt flug til perlu Adríahafsins Portoroz í Slóveníu og til Bibione á Ítalíu, einnar allra bestu sólarstrandar Ítalíu. Margir Íslendingar kannast við Bibione frá því á árum áður en þar hefur mikil uppbygging átt sér stað undanfarin ár. Á Bibione eru í boði glæsilegir, nýjir gististaðir og frábær aðstaða fyrir einstaklinga og fjölskyldur í sumarfríinu.**
**Bókaðu sumarfríið núna og tryggðu þér bestu gististaðina og lægsta verðið í spennandi ferð með Terra Nova í sumar.**





***Búlgaría*** *frá kr. 29.990*
*Sló í gegn - yfir 1.300 sæti seld.*



***Salou*** *frá kr. 42.995*
*Sólarperlan á Costa Dorada*



***Bibione*** *frá kr. 49.995*
*Ein glæsilegasta sólarströnd Ítalíu*



***Portoroz*** *frá kr. 58.595*
*Perlan við Adríahafið*

**Bókaðu núna á www.terranova.is**

*Barcelona París*
*Düsseldorf München*

*Kynntu þér sumarbækling Terra Nova*



ENNEMM / SÍA / NM20021

*Mundu MasterCard ferðaávísunina!*

**Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is**
**Akureyri sími: 461 1099 · Hafnarfjörður sími: 510 9500**

**TERRA NOVA -SPENNANDI VALKOSTUR**

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Karlar í efstu sætum Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ.

## Konurnar í „Karlabæ“

Þrátt fyrir að sjö konur byðu sig fram í prófkjöri sjálfstæðismanna í Garðabæ á móti fimm körlum var eftirtekja kvennanna harla rýr, því þær eru ekki meðal fjögurra efstu í prófjörinu. Ein þeirra kvenna er þó sitjandi forseti bæjarstjórnar Garðabæjar. Úrslitin hljóta að hafa vakið forystumenn Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ til umhugsunar um framtíð og gengi flokksins í væntanlegum sveitarstjórnarkosningum í vor, ekki síst vegna þess að í síðustu kosningum var kona í efsta sæti listans, og það hefur væntanlega ráðið einhverju um að sjálfstæðismenn héldu meirihlutanum í stjórn bæjarfélagsins.

*Prófkjör eiga að bera vott um að lýðræðið sé í heiðri haft, en reynslan hefur nú sýnt að það eru einkum þeir sem hafa yfir að ráða vel smurðum kosningavélum sem fara þar með sigur af hólmi og svo óumdeildir foringjar innan stjórnmálaflokkanna.*

Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem konur verða illa úti í prófkjöri sjálfstæðismanna, því þess er skemmst að minnast að þær báru skarðan hlut frá borði í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar síðustu. Voru þó þar á meðal konur sem getið höfðu sér gott orð í stjórnmálabaráttu Sjálfstæðisflokksins á landsvísu, en þær áttu ekki upp á pallborðið hjá þeim sem tóku þátt í prófkjörinu. Reyndar hefur hlutur kvenna í þingflokki Sjálfstæðisflokksins batnað töluvert vegna breytinga sem urðu á þingliðinu með brotthvarfi Davíðs Oddssonar og að Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, situr nú ekki á þingi.

Það er ár og dagur síðan sjálfstæðismenn í Garðabæ efndu síðast til prófkjörs til að velja fulltrúa á lista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar, eða um 28 ár, en af einhverjum ástæðum hafa þeir talið heppilegt að efna til prófkjörs nú. Prófkjör eiga að bera vott um að lýðræðið sé í heiðri haft, en reynslan hefur nú sýnt að það eru einkum þeir sem hafa yfir að ráða vel smurðum kosningavélum sem fara þar með sigur af hólmi og svo óumdeildir foringjar innan stjórnmálaflokkanna. Af fréttum að dæma þá var mikið um smölun hjá sjálfstæðismönnum í Garðabæ á laugardag og fjölmargir skráðu sig í flokkinn.

Bæði formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna og forseti bæjarstjórnar hafa lýst miklum vonbrigðum með útkomu kvenna í prófkjörinu. Önnur þeirra sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær, að þarna væri um að ræða slys sem ætti ekki að gerast, og hin að útkoman væri áfall og konum hefði verið hafnað. Laufey Jóhannssdóttir, núverandi forseti bæjarstjórnar, sagði enn fremur að „þetta [hefði] verið prófkjör sjálfstæðismanna í karlabæ“.

Ekki er ólíklegt að úrslitin í prófkjörinu í Garðabæ um helgina hafi einhver áhrif á úrslit prófkjörs sjálfstæðismanna í Kópavogi sem fram fer um næstu helgi. Þar efast líklega enginn um úrslitin hvað varðar fyrsta sætið, en óneitanlega hljóta sjónir manna að beinast að skipan annarra sæta þar. ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vakandi

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra á hrós skilið fyrir tvennt þessa dagana. Annars vegar fyrir hve dugleg hún er að taka til varna í fjölmiðlum þegar gerðar eru athugasemdir við stefnu hennar og vinnubrögð. Mættu fleiri ráðherrar vera jafn vakandi og hún að þessu leyti. Auðvitað er það alltaf álitamál hvenær ráðherrar eiga að svara gagnrýni, en það er traustvekjandi að sjá að menntamálaráðherra fylgist með almennum umræðum um málaflokk sinn og lætur sig varða þau margvíslegu sjónarmið sem þar koma fram. Segja má að hún feti að þessu leyti í fótspor fyrirrennara síns, Björns Bjarnasonar, sem haft hefur það fyrir venju að bregðast við nær allri gagnrýni sem að honum er beint. Velta má þó því sér fyrir sér hvort ekki sé heppilegra að ráðherrann dreifi greinum á milli dagblaðanna, þó ekki væri nema vegna þess að fleiri kjósendur sjá *Fréttablaðið* en *Morgunblaðið*.



### Samráð

Hins vegar er ástæða til að hrósa ráðherranum fyrir viðleitni til að ástunda „umræðustjórnmál“ eða samráðsstjórnmál. Þau hafa því miður ekki verið hátt skrifuð hjá öllum í Sjálfstæðisflokknum. Ýmsir forystumenn flokksins ætla að rifna af hneykslun þegar orðið er nefnt; það minnir þá á Ingibjörgu Sólrúnu og Samfylkinguna. En í lýðræðisþjóðfélagi er samráð nauðsynlegt til að halda frið og ná ásættanlegri niðurstöðu. Í hinu erfiða fjölmiðlamáli hefur Þorgerður Katrín ástundað virðingarvert samráð við stjórnarandstöðuna. Í síðustu viku virtist sem það ferli væri í uppnámi en ráðherranum tókst að finna lendingu sem sátt er um – og er raunar skynsamlegri en upphaflegu áformin. Ekki verður skipuð ný fjölmiðlanefnd heldur munu sérfræðingar á vegum ráðuneytisins semja tillögur í málinu sem bornar verða undir alla þingflokka.

### Erfitt ráðuneyti

Menntamálaráðuneytið er eitt erfiðasta verkefni sem nokkur stjórnmálamaður getur tekið að sér. Að minnsta kosti gildir það um þá stjórnmálamenn sem hafa metnað til að gera breytingar sem koma við marga og hreyfa við miklum hagsmunum eins og Þorgerður Katrín hefur til dæmis sýnt í framhaldsskólamálinu. Ráðherrar menntamála verða því að búa við meira álag og gagnrýni, sem oft er ósanngjörn, en flestir aðrir stjórnmálamenn.

gm@frettabladid.is

## Sæl elskan, takk vinan

Í DAG
ÁVÖRP



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Í þessum flokki ber fyrst að nefna eignarfornöfnin: mín og minn, nafnorðin: vinan og vinur og síðast en ekki síst þetta orð elskan, sem er jafn fallegt úr munni þess sem má nota það og það er óþolandi úr munni þess sem ekki hefur þann sess í lífi manns eða konu.*

„Þangað sækir klárinn þar sem hann er kvaldastur.“ Það er kannski ekki alveg rökrétt en þetta orðatiltæki kom mér þó í hug þegar ég velti fyrir mér ákveðinni hegðun fólks og þá kannski sérstaklega kvenna. Við þessar elskur erum nefnilega ekki alltaf alveg í lagi.

Þeir eru til sem halda því fram að konur hafi náð fullu jafnrétti hér á landi. Sumir eru jafnvel þeirrar skoðunar að ungir og að verða miðaldra karlar eigi undir högg að sækja því konur gangi alls staðar fyrir og til sannindamerkis um þetta er gjarnan vísað til kynjasamsetningar embættismanna Reykjavíkurborgar. Ég hef ekki gert neina könnun á embættismönnum Reykjavíkurborgar og tel það reyndar óþarft til að staðhæfa að konur hafa ekki náð fullu jafnrétti, eiga enn nokkuð í land og mega hvergi slaka á í kröfum sínum og atferli til að ná og síðan halda rétti sínum.

Framkoma fólks gagnvart hvert öðru skiptir miklu máli. Með framkomu og ávarpsorðum er auðvelt og algeng aðferð að setja fólki mörk eða skipa því á bás. Í gamla daga gegndu þéringar þessu hlutverki, ákveðinni fjarlægð var haldið í samskiptum manna á milli með þéringum. Ég er svo gömul að við þéruðum kennarana okkar í Menntaskólanum í Reykjavík, svo liðu tvö ár og ég fór í Háskóla Íslands og þá tíðkaðist sá siður ekki þar, það tók mig nokkurn tíma að venjast því að segja þú við prófessorana. Þessi upprifjun skiptir engu máli og ekki hvarflar að mér að sakna þéringa, hinu neita ég ekki að stundum finnst mér fólk vaða á skítugum skónum hvert yfir annað með ávarpsorðum sem notuð eru.

Það er engin einföld regla í þessum efnum fremur en svo mörgum öðrum. Þó þori ég að fullyrða að sum orð ber að forðast fremur en önnur til þess að þeirri eða þeim sem talað er við finnist ekki talað niður til sín. Í þessum flokki ber fyrst að nefna eignarfornöfnin: mín og minn, nafnorðin: vinan og vinur og síðast en ekki síst þetta orð elskan, sem er jafn fallegt úr munni þess sem má nota það og það er óþolandi úr munni þess sem ekki hefur þann sess í lífi manns eða konu. Ó, að lífið væri svo einfalt að þessi leiðbeining nægði. En það er nefnilega síður en svo því það er aldeilis allt í lagi að sumt fólk, og jafnvel nánast ókunnugt, noti öll þessi orð, konu finnst ekkert athugavert við það og stundum bara svolítið vænt um það, en þá er líka alveg ljóst að engin undirmál eru í gangi.

Þó ég láti e.t.v. að því liggja hér að framan að þessi hegðan bitni jafnt á konum sem körlum, þá er það nú einungis af einhverjum hvötum til að reyna að egna ekki til úlfúðar á milli kynjanna um þetta málefni. Ég hlýt hins vegar að viðurkenna að ég meina ekkert með því og tel að það séu fyrst og fremst konur sem talað er niður til á þennan hátt. Og því minntist ég á klárinn hér í upphafi, að við konur sem erum búnar að yggla okkur framan og aftan í karla sem tróna yfir okkur í vinnunni meðal annars með því að kalla okkur vinurnar og elskurnar, erum svo síst skárri þegar við komum saman og getum sjálfar sett umgengnisreglurnar. Hvað gerist þegar við konur lendum í kvennaselskap, vinnum saman, erum saman á fundum, á kennarastofunni eða bara einhvers staðar í starfserindum en ekki vinskapar, hvernig ávörpum við og tölum hver við aðra? Svo óskiljanlegt sem það nú er þá heldur þetta gjarnan áfram. Við erum áfram „elskur“, „mín“ og „þín“ left, right og center. Þetta er náttúrlega alveg ófært.

Ég velti fyrir mér hvað er til ráða. Datt fyrst í hug hvort Björgúlfur gæti gert eitthvað, kannski keypt eitthvað, selt eitthvað eða bara borgað eitthvað, en svo komst ég að því að það væri ekki til neins. Eina ráðið er að biðja bæði konur og karla að sýna aðgát í nærveru sálar og nota aðrar aðferðir til að auka status sinn eða festa hann í sessi en að tala niður til fólks. ■




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.50 | 13.38 | 16.26 |
| Akureyri | 10.54 | 13.22 | 15.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

heilsa o.fl.

**Gönguskíði**
Tími kominn til að dusta rykið af gönguskíðunum
BLS. 2



heilsa o.fl.

**Nýr heilsupistill**
Borghildur Sverrisdóttir einkaþjálfari og þolfimikennari
BLS. 3



FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL.


*Góðan dag!*
Í dag er þriðjudagurinn 17. janúar
17. dagur ársins 2006.

**KRÍLIN**




**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Trommuleikur krefst bæði líkamlegrar hreyfingar og andlegrar þjálfunar, að sögn Halls.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Trommuleikur er helsta líkamsræktin

***Hallur Ingólfsson tónlistarmaður heldur sér í formi með því að lemja húðir og labba í vinnuna og slakar svo á með lestri bóka í heitu baði.***

„Það er aðallega trommuleikur og gönguferðir sem ég mæli með. Ég tel að það ætti að vera trommusett á hverju heimili. Bæði er það góð líkamleg hreyfing að leika á það og líka andleg þjálfun, endurnærandi og styrkjandi. Auk þess er það nokkuð sem kemur manni í gott skap,“ segir Hallur brosandi og er greinilega í ágætu andlegu jafnvægi þegar hann er beðinn að lýsa helstu aðferðum sínum við að efla heilsuna. Hann kveðst reyna að ganga sem mest, allar styttri ferðir. „Það er svona 20 mínútna labb í Borgarleikhúsið þar sem ég er að vinna núna og það er mjög gott eftir langa setu við hljóðfærið að ganga heim. Þannig nær maður að rétta úr sér og fá loft í lungun.“

Í slökunarskyni kveðst Hallur svo taka sér löng og heit böð heima og þá gjarnan með lesefni með sér. „Mér finnst mjög gott að slaka á með lestri bóka í löngu og heitu baði,“ segir hann og bætir við. „Það eru mínar róleg-heitastundir. Þegar maður hverfur yfir í annan heim og hreinsar líkama og sál.“







ÚTSALA

Innrömmun 20% afsláttur

Tilboð Rammar
100 kr.
200 kr.
24x30 tré 350 kr.

Íslensk grafík
Allt að 50% afsl.

Tilboð á smellurömmum
13x18 = 100,-
24x30 = 200,-
50x60 = 500,-
40x60 = 500,-
20x25 = 200,-

Tilboð á álrömmum
18x24 = 400,-
20x25 = 400,-
24x30 = 500,-
30x40 = 600,-
30x42 = 700,-
40x50 = 900,-
41x61 = 1200,-
59x66 = 1600,-

Innrömmuð plaggöt 50% afsláttur
Íslensk myndlist komdu og prúttaðu

RAMMA MIÐSTÖÐIN
Síðumúla 34 • Sími 533 3331
Opið virka daga 10-18 laugardaga 11-14
*Gildir út janúar*

**Dagsbirta** er mjög mikilvæg fyrir andlega heilsu. Í svartasta skammdeginu er sniðugt að reyna að komast aðeins út undir bert loft um miðjan dag á meðan einhverrar birtu nýtur.





Fátt er betra en að fara á gönguskíðum um snæviþakið landið enda sameinar það kosti góðrar útiveru og heilbrigðar hreyfingu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Loksins hægt að skella sér á gönguskíðin

***Gönguskíði er afar skemmtileg og fjölbreytt hreyfing. Hana má stunda víða á höfuðborgarsvæðinu og öðrum bæjarkjörnum nú þegar snjóað hefur hressilega að undanförnu.***

Það voru margir sem fögnuðu því þegar hinn hvíti snjór byrjaði að falla af himnum ofan. Gönguskíðafólk var sérstaklega ánægt enda hefur verið afar slæmt gönguskíðafæri það sem af er vetri og renydar undanfarin ár.

Það er fátt sem gefur eins alhliða góða hreyfingu og útivera á gönguskíðum. Gönguskíðaiðkun bætir þol og þrek og eykur styrk. Sýnt hefur verið fram á að líkaminn brenni sjaldan eins miklu og þegar hann stundar gönguskíði. Útihreyfingin sem fylgir gönguskíðum er einnig ómetanleg, svo ekki sé talað um ef farið er upp á fjöll og firnindi.

Helgi Benediktsson, starfsmaður Útilífs, segir að einfalt sé að hefja skíðagöngu. Hann segir að oftast sé betra að byrja á skíðum með rifflum, þau séu mun hentugri fyrir byrjendur. „Svo þarf að velja skíði í réttri lengd miðað við þyngd ekki síður en hæð. Síðan er að velja skó og bindingar út frá þeim. Bindingarnar hafa verið að breytast svolítið en það eru til mun fleiri gerðir en áður. Því þarf að huga vel að þeim. Svo þarf maður stafi líka. Þá þarf að velja eftir því hversu hraðskreiður maður er. Það þarf sem dæmi lengri stafi fyrir þá sem eru hraðskreiðari.“

Helgi segir að gönguskíðaiðkun hafi minnkað að undanförnu sökum mikils snjóleysis. Hann segir hins vegar að þau verði vinsælli þegar líða tekur á vorið. „Þá er veðrið farið að verða betra og þá byrja menn að vera útum allt, til dæmis upp á Hellisheiði.“

Hellisheiði er ekki eini staðurinn hér nálægt höfuðborgarsvæðinu sem hægt er að þeytast um á gönguskíðum því hægt er að skíða meðfram ýmsum göngustígum bæjarins, auk þess sem hægt er að fara inn á Miklatún. Það þarf síðan ekki að fara lengra en í Heiðmörk til þess að finna troðnar gönguskíðaleiðir auk þess sem brautir eru í bæði Skálafelli og Bláfjöllum.

Fyrir þá sem eru að byrja eða hafa áhuga á því að fara að leika sér á gönguskíðum þá er afar hagnýt grein eftir Jósef Hólmjárn á heimasíðu Útivistar, utivist.is.

steinthor@frettabladid.is

**Verðdæmi um byrjunarpakka**

**Skíði:** 9.900 krónur
**Skór:** frá 6.900 krónum
**Bindingar:** 3400 - 3900 krónur
**Stafir:** 1500 - 2000 krónur

Sum staðar hægt að fá ríflegan afslátt ef allur pakkinn er tekinn.



Fæðingarorlofssjóður verður ekki undir Tryggingastofnun eftir breytingarnar.

# Fæðingarorlofssjóður fluttur

***Starfsemi Fæðingarorlofssjóðs verður flutt út á landsbyggðina frá og með næstu mánaðarmótum.***

Félagsmálaráðuneytið hefur sagt upp þjónustusamningi við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur Fæðingarorlofssjóðs. Starfsemin verður þess í stað færð undir Vinnumálastofnun og verður auk þess flutt norður í Húnavatnssýslur frá og með næstu mánaðarmótum. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra greindi frá fyrirhuguðum breytingum um síðustu helgi og segir að þessi ákvörðun sé í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja störf út á landsbyggðina.

Ekki hefur ennþá verið tekin ákvörðun um hvar í Húnavatnssýslum Fæðingarorlofssjóður verður með starfsemi sína en Blönduós, Skagaströnd og Hvammstangi eru staðir sem koma til greina. ■

Ég nota Sterimar, það hjálpar
- kvef
- ofnæmi
- eyrnabólga
- ennis og kinnholusýking
Fæst í apótekum

Multidophilus-12
fyrir maga og þarmaflóru
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

vítamín
B sveitin
..berst fyrir betri heilsu



FM 98,9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
Ívar Guðmunds
Alla virka daga 9-12

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

vísir
NFS ER Á VISIR.IS
NFS



Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

## Heilbrigð sál



BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

# Af stað á ný - á jákvæðan hátt

„Hvernig hefurðu það?“ „Jú, bara gott en þú?“ En hvernig hefurðu það annars, svona líkamlega? Hefurðu spurt einhvern að þessu nýlega? Eða sjálfa/n þig? Nú þegar margir ætla að taka sig tak, byrja í ræktinni og taka mataræðið í gegn er tilvalið að skoða sjálfsmat okkar á sama tíma. Hvernig hugsum við til okkar sjálfra? Erum við að draga okkur niður í svaðið eða erum við í eigin klappliði? Hugsunin um okkur sjálf er grunnurinn að því hvernig við metum eigin árangur og hvernig hann getur eflt sjálfstraust okkar og andlega líðan. Með sífelldum „blammeríngum“ í eigin garð náum við síður að gleðjast yfir góðum árangri og auka sjálfstraustið.

**„Mikið rosalega er ég flottur!“**
Mörgum karlmönnum finnst þeir vera í flottu formi. Þeir eru þeim hæfileikum gæddir að geta litið í spegil og sagt, „Mikið rosalega er ég flottur!“ hverning sem þeir eru í laginu! Þetta er að mörgu leyti mjög gott, því maður getur sannarlega verið flottur með nokkur aukakíló, en mig grunar samt að mat karlmanna sé stundum örlítið ofmat þó margir séu sannarlega duglegir. Við konur höfum hins vegar tilhneigingu til að finnast við aldrei nógu góðar, hversu hraustar og flottar sem við erum. Við erum sífellt að draga fram neikvæðu þættina við líkama okkar í stað þess að vekja athygli á þeim jákvæðu. Við gætum því lært ýmislegt af karlmönnum í þessum efnum.

**Jákvætt mat**
Málið er að okkur líður svo miklu betur ef við hugsum jákvætt til okkar sjálfra. Ef við gerum það ekki, hvernig getum við ætlast til að aðrir geri það?

Ef þú ert ein/n af þeim sem er að byrja að hreyfa þig meira á nýju ári og leita meira í heilsusamlegri fæðutegundir ættirðu að klappa þér strax á bakið fyrir að taka þessa frábæru ákvörðun. Líkaminn mun þakka þér innan tíðar. Hafðu markmiðin þín á hreinu; skammtíma- og langtímamarkmið og ekki gefast upp, hvað sem á gengur. Ef þú misstígur þig, stenduðu aftur upp. Ef þú færð samviskubit, hristirðu það af þér strax. Við finnum lausnir og gefumst ekki upp. Öll tækin við nokkur skref til baka í leit okkar að árangri eða lífshamingju. En við viljum ekki gefumst upp, er það? Það sama á við um hreysti og heilsu sem við byggjum líf okkar á. Þetta er sagan endalausa, en alveg magnað ævintýri!

Gangi þér sem allra best,

# Hugsanageta verri eftir svefn

*Rannsóknir sýna að hugsanageta manna er jafnvel meiri eftir sólarhringsvöku heldur en fyrst eftir að við vöknum.*

Ný bandarísk rannsókn sýnir að hugsanageta mannfólksins er mun slakari fyrst eftir að við vöknum. Í raun er hugsanagetan meiri eftir sólarhringsvöku heldur en hún er fyrsta hálftímann eftir að við vöknum. Á fyrstu mínútunum eftir að við vöknum er skammtímaminni okkar mun slakara og segja vísindamenn að af rannsókninni að dæma ætti enginn að sinna mikilvægum verkefnum fyrsta hálftímann eftir svefn. Svo virðist sem ýmiss svæði í heilanum, sem meðal annars stjórna tilfinningum og getu okkar til að leysa flókin vandamál, séu lengur að „vakna“. Ástandið er verst fyrstu tíu mínúturnar eftir að við vöknum og getur varað upp í allt að tvo tíma.

Rannsóknin nýtist meðal annars fyrir ýmsar starfsstéttir, eins og lækna og slökkviliðsmenn, sem oft þurfa að vakna til að sinna neyðartilfellum.

Rannsóknin birtist í The Journal of the American Medical Association.



Hugsanageta mannfólksins er mun slakari fyrsta hálftímann eftir að við vöknum og ætti enginn að sinna áríðandi og krefjandi verkefnum á þeim tíma.

# Tölvufíkn ungs fólks

*Á morgun verður haldinn fræðslufundur um tölvufíkn ungs fólks á Hótel Lind.*

Samstarfshópurinn Náum áttum stendur fyrir opnum fræðslufundi um tölvufíkn ungs fólks á morgun frá klukkan 8.15 til 10.00. Fundurinn verður haldinn á Hótel Lind, Rauðarárstíg 18 og þátttökugjald er 1.500 krónur en morgunverður er innifalinn í þátttökugjaldi. Fyrirlesarar eru Jóna Möller, aðstoðarskólastjóri Kópavogsskóla, Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla og Björn Harðarson sálfræðingur. Fjallað verður um áhrif og einkenni mikillar tölvunotkunar og foreldrum verða gefnar ráðleggingar auk þess sem sagðar verða reynslusögur úr skólakerfinu. Fundarstjóri er Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Heimilis og skóla. Nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku á fundinn og er það gert með því að senda tölvupóst á netfangið rafn@lydheilsustod.is.



Algengt er að börn fari að nota tölvur mjög ung.






FAGMENNSKA Í 11 ÁR
FEGRUNAR TATTÚ
LEYNDARMÁL MARGRA FAGURRA KVENNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

Rope Yoga
stúdíó - Ármúla 44
Skráning í gangi
Kennari: **Emma Bjarnadóttir**
Upplýsingar: sími 860 2173 & 581 1222, www.egER.is - info@egER.is

Bowen Tækni
Námskeið í Bowen Tækni
Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál.
Kennt á Akureyri 24. - 27. febrúar 2006
Kennt í Reykjavík 3. - 6. mars 2006
Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.
Uppl. síma 421 4569 og 897 7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is

Leikfimi fyrir konur sem þjást af áreynsluþvagleka
- 10 vikna námskeið hefst miðvikudaginn 18. janúar næstkomandi í Tápi, sjúkraþjálfun, Hlíðasmára 14 Kópavogi. Boðið verður upp á morgun- og síðdegistíma
- Tímarnir henta vel konum sem telja sig þurfa að styrkja grindarbotnsvöðvana hvort heldur sem einkenni þeirra eru áreynsluþvagleki, þreyta eða önnur óþægindi.
- Áhersla verður lögð á líkamsvitund, rétta beitingu líkamans, styrkjandi æfingar fyrir grindarbotnsvöðva og aðra lykilvöðva.
- Teygjur og slökun. Fræðsla.
- Aðgangur að tækjasal innifalin í verði.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 564-5442
TÁP SJÚKRAÞJÁLFUN

allt heimili
Alla fimmtudaga



Hjónin Elín Alfreðsdóttir og Þórður Ásmundsson, eigendur Hastens. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

# Vönduð handsmíðuð rúm byggð á langri hefð

***Nýja verslunin Hastens selur handsmíðuð, sænsk gæðarúm. Rúmin eru góð fyrir bakið og loftflæði í dýnunni gerir það að verkum að fólk svitnar lítið.***

„Hastens-rúmin eru handsmíðuð úr 100 prósent náttúrulegum efnum sem sænska konungsfjölskyldan hefur notað áratugum saman,“ segir Elín Alfreðsdóttir en hún opnaði nýlega verslunina Hastens að Grensásvegi 3 ásamt eiginmanni sínum, Þórði Ásmundssyni. „Hastens er sænsk keðja sem hefur verið til frá árinu 1852. Rúmin eru öll úr ull, bómull og hrosshárum en þaðan kemur einmitt nafnið. Hrosshárin eru hol að innan og taka vel á móti raka og hita. Menn svitna ekki eins í rúmunum og þeir sem eru mjög heitfengir finna vel fyrir loftflæðinu í dýnunni. Rúmin eru þó mjög hlý, þetta er eiginlega eins og að vera í bómullarbol, manni er hlýtt en ekki of heitt.“



Hjónarúm með lyftibúnaði og nuddi. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



Hjónarúm með tvöföldu gormakerfi í boxdýnu. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Eins og fram hefur komið eru efnin öll náttúruleg og rúmin því merkt með Svaninum, umhverfismerki Norðurlanda, ásamt fleiri umhverfisstimplum. „Gormarnir eru úr sérstaklega vönduðu stáli og svo er hör sitt hvorum megin við þá til að koma í veg fyrir stöðurafmagn. 25 ára ábyrgð er á grindinni og gormakerfinu og er áætlað að rúmið dugi vel í 30 ár án þess að það missi eiginleika sína. Viðarramminn er úr trjám frá Norður-Svíðþjóð sem vaxa við mjög hæg skilyrði. Viðurinn verður því þungur, þéttur og lítið af kvistum í honum og er þar af leiðandi mjög endingargóður.“

Rúmin eru góð fyrir bakið að sögn Elínar. „Í Svíþjóð er mikið mælt með rúmunum fyrir bakveika. Fólk leggst niður á gormakerfið sem tekur vel á móti mjóbakinu, maður liggur ekki bara beint ofan á því.“

Hægt er að velja um tíu gerðir af rúmum og fjórtán tegundir áklæða. „Rúmin fást í öllum stærðum þar sem þau eru handsmíðuð. Einnig getur sama dýnan í hjónarúmi verið til dæmis mjúk öðrum megin og stíf hinum megin.“

Hastens-keðjan er stærst á Norðurlöndunum en hana má þó finna víða um heim. „Rúmin eru öll mjög vönduð og áherslan lögð á hvað sé best, ekki hvað sé ódýrast eða fljótlegast í framleiðslu.“

**mariathora@frettabladid.is**

# Meiri mengun í leigubíl en við umferðargötu

***Bresk rannsókn hefur sýnt fram á að fólk verður fyrir meiri mengun í breskum leigubílum en gangandi vegfarendur við stóra umferðargötu.***

Þeir sem ferðast með leigubílum verða fyrir mestri mengun að því er fram kom í breskri rannsókn sem menntaskólanemar gerðu árið 2003.

Sjálfboðaliðar fóru í samtals 584 ferðir, með leigubíl, bíl, strætisvagni, hjóli eða bara gangandi um götur miðbæjar Lundúna á tveggja mánaða tímabili. Þeir höfðu meðferðis áfasta skynjara sem mældu mengunarmagnið undir þessum ólíku kringumstæðum. Í ljós kom að þeir sem ferðuðust með leigubíl urðu fyrir mestri mengun, meiri en þeir sem gengu við mikla umferðagötu.



Það er ekki aðeins slæmt fyrir fjárhaginn að aka í breskum leigubílum heldur getur það einnig skaðað lungun.

## verkjalyf }

### Minna ávanabindandi

VÍSINDAMENN HAFA FUNDIÐ EFNI SEM LINAR VERKI ÁN ÞESS AÐ SJÚKLINGUR VERÐI HÁÐUR ÞVÍ.

Nýlegar frumurannsóknir hafa vakið vonir um áhrifaríkt verkjalyf sem er síður ávanabindandi en morfín og önnur ópíumlyf. Þau verkjalyf sem nú eru á markaði eru áhrifarík til að byrja með en verða ávanabindandi með tímanum og um leið minna virk. Vísindamenn við háskólann í Minnesota rannsökuðu tvo af fjórum ópíummóttökurum miðtaugakerfisins. Þeir kynnstust betur starfsemi móttakanna og fundu ákveðið efni sem virkjar eina tegund þeirra en blokkar aðra. Efnið gæti orðið mun áhrifaríkara verkjalyf sem jafnframt er síður ávanabindandi.

*(Af vefsíðunni scientificamerican.com)*



NORDICPHOTOS / GETTYIMAGES



Umbúðir utan af matvöru og öðru eru stór hluti af því rusli sem kemur frá heimilum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Umbúðir og úrgangur

***Fyrirlestur um umbúðir og umbúðaúrgang í dag.***

Umhverfisstofnun verður með fyrirlestur um umbúðir og umbúðaúrgang í dag frá klukkan 15 til 16. Fyrirlesturinn verður haldinn að Suðurlandsbraut 24, 5. hæð. Fyrirlesarar eru Cornelis A. Mayles frá framkvæmda- og eftirlitssviði og Íris Gunnarsdóttir frá Úrvinnslusjóði. Gestum verður boðið upp á kaffi á meðan á fyrirlestrinum stendur og eru allir velkomnir.



Sóttvarnalæknir mælir ekki með ferðatakmörkunum eða bólusetningum ferðamanna vegna ferða til landa þar sem fuglainflúensa (H5N1) hefur komið upp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ekki ástæða að óttast

***Sóttvarnalæknir gaf það út fyrir stuttu að hann mæli ekki með neinum ferðatakmörkunum til þeirra landa þar sem fuglaflensan hafi greinst.***

Sóttvarnalæknir telur heldur ekki nauðsyn að ferðalangar verði bólusettir. Einungis þurfi þeir sem búast við að komast í snertingu við sýkta fugla að hafa með sér einhvers konar inflúensulyf.

Sóttvarnalæknir gefur hins vegar ráðleggingar fyrir ferðmenn. Þar er mælt með að fólk forðist eftirfarandi: Að heimsækja markaði með lifandi fuglum og fuglabú, að komast í snertingu við lifandi hænsnfugla og villta fugla, að snerta yfirborð sem mengað er af fuglaskít, að snerta dauða fugla, að borða ósoðið eða illa soðið fuglakjöt og egg. Svo verði menn að huga að almennu hreinlæti og tíðum handþvotti og síðast en ekki síst að flytja ekki heim með sér fuglaafurðir eða lifandi fugla til landsins.

Íslendingar virðast því litlu þurfa að kvíða enn sem komið er.

# Samskipti foreldra og barna

***Hugó Þórisson og Wilhelm Norðfjörð standa fyrir námskeiði þar sem tekin eru fyrir samskipti foreldra og barna. Báðir eru þeir sálfræðingar með áratuga reynslu á sviði uppeldismála.***

Námskeiðið heitir Samskipti foreldra og barna og er fyrir alla þá sem að uppeldi koma, foreldra, afa og ömmur og aðra forráðamenn, óháð því á hvaða aldri börn þeirra eru.

„Námskeiðið er ekki hugsað sem meðferðarnámskeið heldur sem fræðslunámskeið," segir Hugó Þórisson sálfræðingur. „Við tökum á daglegum samskiptum foreldra og barna. Margir haga þeim samskiptum á þá leið að það eru foreldrarnir sem stjórna og ráða og barnið gegnir. En það eru margar aðstæður sem barnið kemst í þar sem enginn fullorðinn er til staðar og þá þarf barnið að kunna að stjórna sjálft. Við leggjum upp úr því sem við köllum leiðandi foreldri. Þá kenna foreldrar barninu að taka ábyrgð og þroska barnið með því að tala við það, hlusta á það og kenna því að taka ábyrgð."



Fræðslunámskeiðið Samskipti foreldra og barna tekur á samskiptamynstrum innan fjölskyldunnar og kenndar eru leiðir til að virkja barnið sem fjölskyldumeðlim svo það öðlist meira sjálfstæði og getu til að taka ábyrgð.

Hugó segir að markmið námskeiðsins sé að efla frumkvæði barna, sjálfstæði þeirra og tillitssemi. Námskeiðið kennir aðferðir til að breyta samskiptamynstri milli foreldra og barna.

Námskeiðið hefst 18. janúar og er kennt eitt kvöld í viku í átta vikur. Hægt er að lesa nánar um námskeiðið á www.samskipti.org.



Hugó Þórisson og Wilhelm Norðfjörð hafa í áraraðir átt samvinnu um námskeið um samskipti foreldra og barna.



## Múrarar




## Rafvirkjun




## Trésmíði

**Trésmiðjan Kliftangi getur bætt við sig verkefnum.**
Öll almenn smíðavinna, t.d. parket, flísar, gluggar, sólpallar, klæðningar og allt annað sem viðkemur húsinu.
**Uppl. í s. 861 1508 & 897 8837.**

Tveir samhentir smiðir geta bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 898 5493 & 860 3975.

## Önnur þjónusta

Snjómokstur. Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Pálína s: 891 6445

HERBALIFE! Frábær fæðubót með líkamsrækt. Jonna 896 0935 - 562 0935. www.heilsufrettir.is/jonna

## Líkamsrækt

**Einkaþjálfun á netinu.**
Hafðu samband 868 8162. adalgeir@lifsorka.is.

## TIL SÖLU




## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

## Þjónusta

Nuddstofa Önnu síðumúla 33, s. 694 4226. Hugleiðslu og þróunarhringir á sama stað. Ragnhild s. 848 1314.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Microsoft kerfisstjóranámið fyrir MCP og MCSA próf hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is s. 863 2186.

Microsoft CERTIFIED Systems Administrator

Bættu Microsoft prófgráðu í ferilskrána. MCSA nám hefst 6. feb. Rafiðnaðarskólinn. www.raf.is, s. 863 2186.



Leirkrúsin. Ný námskeið hefjast í viku 4 www.leir.is S. 564 0607 & 661 2179.

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

**Flott sófasett til sölu.**
3ja sæta, 2ja sæta sófi + stóll og skemill til sölu. Er ljóst á litinn og lítur mjög vel út. Selst á sanngjörnu verði. Uppl. í s. 892 6808.

Rúm til sölu um er að ræða amerískt rúm sem er 135 á breidd selst á 10.000 kr. Endilega hafið samband í síma 864 4467.

Til sölu King Size dýna og 6 borðstofustólar úr smíðajárni og basti. Selst ódýrt. S. 820 5222 e. kl. 17.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

**Skraddarinn á horninu Vatnsstíg 11**
Fatabreytingar. Skipti um rennilása, líka í leðurjökkum, stytti buxur og fleira. Opið 10-18 virka daga, laugardaga 10-16. Árni s. 552 5540 & 861 4380.

## Dýrahald

Springer Spaniel hundur óskast á fallega hreinræktaða E.S.S. tík. S. 865 9937.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

4ra herb. íbúð til leigu í Vesturbænum. Reglusem, tryggingavíxill. 108 þús. á mán. Uppl. í s. 693 1836 e. kl. 18.

Til leigu 2ja herb. 65 fm íbúð í Hafnarfirði. Uppl. í síma 691 3793, e. kl. 17:00.

Einstaklingsíbúð í Grafarvogi til leigu með húsgögnum. Æskilegt er að leiga sé greidd með því að vinna heimilisstörf 12 t. á viku í sama húsi. Áhugasamir sendi póst á ibud488@visir.is.

Herbergi í 101! 10fm við iðnskólan með sérinng sameiginlegu eldhúsi og WC með sturtu þvottav þurrkari, ADSL mögul. 32 þús. S. 699 4580.

2.herb. íb. ca 50m sv. 112, 60 þ. m/hi.+raf. 2 mán. fyrirfr. Uppl. í s. 695 4850.

## Húsnæði óskast

Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði, 50 til 100 fermetra til þrifalegrar starfsemi tengdri kvikmyndagerð. Þarf að vera 3ja fasa straumur. Upplýsingar í síma 860 0822.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.Einnig eru laus störf um helgar. **Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku. Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér!
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5500 / askrift@frodi.is**

**Smurbrauð/Eldhús**
Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir starfsmanni í eldhússtörf. Vinnutími 05-13 virka daga auk þriðju hverrar helgi, viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða. Góð laun í boði.
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Bakarameistarinn Glæsibæ.**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu virka daga. Annars vegar frá 12-19 og hins vegar 08-16.
**Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**ClaMal leitar að kynningarfulltrúum!**
Ef þú ert jákvæð, hress og kraftmikil getur þú verið manneskjan sem við leitum að. Skemmtilegt starf og miklir tekjumöguleikar. Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.
**Nánari upplýsingar gefur Sylvía í síma 565 3900 eða 660 7401.**

**Pítan Skipholti**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu á grill. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf.
**Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**

**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR

Fiton/SIA F1014416

REGNBOGINN
– leikskóli –

**Leikskólakennari og leiðbeinandi.**
Glaðir og gefandi einstaklingar með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa sem fyrst í 100% stöður. Annarsvegar leitum við einstaklingi helst eldri en 30 ára til starfa strax og hinsvegar í aðra stöðu þegar nær dregur vori. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áherslur eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkilegt fólk.
**Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 557 7071, 899 2056 og regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri.**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal og einnig vantar aðstoð í eldhús. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna.
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Verslunarstjóri - Umsjónarmaður**
Óskast til starfa hjá Pylsuvagninum í Laugardalnum. 20 ára og eldri. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.
**Upplýsingar í síma 893 9860 Einar.**




**Óskum eftir starfsmanni á daginn.**
milli kl. 11:00-18:00, á aldrinum 20-40 ára.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is.**

**Óskum eftir starfsmanni**
í skyndibita eldhús, um kvöld og helgar.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is.**

**Óskum eftir fólki í afgreiðslu.**
Um kvöld og helgarvaktir er að ræða. á aldrinum 20-40 ára
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Vantar þig vinnu með skólanum?**
Starfið felst í léttum þrifum og baðvörslu í búningsklefa kvenna. Unnið er ca 15 daga á mán. Uppl. í s. 846 2117.

**Kaffihús**
Vaktstjóri óskast í bakarí og kaffihús. Uppl. gefur Stefán í síma 551 3524. Sandholt, Laugavegi.

**Garðabær bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 & 565 8070, Þóra.

Félagsstarf þroskaheftra óskar eftir starfskrafti einn eftirmiðdag í viku frá kl. 15-19. Upplýsingar í síma 661 7768 e. kl. 13.

**Nonnabiti**
Starfskraftur óskast í fullt starf. Reyklaus. Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

**Vélstjórar**
Yfirvélstjóra og 1.vélstjóra vantar á stórt og öflugt línuskip, lámarks réttindi 750 kw. nægar aflaheimildir. upplýsingar á skiifstofu í síma 4204400 og hjá útgerðarstjóra í síma 8986825.

## Atvinna óskast

Kona á besta aldri óskar eftir vinnu. Þaulvönn innheimtu, lögfr.störfum og skrifstofuvinnu. Þaulvön í mannlegum samskiptum. Sími 896 6338.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða http://www.sigradu.com.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið




**Hefur þú séð þennan bíl?**
Hann hvarf þann 7. des. í miðbæ Rvík. Toyota Corolla '95 bílnr. US-408. Aðalbjörg s. 822 8470. Fundarlaun.

## Tilkynningar

House of Pain. Erum flutt á Laugarveg 45, 101 Rvk. Gerum húðflúr, varanlega andlitsförðun og líkamsgötun. Erum líka með gjafarbréf. Sverrir og Dilla. Sími 555 4015.

## Sölumaður fasteigna - með eigandi

Leita eftir samstarfi við 1- 2 framsækna sölumenn fasteigna, fyrirtækja og skipa sem vilja stofna og reka fasteinasölu með lögg. fasteignasala. Algjörum trúnaði gætt.

**Áhugasamir sendi inn upplýsingar merkt sala06 fyrir 24.jan.til Fréttablaðsins eða á fast06@visir.is**

## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Digranesskóla

- **Húsvörð vantar frá 1. febrúar eða eftir samkomulagi.**
Vinnutími frá kl. 7:30 til 16:00 – 17:00.
Starfið felur í sér umsjón með húsnæði og umsjón með ræstingu.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.
Upplýsingar gefur skólastjóri á skrifstofutíma í síma 554 0290.
Umsóknarfrestur er til 26. jan.

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

**Verzlunarskóli Íslands óskar eftir starfskrafti í dagræstingu frá kl. 8.00 -16.00 Einnig vantar í eitt starf við ræstingar eftir kl. 16.00.**

Vinsamlegast hafið samband við ræstingarstjóra í síma 694-5333. Milli kl. 11.00 og 13.00.

## Sölumaður óskast

Starfið felst í sölumennsku í heildsölu á brúnum vörum , veggsjónvörpum (LCD og plasma), hljómtækjum, myndavélum og skrifstofubúnaði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Öflun nýrra viðskiptavina og eflingu viðskipta við núverandi viðskiptavini og endurseljendur. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í hliðstæðri sölumennsku, sé vel skipulagður, geti unnið sjálfstætt, temji sér ögut vinnubrögð og komi vel fyrir. Frumkvæði og drifkraftur eru mikilvægir eiginleikar. Lámarksaldur 24 ár. Æskilegt er að viðkomandi sé reyklaus.

*Bræðurnir Ormsson ehf eru 83ja ára gamalt fyrirtæki með fjórar verslanir og endurseljendur um allt land. Starfsmenn eru nálægt 90. Helstu merki í brúnum vörum eru Pioneer, Sharp, Samsung, Nikon, Nintendo, Olumpus, Loewe, Jamo, NEC,HAMA og Tatung.*

**Umsóknir skal senda til Vals Kristófersonar, Síðumúla 9, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á valur@ormsson.is**

ORMSSON

allt heimili
Alla fimmtudaga

HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

Frum



**Hvammabraut 12**
**220 Hafnarfirði**
**Stærð í fermetrum: 91,9**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Tegund eignar: Fjölbýli**
**Verð: 17,500,000**
**HVAMMABRAUT 12 - OPIÐ HÚS 17:00-18:00**
Komið inn í rúmgóða forstofu og þar er útgengt út á suðursvalir. Gengið upp fallegan tréstiga upp á efri hæðina. Í alrými er góð stofa, borðstofa og vinnuaðstaða. Tvö góð svefnherbergi, bæði með skápum. Eldhús með nýlegum tækjum úr burstuðu stáli. Fallegt baðherbergi með góðri innréttingu og tengi fyrir þvottavél. GLÆSILEGT ÚTSÝNI-ÍBÚÐIN ER LAUS VIÐ KAUPSAMNING.
***GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR, S. 695-1095***
***TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI 17:00 TIL 18:00 Í DAG.***
*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*



## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir litlu atvinnuhúsnæði, 50 til 100 fermetra til þrifarlegrar starfsemi tengdri kvikmyndagerð. Þarf að vera 3ja fasa straumur.

**Upplýsingar í síma 8600822.**

## Til leigu – verslunar og lagerhúsnæði – svæði 108

**Til leigu er verslunar- og lagerhúsnæði með góðum skrifstofum og fundaaðstöðu.**

Verslunaraýmið er um 200 ferm, lagerinn 150 ferm að grunnfleti með millihillulofti (alls 300 ferm.) og skrifstofu-, kaffi- og fundaaðstaða um 150 ferm. Alls um 500 ferm. Leigist í einu lagi.

Verslunargluggar snúa að umferðargötu. Hentar fyir heildsölu, bílavörur, smærri byggingavörur o.m. fl.
**Laust frá lokum febrúar.**
**Upplýsingar veittar í 89 60 599.**






FRÁ OG MEÐ ÁRAMÓTUM 2005 - 2006 HÆTTI SÆMUNDUR SIGMUNDSSON ÁÆTLUNARAKSTRI Á VESTURLANDI.
HÓPFERÐAÞJÓNUSTA Á VEGUM FYRIRTÆKIS HANS VERÐUR MEÐ SAMA HÆTTI OG VERIÐ HEFUR.

MEÐ NÝJÁRSKVEÐJU

SÆMUNDUR SIGMUNDSSON
KVELDÚLFSGÖTU 17, BORGARNESI

SÍMAR Í BORGARNESI : 437 - 1333 OG 437 - 1373 FAX 437 - 2373
SÍMAR Í REYKJAVÍK : 566 - 7833 OG 552 - 2202 FAX 566 - 7933

# RE/MAX® KÓPAVOGUR



Þórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali




**Fagrihjalli 46**
200 Kópavogur
Herbergi: 8
Fermetrar: 222,1
Byggingarár: 1991
Brunab: 27,8 millj.
Verð: 43.900.000

**Fallegt og bjart parhús á vinsælum stað í suðurhlíðunum í Kópavogi með jeppafærum bílskúr.**
Húsið er 2 hæðir + ris. Á fyrstu hæð eru forstofa, 2 svefnherbergi, vaskahús og baðherbergi. Önnur hæð skiptist í opna og bjarta stofu með garðskála þaðan sem er útgegnt á sólríkan pall. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og borðstofu, að auki baðherbergi með baðkari. Í risi er síðan hjónaherbergi með sér salerni og svefnherbergi sem í dag er nýtt sem vinnuherbergi. Bílskúrinn er rúmgóður og sem fyrr segir nógu hár til að koma jeppa vel þar inn..




**Lækjasmári 60**
201 Kópavogur
Herbergi: 3
Fermetrar: 93,8
Byggingarár: 1991
Brunab: 13,2 millj.
Verð: 21.900.000

**Smekkleg 3ja herbergja íbúð á vinsælum stað í Smárahverfinu í Kópavogi. Stutt í alla þjónustu.**
Íbúðin skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi, opið eldhús með snyrtilegri innréttingu og bjarta stofu þaðan sem er útgegnt á suðursvalir. Snyrtileg eign á vinsælum stað.





**Flétturimi 33**
112 Reykjavík
Herbergi: 2
Fermetrar: 67,3
Verð: 16.900.000

**Smekkleg 2ja herbergja íbúð á rólegum stað í Grafarvoginum.**
íbúðin er á 3ju og efstu hæð með ágætis útsýni til vesturs. Búið að endurnýja nokkuð.
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KLUKKAN 18:00 TIL 18:30
Sölufulltrúar RE/MAX taka á móti gestum.





**Leifsgöta 7**
101 Reykjavík
Herbergi: 2
Fermetrar: 57,9
Verð: 14.400.000

**Góð 2ja herbergja íbúð á vinsælum stað austur í Skólavörðuholtinu.**
íbúðin er á 1. hæð og fylgir henni rúmgóð sérgeymsla í kjallara. Búið að endurnýja nokkuð, s.s. eldhúsinnréttingu, gler og glugga og innihurðir.
OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KLUKKAN 19:00 TIL 19:30
Sölufulltrúar RE/MAX taka á móti gestum.




**Skólastígur**
340 Stykkishólmur
Herbergi: 7
Fermetrar: 183,3
Skúr í bakgarði
24 fm
Verð 22.800.000

**Góð eign með fallegu útsýni yfir Breiðafjörðinn. Mögulegt að skipta í 2 íbúðir.**
Búið að endurnýja eignina þó nokkuð. Þetta er góður kostur á sanngjörnu verði.





**Eskivellir 7**
221Hafnarfjörður
Herbergi: 2-4
Fm: 79,9 – 147,6
Bílageymsla:
með flestum eignum
Verð: frá 16.100.000

Vorum að fá í sölu nýtt fjölbýlishús í Hafnarfirði. 2ja - 4ra herbergja íbúðir á fimm hæðum með sér inngangi af svölum . Allar íbúðir með svölum að fyrstu hæð undanskilinni þar sem verður verönd. Íbúðinrar afhendast fullbúnar að innan án gólfefna, en gólf á baðherbergjum og þvottahúsum verða flísalögð. MODULA innréttingar og hurðar frá BYKO og einnig tæki. Hægt verður að velja milli viðartegunda ef íbúðin er keypt nógu snemma. Húsið verður steinsteypt og sallað að utan með ljósum Marmarasalla.

**www.remax.is**

RE/MAX® KÓPAVOGUR
Þórarinn Jónsson hdl. löggiltur fasteignasali

# ER EIGNIN ÞÍN AÐ FÁ TOPP ÞJÓNUSTU ?

Markmið okkar er að veita þér bestu fáanlegu þjónustu í fasteignaviðskiptum

Þjónusta sem við veitum ásamt löggiltum fasteignasala er eftirfarandi:

- Verðmat skuldbindingarlaust
- Notum fagljósmyndara til að taka myndir
- Útbúum eignamöppu með öllum nauðsynlegum upplýsingum
- Auglýsum eignina á áberandi máta
- Höldum opið hús og auglýsum það í RE/MAX blaði Fréttablaðsins
- Sýnum alltaf eignina
- Erum í sambandi við þig og væntanlegan kaupanda
- Höfum virka eftirfylgni í söluferlinu
- Hjálpum þér að finna eign
- Lofum þér góðri þjónustu og ráðgjöf

HRINGDU NÚNA OG FÁÐU FRÍTT SÖLUMAT



Sæunn
Sölufulltrúi
**864 3338**
saeunn@remax.is



Baldvin
Sölufulltrúi
**892 3330**
baldvin@remax.is

# SJÓNARHORN



Starrinn í hópflugi rétt fyrir sólsetur áður en hann náttar sig í Mosfellsbæ.
LJÓSMYND: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR

allt
heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

# TOPP 5: MORGAN FREEMAN



**1. The Shawshank Redemption** *(1994).* Persóna Freemans á að vera írsk. Er ein vinsælasta mynd myndbandsleiga sögunnar. Freeman var tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Fékk myndin auk þess sex aðrar tilnefningar en vann engan óskar.

**2. Seven** *(1995).* Sonur Freemans, Alonso, leikur einnig lítið hlutverk í myndinni. Handritshöfundur myndarinnar Andrew Walker skrifaði handritið á yfir tveggja ára tímabili. Myndin fékk eina óskarstilnefningu.

**3. Unforgiven** *(1992).* Myndin hét upprunalega The William Munny Killings. Ein þriggja vestra sem valin hefur verið besta myndin á óskarnum.

**4. Driving Miss Daisy** *(1989).* Öll tónlistin í myndinni var gerð með hljóðgervlum. Jessica Tandy, sem leikur Miss Daisy, er elsta konan í sögunni til þess að fá óskarinn, 81 árs. Byggð á sögu eftir Alfred Uhry en hann gerði sjálfur handritið.

**5. Million Dollar Baby** *(2004).* Freeman átti upphaflega að leika hlutverk Clints Eastwood. Upptökur á myndinni tóku aðeins 37 daga. Eina myndin sem Freeman hefur fengið óskarinn fyrir.

Skátastarf
... fyrir hressa krakka, stelpur og stráka, sem þora og eru fædd 1995 og 1996

Skátafélagið Garðbúar sem starfar í Smáíbúða, Fossvogs, og Bústaðahverfi er að fara af stað með ylfingastarf (yngsti aldurshópurinn) fyrir hressa krakka sem fædd eru 1995 og 1996.



**Skráning og fyrsta æfing verður miðvikudaginn 18. janúar kl. 16:00. Æfingar verða síðan vikulega á miðvikudögum kl. 16:30-17:30.** Einu sinni í mánuði er síðan útilífsæfing. Þemað á þessari önn verður **Indíánalíf.** Það merkir að við vinnum nokkur indíánaverkefni eins og að gera okkur indíánatjöld, indíánahöfuðföt, semjum indíánadansa og hróp, bökum indíánabrauð yfir eldi, og ljúkum önninni með indíánahátíð. Samhliða þessu hópverkefni þar sem við lærum um lifnaðarhætti indíána spreytum við okkur á margvíslegum skátaverkefnum: rötun, hnútagerð, leikjum og leiklist, skyndihjálp, tálgun, og hópeflisþrautum. Endapunkturinn er síðan 2 nátta **Ylfingamót** á Úlfljótsvatni 9.-11. júní og auðvitað tökum við indíánatjöldin með.

**Skátafélagið Garðbúar – Hólmgarði 34 – 108 Reykjavík – sími 588-8099**

Frekari upplýsingar má fá í síma 8240299 og með netpósti: annamaria@ru.is

marimekko®

**er flutt á Laugaveg 56.**

**Útsala og fjöldi opnunartilboða!**

Verið velkomin.

marimekko®
**Laugaveg 56.**

**Einnig opið laugardag og sunnudag**



**Útsala**
**50%**

| | **Áður** | **Nú** |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

**Mörg góð tilboð**

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

**Opið virka daga frá kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16 og sunnudaga frá kl. 12-16**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.177 **+1,74%** **Fjöldi viðskipta:** 827 **Velta:** 11.229 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATLANTIC PETROLEUM | +7,08% | MOSAIC FASHIONS | -2,08% |
| LANDSBANKINN | +2,93% | ÖSSUR | -1,30% |
| FL GROUP | +2,73% | BAKKAVÖR | -1,24% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,10 +0,00% ... Atorka 6,80 -0,70% ... Bakkavör 55,60 -1,20% ... Dagsbrún 5,82 +0,40% ... FL Group 22,60 +2,70% ... Flaga 4,25 -1,20% ... Íslandsbanki 20,60 +2,50% ... KB banki 825,00 +2,60% ... Kögun 65,50 -0,60% ... Landsbankinn 28,10 +2,90% ... Marel 71,50 +0,70% ... Mosaic Fashions 18,80 -2,10% ... SÍF 4,25 -0,90% ... Straumur-Burðarás 18,10 +1,70% ... Össur 114,00 -1,30%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fons komið með fimmtung í Ticket

Fons eignarhaldsfélag, sem Pálmi Haraldsson fer fyrir, er komið með fimmtungshlut í sænsku ferðaskrifstofukeðjunni Ticket og eykur hlut sinn um 550 milljónir króna að markaðsvirði.

Hlutabréf í Ticket hafa hækkað um 25 prósent á einum mánuði.

Ticket rekur um hundrað söluskrifstofur í Svíþjóð og Noregi og hefur meðal annars selt farmiða í stórum stíl fyrir Sterling-flugfélagið, sem er í eigu FL Group, og ætlar að hefja sölu á farmiðum fyrir FlyMe sem er að stórum hluta í eigu Fons. - eþa



**KAUPIR MEIRA Í TICKET** Pálmi í Fons er kominn með fimmtungshlut í sænsku farmiðasölunni.

# Lítið atvinnuleysi

Atvinnuleysi mældist 2,1 prósent allt árið í fyrra sem þýðir að 1.450 færri voru að meðaltali atvinnulausir í fyrra miðað við árið á undan.

Atvinnuleysi í desember mældist 1,5 prósent í desember síðastliðnum samanborið við 2,7 prósent í desember árið 2004. Fækkun atvinnulausra nemur því 43 prósentum. Þeim sem hafa verið án atvinnu lengur en sex mánuði fækkaði um 513 milli ára eða um þriðjung.

Greiningadeild KB banka segir horfur á vinnumarkaði góðar meðan uppgangurinn varir í hagkerfinu.

# Gunnar kaupir í Avion Group

Besinor Trade & Finance Corp, félag sem er í eigu Gunnars M. Björgvinssonar, stjórnarmanns í Avion Group og fjárfestis í Lichtenstein, hefur fest kaup á bréfum í Avion fyrir rúma 2,3 milljarða króna.

Félög í eigu Gunnars eiga þar með hlutabréf í Avion fyrir 4,3 milljarða króna.

Töluverð viðskipti hafa verið með hlutabréf í félaginu meðal lykilstjórnenda og stjórnarmanna að undanförnu. Þannig keypti félag í eigu nokkurra lykilstjórnenda fyrir meira en hálfan milljarð á dögunum en Arngrímur Jóhannsson, stjórnarmaður í Avion, seldi þeim bréfin.

Félagið er staðsett í Lichtenstein. - eþa

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

3 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Íslenskt stjórnborð

Miele




vilborga@centrum.is

Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**



**MIELE ÞVOTTAVÉL** - *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | | |
|---|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 128.428 | **Kr. 89.900** | Tilboð |
| Þvottavél W3241 *1400sn/mín/6 kg.* | kr. 148.200 | **kr. 133.380** | stgr. |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 168.700 | **kr. 151.830** | stgr. |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 98.800 | **Kr. 69.160** | Tilboð |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 115.400 | **Kr. 80.780** | Tilboð |

*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.830.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 19.368 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Með allskonar fíneri sem hinir hafa ekki



Renault Megane II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

T.H. WHITE (1906-1964) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Erfiðasti hlutur í heimi er að kunna að gera eitthvað og horfa á einhvern annan gera það vitlaust án þess að gera athugasemd.“*

*T.H. White var rithöfundur fæddur á Indlandi. Mörg verka hans fjalla um sögu Artúrs konungs.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 17. JANÚAR 1977

## *Gary Gilmore tekinn af lífi*

Á þessum degi árið 1977 var hinn dæmdi morðingi Gary Gilmore tekinn af lífi af skotsveit í ríkisfangelsi Utah í Salt Lake City í Bandaríkjunum. Þetta var fyrsta aftakan í Bandaríkjunum í nærri tíu ár. Hinn 36 ára Gilmore var dæmdur til dauða árið áður fyrir morð á starfsmanni hótelmóttöku. Hann var einnig ákærður fyrir annað morð sem aldrei var dómtekið.

Það er tvennt sem gerir mál Gilmores sérstakt. Í fyrsta lagi hafði dauðarefsing verið leyfð á ný í Bandaríkjunum árið 1976 sem þótti mjög umdeild ákvörðun. Gilmore var sá fyrsti sem var dæmdur undir þessum nýju lögum. Í öðru lagi barðist Gilmore hart fyrir því að aftakan yrði gerð fljótt eftir dóminn en hann hafði þegar eytt átján árum af tuttugu og einu, sem hann átti eftir ólífað, í fangelsi.

Það leið óvenjustuttur tími frá dómnum til fullnægingar hans. Þrátt fyrir það reyndi Gilmore tvisvar sinnum að fremja sjálfsmorð í fangelsinu.

Síðustu orð Gilmores “Let's do it” voru síðar gerð ódauðleg á stuttermabolum.



GARY GILMORE

## MERKISATBURÐIR

**1893** Konungsveldi á Hawaii líður undir lok þegar Liliuokalani drottningu er steypt af stóli.

**1914** Eimskipafélag Íslands hf. er stofnað í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík.

**1961** Dwight D. Eisenhower kveður bandarísku þjóðina í sjónvarpsútsendingu.

**1972** Kennsla hefst í öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð.

**1975** Þyrla í eigu Þyrluflugs hf. hrapar á Kjalarnesi og sjö manns farast.

**1991** Sautjánda Heklugosið á sögulegum tíma hefst.

## JARÐARFARIR

12.00 **Hinrik Helgi Konráðsson**, Moss, Noregi, áður til heimilis í Brautarholti 13, Ólafsvík, verður jarðsunginn í Jelöy, Moss.

13.00 **Árni Vilhelm Jónsson**, Hraunbæ 103, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju.

13.00 **Pétur G. Pétursson** heildsali, Grenibyggð 14, Mosfellsbæ, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1706** Benjamin Franklin embættismaður.



**1860** Anton Tsjekov rithöfundur.



**1889** Al Capone glæpaforingi.



*Sonur okkar og bróðir,*

**Rúnar Vincent Jensson**

Verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 20. janúar kl. 11.00

**Ásdís Óskarsdóttir**
**Jón B. Hermannsson**
**Einar Hjalti Jensson**
**Egill Fjalar Jensson**
**Jens Alexandersson**
**Riitta Liisa Alexandersson**
**Hannah Hames**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi*

**Pétur Gauti Hermannsson**
Holtsbúð 42, Garðabæ

lést 12. janúar. Jarðsungið verður frá Langholtskirkju föstudaginn 20. janúar kl. 13.00.

**Guðríður Sveinsdóttir**
**Hildur Sólveig Pétursdóttir**
**Erla Þuríður Pétursdóttir**
**Pétur Geir Magnússon**
**Ástrós Magnúsdóttir**



*Elskulegur faðir okkar og stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi*

**Arnvið Hansen**
(Alli)

Er látinn. Jarðsungið verður frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 20. janúar kl. 13.30.

**Guðmundur Hansen**
**Áslaug Kr. Hansen**
**Inger Rut Hansen**
**Rósa Rögnvaldsdóttir**
**Stefanía Hólm**
**Hilmar Snorrason**
**Vigfús Morthens**
**Pétur Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn**


LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is




**ALDARFJÓRÐUNGUR Í BÆJARPÓLITÍK** Smári Geirsson segir jákvæðustu breytinguna í Fjarðabyggð á síðustu árum vera þá að fólk hafi aftur fengið trú á framtíð svæðisins.

SMÁRI GEIRSSON Í NESKAUPSTAÐ: ER 55 ÁRA

# Fær afmælissöng á þýsku

„Ég ætla nú bara að hafa þetta góðan og venjulegan dag. Mæta í vinnuna og hafa það huggulegt og skemmtilegt með vinnufélögunum,“ segir Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, sem er 55 ára í dag. Hann hefur kennt í Verkmenntaskóla Austurlands áratugum saman og finnst það alltaf jafn skemmtilegt. „Þú ert alltaf að kynnast nýju fólki og alltaf í tengslum við ungt fólk sem heldur þér ungum og ferskum,“ segir Smári glaðlega en hann býst við því að fá afmælissönginn í mörgum útgáfum í dag enda sé það hefð í Verkmenntaskólanum að syngja afmælissöngva á ýmsum tungumálum. „Ég á von á því að fá þýskuhópinn yfir mig einhvern tíma í dag,“ segir Smári glaðlega en hann kom sjálfur með góðgjörðir fyrir samstarfsfélaga sína.

Smári hefur starfað í bæjarpólitík í hátt í aldarfjórðung og stóran hluta þess sem forseti bæjarstjórnar. Fyrst tók hann við því starfi í Neskaupstað árið 1990 gegndi því til 1998. Síðan gegndi hann embættinu í Fjarðabyggð til 2002 og tók enn á ný við því hlutverki árið 2004. Hann segir mikið að gera í bæjarmálunum um þessar mundir. „Í sveitarfélaginu Fjarðabyggð er afskaplega mikið um að vera og gnótt verkefna, gríðarlegar framkvæmdir og í mörgu að snúast,“ segir Smári sem var formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þegar umræður um komandi álver og uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Austurlandi stóðu sem hæst. Hann barðist því ötullega fyrir að koma þeim málum af stað. „Eftir harða og langvinna baráttu náðu menn fram sigri í þessu máli,“ segir Smári sem telur þróunina mjög ánægjulega síðan. „Þetta þýðir að fasteignaverð hækkar, menn byggja nýtt húsnæði, efna til nýrrar starfsemi, menningarlífið tekur mikinn fjörkipp og allt verður jákvæðara og skemmtilegra þrátt fyrir að fólk sé önnum kafið,“ segir Smári glaðlega en hann hefur oft furðað sig á neikvæðri umræðu fjölmiðla um þessi mál. Hann telur jákvæðustu breytinguna þá að fólk hafi aftur fengið trú á framtíð svæðisins.

Eitt aðaláhugamál Smára er tónlistariðkun ýmiss konar. Ber hann trommur, blæs í saxófón eða syngur allt eftir því sem þörf er á. „Ég er félagi í klúbbi sem heitir Brján sem er stytting á Blús, rokk og djassklúbbur á Nesi,“ segir Smári glettinn. Brján stendur fyrir mörgum tónlistarviðburðum á ári hverju. Þar ber einna hæst rokksýning á haustin í Neskaupstað en klúbburinn hyggur nú á útrás og ætlar að setja sýninguna upp á Broadway í Reykjavík í febrúar. ■

# Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er 80 ára

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var stofnað 17. janúar 1926 og er því áttatíu ára um þessar mundir. Þessara merku tímamóta verður minnst með ýmsum hætti, sérstaklega með því að styðja við bakið á starfsemi í þágu barna og ungs fólks með fjárframlögum. Til að mynda mun barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss njóta góðs af framtakinu. Þá efnir stjórn og fulltrúaráð til nokkurra viðburða á afmælisárinu fyrir félagsmenn og velunnara félagsins.



**REYKJAVÍK** Í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar eru rúmlega þrjú þúsund manns. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Við stofnun Starfsmannafélagsins voru félagar 68 og þar af aðeins tvær konur. Í dag eru félagsmenn rösklega þrjú þúsund og konur í miklum meirihluta. Síðan 1978 hefur deild eftirlaunafólks starfað innan félagsins og hefur innan sinna raða sex hundruð manns.

Félagið hefur frá upphafi barist fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi félagsmanna. Það var meðal stofnaðila BSRB árið 1942 og er nú annað fjölmennasta félagið innan vébanda þess. ■

## AFMÆLI

**Rakel Olsen** forstjóri er 64 ára.



**Muhammad Ali** hnefaleikakappi er 64 ára.



**Davíð Oddsson** seðlabankastjóri er 58 ára.



**Sigurjón M. Egilsson** fréttaritstjóri er 52 ára.



**Tryggvi Þór Herbertsson** hagfræðingur er 43 ára.




# ORMSSON

**SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800
**SMÁRALIND** SÍMI 530 2900

# ÞAÐ BESTA AF ÞVÍ BESTA

## Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í veggsjónvörpum.

**Sjón og heyrn er sögu ríkari.
Komið í heimabíó-básana okkar
í Smáralind og Síðumúla 9
og kynnist því besta.**



SAMSUNG

**SAMSUNG LE40M61BX**
Háskerpu LCD veggsjónvarp.
*Valið besta LCD Sjónvarpið 2005-2006*
6,4 milljarðar lita
Skerpa 5000:1
***Verð kr. 369.990***

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV Samsung LE40M61B



PUREBLACK Crystal Layer

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 PLASMA TV



PUREBLACK Crystal Layer

Pioneer

**PIONEER PDP–506XDE/FDE PLASMASKJÁR**
*Valið besta Plasma sjónvarpið 2005–2006*
Skjá stærð 127 cm (50 "r). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4000:1
***Verð frá: 499.900***

Pioneer

**PDP–436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3000:1
***Verð frá kr.: 399.900***



LOEWE.

**LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun. LOEWE Individual er skýr sönnun þess.**

**LOEWE INDIVIDUAL**
Skjástærð: 32 tommur 80cm.
HD Ready - HDTV háskerpusjónvarp
Skjáform: 16:9
Upplausn: 1366 x 768 , contrast filter
Innbyggður DVB-T /S stafrænn sjónvarpsmóttakari
Stafrænt inn- og úttengi
Mynd í mynd (PIP)
Textavarp 3500 síðna minni
Birta: 450 cd/m2
Magnari 4x40w
***Verð kr. 299.900***





***VERTU EINSTAKUR/EINSTÖK!***
LOEWE INDIVIDUAL býður upp á allt að 63 valkosti í áferð og lit.

RADIONAUST
**FURUVÖLLUM 5 · AKUREYRI · SÍMI 461 5003**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.





# STUÐ MILLI STRÍÐA Eitt kíló af vellíðan

**MARTA MARÍA** JÓNASDÓTTIR SETTI Á SIG SVUNTUNA OG BAKAÐI SÚKKULAÐIKÖKU



Ég get ekki gert að því að ég er ógurlega löt við að baka. Þótt ég eigi Kitchenaid hrærivél og fullkominn blástursofn dugir það ekki til. Það má segja að ég baki bara í neyð, fyrir afmæli og þegar ég býð í matarboð. Ég bakaði ekki eina smáköku fyrir jólin en það er bara því mér fannst svo tilgangslaust að eyða tíma í það. Sérstaklega þar sem hvorki ég né hinir í fjölskyldunni hefðu gott af því háma í sig smákökur yfir sjónvarpinu enda öll vel í holdum.

Kærastinn er þó alls ekki sammála og kvartar sáran undan því að það sé ekki bökunarilmur í loftinu. Hann dreymir um kanilsnúða og súkkulaðitertur.

Fyrir jólin fékk ég Súkkulaðibók Marentzu Poulsen sem er sneisafull af girnilegum uppskriftum sem eru fallega myndskreyttar en ljósmyndarinn Gísli Egill Hrafnsson sá um að skapa réttu stemmninguna. Mjög gott ráð til að fá svona konur eins og mig til að setja á sig svuntuna.

Vegna anna hafði ég rétt blaðað í gegnum bókina en síðan lenti hún uppi í hillu og er búin að vera þar síðan. Um helgina tók ég mig taki, dró bókina fram og ákvað að gleðja fólkið mitt með súkkulaðikökubakstri. Þessa ákvörðun tók ég eftir að hafa lesið fyrstu blaðsíðurnar þar sem greint er frá því að ekta dökkt súkkulaði sé í raun hollustuvara. Það sé ríkt af andoxunarefnum, framkalli vellíðan og auki frjósemi. Það var því ekki annað í stöðunni en að hlaupa út í búð til að kaupa eitt kíló af suðusúkkulaði (áætlað magn í tiltekna uppskrift), átta egg, smá sykur og kaffirjóma.

Það þarf ekki að lýsa þeirri dásamlegu tilfinningu sem fylgdi því að borða þessa súkkulaðiköku. Það er heldur ekki á hverjum degi sem maður innbyrðir jafn mikið súkkulaðimagn með jafn góðri samvisku og nær þar að auki að gleðja þá sem manni þykir vænt um. Það er aldrei að vita nema ég setji einhverntímann aftur á mig svuntuna og baki eitthvað annað súkkulaðikyns upp úr bókinni. Þetta er jú svo ógurlega hollt!!! ■

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott









## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 7 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 1 | 5 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 4 | 3 | 8 |
| 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 3 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 6 | 4 |
| 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | | 7 | |
| | 7 | | | 5 | | 2 | | 3 |
| | | | | | | | 5 | 6 |
| | | 3 | 8 | | | 7 | | 9 |
| | 8 | | | | | | 6 | |
| 6 | | 2 | | | 1 | 8 | | |
| 9 | 5 | | | | | | | |
| 3 | | 8 | | 7 | | | 1 | |
| | 1 | | | | 2 | | | |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS


Símaskráin
Lítur þú rétt út
í Símaskránni 2006?
Móttöku auglýsinga og skráninga í Símaskrána 2006 fer senn að ljúka.
Ef þú vilt breyta skráningunni þinni hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200 eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.
já
– er svarið

**! Kl. 20.00**
*Starfsemi Kvikmyndasafns Íslands hefst á ný eftir jólafrí með sýningu á myndinni* ***Hús í svefni*** *(1926) eftir* ***Guðmund Kamban****. Sýningar eru í Bæjarbíói, Strandgötu 6, Hafnarfirði.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Maríubjallan fer á kreik

Rússneska leikskáldið Vassily Sigarev þykir eitt fremsta leikskáld sinnar kynslóðar í Evrópu. Hjá Leikfélagi Akureyrar eru nú hafnar æfingar á Maríubjöllunni, einu af leikritum Sigarevs í þýðingu Árna Bergmann, og verður frumsýningin þann 17. febrúar í nýju leikrými Leikfélags Akureyrar að Hafnarstræti 74, sem enn hefur ekki hlotið nafn.



Hér er um að ræða kraftmikið og átakanlegt nútímaverk sem vakið hefur mikla athygli hvar sem það hefur verið sýnt. Maríubjallan gerist á einu kvöldi. Dima er 19 ára. Hann býr í blokk við hliðina á kirkjugarðinum, þaðan sem hann stelur legsteinum og selur.

Á morgun hefur hann herþjónustu en í kvöld heldur hann vinum sínum kveðjupartí. Þangað koma vinir hans Slavik og Arkasha auk stúlknanna Leru og Yulka.

Leikstjóri er Jón Páll Eyjólfsson en hann var tilnefndur til menningarverðlauna DV í fyrra fyrir leikstjórn og gagnrýnandi Morgunblaðsins útnefndi hann „mann ársins í íslensku leikhúsi“. Hann setti upp leikritið Frelsi í Þjóðleikhúsinu í haust.

Leikarar eru Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Esther Thalía Casey, Guðjón Davíð Karlsson, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Þráinn Karlsson.

Leikhópurinn mun halda úti svokallaðri æfingadagbók á netinu allt fram að frumsýningu verksins, þar sem áhugasamir geta fylgst með æfingaferlinu. Þar verður einnig hægt að nálgast myndbandsbrot og hljóðupptökur. Slóðin er: www.mariubjallan.blogspot.com. Sýningin hefst þriðjudaginn 17. janúar.

## > Ekki missa af ...

... málþingi um list **Kjarvals** sem haldið verður á Kjarvalsstöðum næstkomandi laugardag.

... tónleikum **Kammermúsíkklúbbsins** í Bústaðakirkju um næstu helgi, þar sem þau **Sigrún Eðvaldsdóttir, Zbigniew Dubik, Þórunn Ósk Marínósdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir** og **Gerrit Schuil** flytja kvartetta eftir Beethoven og Brahms.

... tónleikum **Tríós Reykjavíkur** í Hafnarborg um næstu helgi, þar sem **Ólafur Kjartan Sigurðarson** söngvari bregður á leik með þeim **Gunnari Kvaran, Guðnýju Guðmundsdóttur** og **Peter Maté**.


ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

Námskeið um Öskubusku og Rossini
Skráningarfrestur: 20. janúar
Skráning í síma: 525 4444 - endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka · Belgíska Kongó · Woyzeck

| Stóra svið | | Nýja svið/Litla svið | |
|---|---|---|---|
| **SALKA VALKA** | | **MANNTAFL** | |
| Su 22/1 kl. 20 | Fi 26/1 kl. 20 | Su 22/1 kl. 20 | SÍÐUSTU SÝNINGAR! |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR! | | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** | |
| **WOYZECK** | | Fi 16/2 kl. 20 | Fö 17/2 kl. 20 |
| Lau 21/1 kl. 20 | Su 29/1 kl. 20 | Lau 25/2 kl. 20 | Su 26/2 kl. 20 |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR! | | **BELGÍSKA KONGÓ** | |
| **KALLI Á ÞAKINU** | | Fö 20/1 kl. 20 UPPS. | Lau 21/1 kl. 20 UPPS. |
| Lau 21/1 kl. 14 | Su 22/1 kl. 14 | Lau 28/1 kl. 20 UPPS. | Mi 1/2 kl 20 UPPS. |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR! | | Lau 4/2 kl. 20 | Su 5/2 kl. 20 |
| **CARMEN** | | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** | |
| Fi 19/1 kl. 20 Gul kort | | Fi 19/1 kl. 20 | Fi 26/1 kl. 20 |
| Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort | | Fö 27/1 kl. 20 | Fi 2/2 kl. 20 |
| Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort | | **Naglinn** | |
| Lau 28/1 kl. 20 Blá kort | | Fö 20/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | |
| Fö 3/2 kl. 20 | Fö 10/2 kl. 20 | Lau 21 /1 kl. 20 | Su 22/1 kl. 20 UPPSELT |
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | | Fö 27/1 kl. 20 | Lau 28/1 kl. 20 |
| FRUMSÝNT Í FEBRÚAR. MIÐASALA HAFIN | | | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Fös. 20. Jan. kl.20
Lau. 21. Jan. kl.20 örfá sæti laus
Lau. 28. Jan. kl.20
Fös. 3. Feb. kl. 20
Lau. 4. Feb. kl. 20

eftir Jón Atla Jónasson
Hátíðaropnun
Fim. 19. Jan. kl 19.57
Sun . 22. Jan. kl 19.57
Fös. 27. Jan. kl. 19.57
Sun. 29. Jan. kl. 19.57
*Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans*

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/
Einar Má Guðmundsson
Þrið. 17. Jan.kl. 9 og 11 uppsellt
Þrið. 24. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
Mið. 25. Jan.kl. 9 og 11 Uppsellt
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

MORGUNÞÁTTURINN ZÚÚBER
SVALI GASSI JÓHANNA & STÍNA
ALLA VIRKA MORGNA KLUKKAN SJÖ Á FM957
FM 957



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Fös. 20/1 örfá sæti laus, lau. 21/1 örfá sæti laus, fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 nokkur sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2 örfá sæti laus.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 22/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00, sun. 12/2 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Fös. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 21/1 nokkur sæti laus, sun. 22/1 örfá sæti laus, mið. 25/1 **uppselt**, fös. 27/1, lau. 28/1, sun. 29/1, fös. 3/2, lau. 4/2, sun. 5/2 nokkur sæti laus, mið. 8/2 örfá sæti laus, fös. 10/2, lau. 11/2, sun. 12/2 **uppselt**.
**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Aðeins þessar sýningar!**

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**
Sun. 22/1 kl. 18:00 örfá sæti laus, sun. 29/1 kl. 18:00, sun. 5/2 kl. 18:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




KRISTÍN SCHEVING Efnir til óvenjulegrar kvikmyndahátíðar á Egilsstöðum í apríl.

# Undirbýr nýja hátíð tilraunamynda

„Þetta verður eina hátíðin á Íslandi með tilraunakvikmyndum og vídeómyndum,“ segir Kristín Scheving, sem þessa dagana er að skipuleggja dálítið óvenjulega kvikmyndahátíð sem haldin verður í apríl næstkomandi.

Hátíðina nefnir hún 700.is, sem stafar af því að hún er ekki haldin í Reykjavík eins og flestar aðrar kvikmyndahatíðir hér á landi, heldur á Egilsstöðum.

Hátíðin er opin kvikmyndagerðarfólki frá öllum heimshornum, en Kristín vonast til þess að sem flestir Íslendingar taki þátt.

„Fréttir af þessu hafa verið að breiðast út um netheiminn. Við höfum verið að fá umslög alls staðar að úr heiminum og erum nú þegar komin með 110 verk. Þau eru frá flestum Evrópulöndum, frá Bandaríkjunum og Brasilíu.“

Nánari upplýsingar um hátíðina má fá á www.700.is, en ástæðan fyrir þessari nafngift er að sjálfsögðu póstnúmerið á Egilsstöðum.

Kristín er myndlistarkona sem sjálf hefur fengist töluvert við gerð vídeóverka. Hún er nýflutt til Egilsstaða og fannst sjálfsagt að skipuleggja eitthvað af þessu tagi þar eystra.

„Það er svo mikið að gerast í Reykjavík, þannig að okkur langaði til að gera eitthvað öðruvísi hér.“ ■


Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
BROADWAY
5331100

# Óðurinn til græðginnar

**LEIKLIST**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

**Mindcamp**

Hafnarfjarðarleikhúsið

**Texti:** Jón Atli Jónasson, Egill Heiðar Anton Pálsson, Samuel Beckett, Friedrich Nietzche, Philip Ball, Stephen Levitt, Stephen Dubner, Carl Sagan og mindcamp-hópurinn. **Leikarar:** Jón Páll Eyjólfsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Þorsteinn Bachman, Arndís Egilsdóttir, Hanna Björk Guðjónsdóttir. **Tónlist:** Hallur Ingólfsson. **Hreyfingar:** Halla Ólafsdóttir. **Búningar:** Íris Eggertsdóttir. **Lýsing og sýningarstjóri:** Garðar Borgþórsson. **Leikstjóri:** Egill Heiðar Anton Pálsson.

**Niðurstaða:** Einstaklega skemmtilega hugsuð og vel unnin sýning sem enginn ætti að missa af.



Mindcamp.

Guðið Græðgi er rækilega tekið til skoðunar í sýningunni sem mindcamp leikhópurinn býður upp á í Hafnarfjarðarleikhúsinu þessa dagana. Öll boðorð þess guðs – markaðssetning, kaupmáttur, hagvöxtur, fljótandi hagkerfi, framboð og eftirspurn, þurfa, langa, eignast og fá – reifuð. Fagnað áhrifunum sem þau hafa á gildismat okkar og hvernig við skilgreinum okkur sem manneskjur. „Ég kaupi, þess vegna er ég. Ég er, þess vegna kaupi ég“. Allt búið með siðferði, náungakærleik, samúð, meðaumkvun og önnur slík dráttarlóð samviskunnar. Þess á milli er beðið eftir því að eitthvað gerist, einhver komi til þess að segja okkur hvert skal halda. Ef enginn kemur, blasir tilgangsleysið eitt við og þá ekkert annað að gera í stöðunni en að hengja sig.

Persónurnar eru sakleysingjar sem búa í heimi byggðum úr pappakössum með strikamerkjum til að undirstrika þann galtóma huga sem hægt er að forrita og þjálfa hvernig sem er, fagnaðarerindið er boðað í gegnum risaskjá. Sannleikurinn er á skjánum. Þar er hamrað og hamrað á gleðinni sem fylgir því að kaupa og eignast. Innihaldslausar persónurnar brosa út í eitt – eða réttara sagt, bera tennurnar – í eilífri hamingju yfir því að enginn munur skuli vera á alsælu og alzheimer, hafa ekkert að segja samferðarmönnum sínum utan endurteknar ræskingar, gleðisnauðan hlátur, eilítið kossablístur og hæ. Svo er haldið partí þar sem menn skála og setja upp hatta sem hæfa því hlutverki sem þeir leika í lífinu hverju sinni.

Sýningin er glettilega vel skrifuð og samsett paródía. Þar er vísað í skáld og heimspekinga fyrri tíma, svona rétt til að benda okkur á að við höfum verið vöruð við – margsinnis. Vísanirnar í Beðið eftir Godot eftir Samuel Beckett verða þó að teljast öflugastar, svona eins konar kjarni sýningarinnar. Biðin, tilgangsleysið, og í kjölfarið lömunin sem fylgir, ef enginn kemur til að vísa okkur veginn að gerviþörfunum, er óbærileg. Og ef ekki er til framkvæmdaorka til þess að hengja sig, er hægfara sjálfseyðing eini kosturinn í stöðunni. Það er haldið partí og óðurinn til græðginnar þulinn.

Hver einasti þáttur sýningarinnar er úthugsaður og feykivel unninn í heildarverki sem unun er á að horfa og hlýða. Leikhópurinn, sem kallar sig mindcamp hópinn slær ekki feilpúst. Þar eru engin hlutverk. Í heimi græðginnar er allt sem greinir eina manneskju frá annarri horfið. Allt sem greinir leikara frá orðum, tónum, útliti og umgjörð, horfið. Innihaldslausar persónurnar eru skilgreindar út frá klisjum úr stjörnuspekinni. Þau eru meyja, fiskur, sporðdreki og bogmaður. Annað skiptir ekki máli. Persónurnar eru það sem þær trúa. Þær renna saman í eina allsherjar auðn og leikhópurinn kemur þeim skilaboðum óaðfinnanlega til áhorfandans.

Átt þú miða?

Dregið í dag

Tryggðu þér miða fyrir kl. 18
í 800 6611 eða á hhi.is

Það hefur sjaldan verið eins auðvelt að vinna í Happdrætti Háskólans. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa og greiðum út um 800 milljónir í beinhörðum peningum. Við óskum hinum fjölmörgu vinningshöfum dagsins, sem vilja ekki láta nafns síns getið, innilega til hamingju. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings





GÓLF-MOTTUR
við innganginn borga sig

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

CORAL®



Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is





Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Pantaðu viðtal

Ágæti borgarbúi

Pantaðu viðtal við borgarstjóra í þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Bókaðu tíma í síma 411 1600.
Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra.
Heitt kaffi á könnunni.

Með bestu kveðju

Viðtalstími föstudaginn 20. janúar kl. 10–12

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða | Skúlagötu 21 | Sími 411 1600

Næstu viðtöl borgarstjóra:
Miðgarður – þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness – 27. janúar kl. 10–12

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

T I L B O Ð

20% AFSLÁTTUR




ENNEMM / SÍA / NM20030

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**AMPOP** Tríóið Ampop heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

# Ampop í kjallaranum

Hljómsveitin Ampop, sem gaf út plötuna My Delusions fyrir jól, heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum næstkomandi fimmtudag.

Ampop hefur verið á tónleikaferðalagi um Bretlandseyjar að undanförnu til að fylgja plötunni eftir. Hljómsveitin Ég mun sjá um upphitun í kjallaranum. Húsið opnar klukkan 20.30 en Ég hefur leik klukkutíma síðar. Forsala miða á tónleikana fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar. Aðeins 250 miðar eru í boði. ■

# Pantheon-verðlaunin afhent

Hljómsveitirnar Arcade Fire og Anthony and the Johnsons eru á meðal þeirra sem eru tilnefndar til Pantheon-verðlaunanna sem verða afhent í Bandaríkjunum í fyrsta sinn þann 6. febrúar.

Verðlaunin eru afhent þeim listamönnum sem eiga athyglisverðar plötur sem hafa selst í færri en hálfri milljón eintaka. Þykir verðlaunum svipa mjög til Mercury-verðlaunanna í Bretlandi.

Á meðal annarra tilnefndra listamanna eru Sufjan Stevens, Kings of Leon, MIA, Bloc Party, Animal Collective, The Decemberists, Fiona Apple og Death Cab.



**ARCADE FIRE** Hljómsveitin Arcade Fire gaf út plötuna Funeral undir lok ársins 2004.


HÓTEL ÖRK **Einstakt** HÓTEL ÖRK

**Bóndadagstilboð**



*Í tilefni* ***bóndadagsins*** *föstudaginn 20. janúar veitum við konum einstakt tækifæri til að gera vel við bónda sinn.*

***Frí gisting,*** *í tvíbýli eina nótt, ef keyptur er þriggja rétta kvöldverður hússins.*
*Tilboðið gildir fimmtudaginn 19. janúar og föstudaginn 20. janúar.*

*Fimmtudagur:*
*Villisveppasúpa*
*Nautaframhryggur*
*Súkkulaðikaka*

*Föstudagur:*
*Humarsúpa*
*Hægeldaður lambalærvöðvi*
*Þriggja laga súkkulaðipýramídi*

*Verð* ***5.450,-*** *kr. á mann.*
*Morgunverður af hlaðborði innifalinn.*
*Lifandi tónlist föstudagskvöld*

**Árshátíðir - Veislur - Fundir - Ráðstefnur**

**Pantanir í síma 483 4700**
**www.hotel-ork.is**
**info@hotel-ork.is**
**HÓTEL ÖRK**




**ANTONIO MARRAS** Prúðmennskan var í fyrirrúmi hjá Marras.



**DOLCE&GABBANA** Tvíhneppt vesti er með því allra flottasta en Dolce&Gabbana hrista hérna upp í fína stílnum með því að bæta smá blingi við.



**VERSACE** Glæsileikinn er ávallt í fyrirrúmi hjá Versace.

# Prúðmennin í Mílanó

Mittislindar, jakkafatavesti, skínandi fínir pússaðir leðurskór og fleira sem sæmir flottustu herramönnum er áberandi á tískupöllunum í Mílanó þessa dagana. Í þeirri borg stendur nú herratískuvika sem hæst þar sem margir flottustu hönnuða heims sýna línur sínar fyrir næsta haust og vetur.

Það er alveg ljóst að við munum eiga von á herratísku sem einkennist af prúðmannlegum klæðaburði og svo virðist sem druslulúkkið sé á leið út. Þið herramenn ættuð því að draga fram föt í fínni kantinum og leggja druslulegu bómullarbolunum og rifnu gallabuxunum.

Fyrir þá sem fíla alls ekki að vera í svo fínum fötum frá toppi til táa dagsdaglega er vel hægt að leika sér með þennan stíl. Til dæmis er auðvelt að taka ýmsar flíkur eins og jakkafatavesti eða fína skó og glansa hversdagslega stílinn aðeins til.



**BURBERRY PRORSUM** Mittislindar og flaksandi glæsitreflar voru áberandi hjá Burberry Prorsum.



**COSTUME NATIONAL HOMME** Örlítill bítnikkastíll er hér á sveimi í bland við nördalúkk og slettu af töffaraskap.

**MISSONI** Það má alltaf stóla á litríka og skemmtilega hönnun frá Missoni.

**ANTONIO MARRAS** Þessi er eins og klipptur út úr gamaldags „rakarastofukvartett.“

**BURBERRY PRORSUM** Stórar handtöskur eru ekki bara fyrir konur.





**4,35% VEXTIR**

**FRJÁLS ÍBÚÐALÁN**

Okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að heima sé best!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN



**RED HOT CHILI PEPPERS** Rokksveitin vinsæla gefur út tvöfalda plötu þann 8. maí.

# Ný plata 8. maí

Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers gefur út plötuna Stadium Arcadium þann áttunda maí. Platan verður tvöföld og hefur að geyma 24 lög, þar á meðal fyrsta smáskífulagið Dani California.

Platan átti upphaflega að vera þreföld með 38 lögum en ekkert varð úr þeim hugmyndum. Söngvarinn Anthony Kiedis hefur látið hafa eftir sér að platan sé bæði draumkennd og rómantísk.

Þetta verður í fyrsta sinn sem hljómsveitin gerir þrjár plötur í röð með sömu meðlimum en sú síðasta, By the Way, kom út sumarið 2002. Þar á undan gaf hún út Californication 1999, sem markaði endurkomu gítarleikarans Johns Fruiscante sem hætti eftir að sveitin gaf út hina vinsælu Blood Sugar Sex Magik.

Upptökustjóri nýju plötunnar er Rick Rubin sem hefur m.a. unnið með System of a Down og Beastie Boys. ■

# White Stripes í Simpsons

Rokkdúettinn The White Stripes, sem hélt eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll í fyrra, mun koma fram í þætti um Simpsons-fjölskylduna á næstunni.

Matt Groening, höfundur The Simpsons, er víst mikill aðdáandi dúettsins og vildi endilega fá hann í næstu þáttaröð. Á meðal þeirra sem munu einnig koma fram í þáttaröðinni eru Ricky Gervais úr The Office, Kiefer Sutherland og rithöfundurinn Tom Wolfe.

The White Stripes mun bætast í hóp þekktra hljómsveita sem hafa komið fram í The Simpsons. Á meðal þeirra eru Metallica, R.E.M, Sonic Youth og Sir Paul McCartney.

Jack White, söngvari The White Stripes, er um þessar mundir að jafna sig eftir að hafa misst röddina á síðustu tónleikaferð sveitarinnar. Má hann ekki tala, hvað þá syngja á næstunni. ■



**THE WHITE STRIPES** Rokkdúettinn kemur fram í The Simpsons í næstu þáttaröð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vísir

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

KOSNING UM VINSÆLASTA FLYTJANDANN Á VISIR.IS.
TAKTU ÞÁTT - KJÓSTU NÚNA
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR 2 Á HÁTÍÐINA

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN 2005

TÓNLIST Í SÉRFLOKKI

Nýjasta verk JFM hefur hlotið frábæra dóma enda á ferðinni einstaklega áheyrileg en jafnframt óvenjuleg tónlist. Gjörvöll hljóðmyndin er framkölluð með aðeins einu hljóðfæri, hinu magnaða og litríka píanói Jakobs Frímanns.




„Eins og hvert mannsbarn veit á Jakob að baki gifturíkan feril með vinsælustu popphljómsveit Íslendinga fyrr og síðar - Stuðmönnum. PIANO er glæsileg viðbót í þessa einstöku ferilskrá. Hugmyndin er frábærlega glúrin og úrvinnsla hennar vel heppnuð. Styrkur plötunnar liggur fyrst og fremst í því að þrátt fyrir örgustu tilraunastarfsemi rennur hún ljúflega um eyru. Tilvist verksins liggur þannig á mörkum tveggja heima, sem gefur því þann kraft og það líf sem það býr yfir“
★★★★
Arnar Eggert Thoroddsen - Morgunblaðinu

„Diskógrafía Jakobs er stór og löng og margvísleg: Til eru menn sem lagt hafa stund á að safna hinum alvarlegri verkum hans - fullyrða að hann sé vanmetnasti tónlistarmaður sinnar kynslóðar.
Jakob er frábær spilari, tæknilega heill - það er hlýja í leiknum, gáskablandin eins og við mátti búast, en dramað aldrei fjarri: þreifingar verða að hreyfingu og tilfinningu eins og í Teaser.
Verkið ber allt merki fullþroska listamanns sem tók út þroska á tímum rafdjassins. Næturhljóð með ljósgliti og stjörnum á heiðum kvöldhimni“
★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson - DV



NÝ SENDING FRÁBÆRRA DVD DISKA:
Stuðmenn í Royal Albert Hall, Í takt við tímann og Með allt á hreinu.

REYKJAVIK RECORDS

DREIFING
sena




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8, og og 10.45 |
| CHEAPER BY THE DOZEN 2 | kl. 4, 6 og 8 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| BROTHERS GRIMM | kl. 5.30 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5,20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA
HOSTEL kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
BROTHERS GRIMM kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| JUST FRIENDS | kl. 10 B.I. 12 ÁRA |
| CHEAPER BY THE DOZEN 2 | kl. 6 og 8 |
| HOSTEL | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6, B.I. 14 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað






**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

ÍSLENSKA fyrir útlendinga I
8 vikur – 30 kennslust.

ÍSLENSKA fyrir útlendinga II
5 vikur – 20 kennslusl.

**Garðyrkjunámskeið**
GARÐURINN ALLT ÁRIÐ
MAT – OG KRYDDJURTIR
TRJÁKLIPPINGAR
TRJÁRÆKT Í SUMARBÚSTAÐALANDINU

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2006

**Tölvunámskeið**
FINGRASETNING
VEFSÍÐUGERÐ FrontPage
TÖLVUGRUNNUR
TÖLVUGRUNNUR Framhald:
WORD Ritvinnsla
UPPSETNING RITGERÐA

**Ýmis námskeið**
BÓKHALD SMÆRRI FYRIRTÆKJA
Grunnatriði í bókhaldi

**Matreiðslunámskeið**
GÓMSÆTIR BAUNA–PASTA – OG GRÆNMETISRÉTTIR.
GÓMSÆTIR HOLLIR SUÐRÆNIR RÉTTIR FRÁ MIÐJARÐARHAFSLÖNDUNUM
MATARMIKLAR SÚPUR OG HEIMABAKAÐ BRAUÐ
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN I Grunnnámskeið
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN II Framhaldsnámskeið
SPENNANDI BÖKUR

**Saumanámskeið**
BÚTASAUMUR
CRAZY QUILT
FATASAUMUR / BARNAFATASAUMUR
ÞJÓÐBÚNINGUR - SAUMAÐUR
SKRAUTSAUMUR – BALDERING

**Verklegar greinar**
BÓKBAND
FRÍSTUNDAMÁLUN
GLER – POSTULÍNSMÁLUN
GLERLIST
HURÐARKRANS ÚR BIRKI
ÍKONAGERÐ
LEIRMÓTUN
LOPAPEYSA PRJÓNUÐ
SILFURSMÍÐI
STAFRÆN MYNDATKA Á VIDEOVÉLAR
KLIPPING Á STAFRÆNUM KVIKMYNDUM
TRÉSMÍÐI
ÚTSKURÐUR

**Innritun í síma 564 1507 9. – 19. janúar kl. 10 – 18**
á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla
Fyrstu námskeiðin hefjast 23. janúar
Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is Vefsíða: http:// kvoldskoli.kopavogur.is


# Enn vandræði hjá Miller og Law

Breska blaðið The Mirror greinir frá því að meiri vandræði séu í uppsiglingu hjá stjörnuparinu Jude Law og Siennu Miller. Samkvæmt heimildum blaðsins er Law kominn heim frá Bandaríkjunum fyrr en áætlað var og eru líkur leiddar að því að samband hans við leikkonuna standi höllum fæti enn á ný. Upphaflega ætlaði Jude að vera viðstaddur tökur á mynd Millers, Factory Girl, sem er tekin upp í Louisiana. Parið ætlaði að nýta allan frítímann og ræða framtíð sína en Law virðist hafa gefist upp á rifrildum og farið heim.

Samkvæmt The Mirror telur leikarinn kynþokkafulli að tíma hans sé betur varið með börnunum en að rífast við spúsu sína. Samkvæmt heimildum blaðsins ætlar Law að dveljast í Englandi þangað til æfingar fyrir næstu mynd hans, Holiday, hefjast í Los Angeles á fimmtudaginn.

Samband þessara stjörnuleikara hefur verið stormasamt en þau kynntust á tökustað kvikmyndarinnar Alfie. Lengi vel leit út fyrir að ekkert myndi granda kærleika parsins en Adam var ekki lengi í paradís því upp komst um framhjáhald þeirra beggja, Law með barnfóstru og Miller með Bond-leikaranum Daniel Craig. Parið tók aftur saman fyrir skömmu en ástæðan fyrir flugferðinni heim er samkvæmt The Mirror skortur á trausti hjá báðum aðilum sem væntanlega kemur hvorugum aðilanum á óvart.



**LAW OG BÖRNIN** Leikarinn hefur ákveðið að einbeita sér frekar að uppeldi barnanna sinna en að deila við kærustuna.
FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



**MILLER OG LAW** Hafa eldað grátt silfur saman en virðast ekki geta slitið sig hvort frá öðru.


Tilboðin gilda til 31.1. 2006




15%

**HYDROXYCUT**
Eitt vinsælasta fitubrennsluefni heims.
Nú nýtt og endurbætt. Eykur fitubrennslu og minnkar matarlyst.




15%

**L'ORÉAL PERFECT SLIM PLÁSTRAR OG GEL**
Plástrarnir eru 6 sinnum öflugri en samanburðarvara í rannsóknum og mjög öflugir gegn fitusöfnun. Bæði plástrarnir og gelið virka einnig vel gegn appelsínuhúð þannig að húðin verður sýnilega mýkri og sléttari – strax eftir fyrstu notkun.




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| JARHEAD | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| JARHEAD VIP | KL. 8-10:30 | |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10:20 | |
| DOMINO | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5-8 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 6-9:30 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4.20 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| DOMINO | KL. 8-10:30 |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | KL. 8-10 |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| JARHEAD | KL. 8-10:15 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8 | |
| KING KONG B.I. 12 | KL. 10 | |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| DOMINO | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6-9 | |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 | B.I. 10 |

SAMBÍÓIN

## HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 6 | |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6-9 | B.I. 10 |

| | |
|---|---|
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 5.30 |
| SANKTI ANGE - SAINT ANGE | KL. 5:50 |
| LEMMING - LÆMINGI | KL. 8-10:30 |
| VILLIGÖTUR - LES ÉGARÉS | KL. 8 |
| NAÐRAN - VIPÉRE AU POING | KL. 10 |

Háskólabíó


# Sopranos-veldið líður undir lok

Aðdáendur mafíuósaþáttanna Sopranos ættu að taka fram klútana og búa sig undir áfall. Í mars hefjast sýningar á tólf þátta röð og henni verður fylgt eftir með átta þáttum í janúar 2007. Eftir það er saga Tonys Soprano og félaga hans öll en þetta upplýsti skapari þáttanna, David Chase, á blaðamannafundi í Pasadena. Fréttavefur BBC greinir frá því á heimasíðu sinni að Chase hafi allt að því útilokað að kvikmynd yrði gerð um glæpaforingjann í New Jersey og sagðist hreinlega ekki geta séð hana verða að veruleika svo að vel yrði.

James Gandolfini, sem leikur Tony, hefur enn fremur sagt að hann sé orðinn hálfþreyttur á þessu hlutverki sem byggist að mestu leyti upp á hörku og töffaraskap. „Ég vil fara að snúa mér að einhverju öðru," sagði hann. BBC-fréttavefurinn hefur eftir leikaranum að hann hafi í hyggju að framleiða og leika í kvikmynd um ástarsamband rithöfundarins Ernest Hemingway og Mörthu Gellhorn en þau kynntust þegar Gellhorn var fréttaritari í spænsku borgarastyrjöldinni.



**JAMES GANDOLFINI** Tony Soprano hefur átt hug og hjörtu margra sjónvarpsáhorfenda í gegnum árin en leikarinn James Gandolfini segist vera orðinn þreyttur á kauðanum.


**Skrifstofuvörur**
– á tilboði í janúar 2006




*Þú ert í góðum höndum*
*þar sem fagmennirnir vinna með þér*
**Katrín Edda Svansdóttir**
*- sölumaður í þjónustuveri RV*

329 kr
Gatari
2ja gata með kvarða

198 kr
Mopak ljósritunarpappír
500 blöð í búnti

138 kr
Bréfabindi A4
8cm kjölur

TUNGLIÐ RV2055A

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2
Sími: 520 6666
www.rv.is

*Áttu eitthvað gott til að koma mér af stað?*






15%
**SORBITOL**
Þarftu að koma einhverju frá þér?
Öflug hreinsun.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*



## > Hrafnhildur í ham

Hrafnhildur Skúladóttir skoraði átta mörk þegar lið hennar, SK Arhus, gjörsigraði Roskilde 41-17 í 1. deild kvenna í Danmörku. SK Arhus er efst í deildinni með 28 stig og hefur tveggja stiga forystu á næsta lið, Tvis Holstebro.

# sport

sport@frettabladid.is

**BESTI LEIKMAÐUR ÍSLANDSMÓTS KVENNA SÍÐUSTU TVÖ ÁR:** HEFUR LAGT SKÓNA Á HILLUNA

## *Hefur leikið sárkvalin síðustu tvö ár*

Knattspyrnukonan Laufey Ólafsdóttir hjá Val, besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna síðustu tvö sumur, hefur ákveðið að leggja fótboltaskóna á hilluna, að minnsta kosti í bili, vegna þrálátra hnjámeiðsla. Laufey tilkynnti liðsfélögum sínum þetta í síðustu viku en ljóst er að um er að ræða gríðarlega blóðtöku fyrir lið Vals.

„Ég er með svo mikið af brjóskskemmdum í hnénu og hef verið lengi að nú á ég eiginlega ekki annarra kosta völ. Þetta hefur staðið til síðustu tvö ár en alltaf hefur Elísabet [Gunnarsdóttir] þjálfari náð að tala mig til, svo komumst við í Evrópukeppnina í fyrra svo að það hefur verið mjög erfitt að hætta. En nú er komið nóg," segir Laufey sem er aðeins 24 ára gömul en hefur þrátt fyrir það unnið allt sem hægt er að vinna hér heima.

Hún segist hlakka til þess að eiga eitt sumar þar sem hún finnur ekki fyrir verkjum í fótunum. „Þetta hefur farið versnandi með tímanum og síðustu tvö sumur hef ég alltaf spilað með mikla verki og farið nánast vælandi að sofa eftir leiki," útskýrir Laufey sem þrátt fyrir verkina hefur spilað eins og engill með Val síðustu tvö sumur og verið valin besti leikmaður tímabilsins.

„Þetta er misjafnt eftir álagi en ég finn fyrir þessu á hverjum einasta degi jafnvel þegar ég sit. Læknar segja mér að ef ég vil geta gengið eftir fertugt þá verði ég að fara að hugsa minn gang," segir Elísabet, sem vill þó ekki algjörlega útiloka endurkomu á fótboltavöllinn í framtíðinni. „Maður á aldrei að segja aldrei en mér þykir það afar ólíklegt."



## > Jón Arnór blómstrar á Ítalíu

Jón Arnór Stefánsson, körfuknattleiksmaður í Napolí skoraði 11 stig þegar lið hans, Napoli, bar sigurorð af Cantu frá Como 101-89 í ítölsku A-deildinni á sunnudag. Jón hefur verið að standa sig mjög vel með Napoli og er liðið í öðru sæti deildarinnar með 22 stig eftir 16 leiki.



# Íslendingar eru bestir í heimi í hraðaupphlaupum

**Gunnar Pettersen, þjálfari norska landsliðsins í handbolta, sér enga fyrirstöðu fyrir því að íslenska landsliðið geti blandað sér í baráttuna um sigur á EM í Sviss.**

**HANDBOLTI** Gunnar Pettersen, þjálfari norska landsliðsins í handbolta, telur Íslendinga vel geta blandað sér í toppslaginn á komandi Evrópumóti í Sviss eftir að hafa gert jafntefli við þá í frábærum handboltaleik á sunnudaginn. Pettersen segir frammistöðu lærisveina sinna í leiknum hafa verið eina af þeim allra bestu undir hans stjórn en samt hafði það ekki dugað til sigurs. Það segi ýmislegt um styrkleika íslenska liðsins.

„Ísland skorar alltaf mikið af mörkum sem gerir það að verkum að það er afar erfitt að vinna liðið. Það skorar nær alltaf yfir 30 mörk og ég hef sagt það síðustu þrjú ár að þegar kemur að hraðaupphlaupum stenst ekkert lið því íslenska snúning. Ísland er einfaldlega besta hraðaupphlaupslið í heiminum með ótrúlega fljóta leikmenn," sagði Pettersen við Fréttablaðið. Hann segir að ef lið nái ekki að stöðva þessi hraðaupphlaup verði Ísland ekki auðsigrað.

„Íslendingar skoruðu yfir tíu mörk úr hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik. Í hálfleik sagði ég mínum mönnum að byrja að hlaupa til baka í þann mund sem við vorum að skjóta á markið. Það gerðu þeir í seinni hálfleik og okkur gekk betur að eiga við hraðaupphlaupin. Þetta er það sem þarf. „Það þarf í rauninni að huga að því að bakka í vörn áður en skotið er á markið – íslensku leikmennirnir eru það fljótir," segir Petterson.

Um vörn íslenska liðsins segir Petterson að hún sé í framför. „En þetta er líka spurning um áherslur. Ég legg mest upp úr því að spila góða vörn á meðan Viggó Sigurðsson leggur meiri áherslu á sóknina og að skora mikið af mörkum. Það er bara hans stíll sem þjálfari."

Petterson spáir íslenska liðinu góðu gengi á EM í Sviss. „Af hverju ekki? Liðið hefur ekki tapað í síðustu 16 leikjum og það er engin tilviljun. Ég get fullyrt að þeir munu ekki tapa stórt fyrir neinu liði. Ísland er samkeppnishæft við hvaða lið sem er og ef leikmenn finna sitt toppform á mótinu getur íslenska liðið vel orðið Evrópumeistari." **- vig**



**GUNNAR PETTERSEN** Landsliðsþjálfari Noregs segir lið sitt hafa spilað frábærlega gegn Íslendingum á sunnudag en að það hafi ekki dugað til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**ARNAR ÞÓR VIÐARSSON** Til Hollands

Logi Geirsson:

## Alveg laus við bakmeiðslin

**HANDBOLTI** Logi Geirsson, handboltamaður hjá Lemgo í Þýskalandi, hefur fengið grænt ljós frá læknum liðsins að hann megi byrja að æfa af fullum krafti að nýju.

„Ég var að koma frá læknunum og þeir sögðu að ég mætti byrja að æfa af fullum krafti á nýjan leik. Það má því segja að menn séu mjög glaðir í dag," sagði Logi kampakátur við Fréttablaðið síðdegis í gær. **- toh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

14 15 16 **17** 18 19 20

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Höttur** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland-Express deild karla í körfubolta á Egilsstöðum.
- 19.15 **HK** og **ÍBV** mætast í SS-bikar kvenna í handbolta í Digranesi.
- 19.15 **FH** og **Haukar** mætast í SS-bikar kvenna í handbolta í Kaplakrika.

### SJÓNVARP

- 18.00 **Sportið** á Sýn.
- 18.12 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.30 **Bestu bikarmörkin** á Sýn.
- 19.30 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Bein útsendnding frá leik **Leeds** og **Wigan.**

Það var hart barist í DHL-deild kvenna í gærkvöldi þegar Haukar og Grindavík mættust. Haukar sigruðu að lokum með einungis einu stigi, 73-72.

# Haukar styrkja stöðu sína

**KÖRFUBOLTI** Mikil spenna var þegar Haukar og Grindavík mættust á Ásvöllum í hafnarfirði í gær. Jafnt var á á öllum tölum í fyrri hálfleik og fóru Haukar inn með þriggja stiga forskot í hálfleik.

Í síðari hálfleik sýndu þeir svo styrk sinn og sigu fram úr Grindvíkingum þrátt fyrir að besti leikmaður þeirra, Meg Mahoney, væri ekki með.

Þær komust mest 13 stigum yfir í síðasta leikhluta og voru gott sem búnar að tryggja sigurinn. Grindvíkingar gáfust þó ekki upp og skoruðu 12 seinustu stigin í leiknum en náðu ekki að brúa bil Haukanna. **-toh**



**ARNAR ÞÓR VIÐARSSON** Til Hollands

Arnar Þór Viðarsson:

## Á leið til Twente

**FÓTBOLTI** Arnar Þór Viðarsson, fyrirliði belgíska liðsins Lokeren, hefur ákvðið að ganga til liðs við hollenska úrvalsdeildarliðið Twente. Í samtali við Fréttablaðið sagði Arnar að málið væri nánast frágengið.

„Á þessum tímapunkti er þetta frekar spurning um hvenær ég fer frá Lokeren heldur en hvort ég fer. Twente vill fá mig helst í gær á meðan forráðamenn Lokeren eru að vonast til að þeir geti notað mig í seinasta skipti á laugardaginn. En maður veit aldrei fyrr en búið er að handsala samninginn. Þrátt fyrir að forráðamenn Lokeren vilji ólmir halda mér þá get ég einfaldlega ekki neitað þessu tilboði. Bæði er Twente frábær klúbbur og samningurinn einnig góður." **- toh**

## ÚRSLIT GÆRDAGS

*Iceland Express-deild kvk:*

**HAUKAR-GRINDAVÍK**

**Stig Hauka** : Helena Sverrisdóttir 33 , Hanna Hálfdánardóttir 13, Kristrún Sigurjónsdóttir 12, Pálína Gunnlaugsdóttir 9, Unnur Tara Jónsdóttir 4, Sigrún Ámundardóttir 2

**Stig Grindavíkur** : Jerica Watson 30, Jóhanna Lilja Stefánsdóttir 11, Alma Rut Garðarsdóttir 10, Hildur Sigurðardóttir 6, Erna Rún Magnúsdóttir 5, Ólöf Helga Pálsdóttir 4, Petrún Erna Skúladóttir 4, Elfa Sigmundsdóttir 2.




Veldu nýja hönnun - **Ford**Fiesta www.ford.is

*Nýtt tákn um gæði*



# Sjálfskipt í Fiesta. Núna

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

## Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Ford Fiesta.

Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákn um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.

Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrýmið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílnum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

**Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.***

| | |
|---|---|
| **Kaupverð** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **1.390.000 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **1.540.000 kr.** |
| **Bílasamningur** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **18.920 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **20.970 kr.** |
| **Rekstrarleiga** | |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | **26.910 kr.** |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | **29.590 kr.** |

Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytiseyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman aksturseiginleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggispúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggispúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bílbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bílbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bílbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsivörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bíl en áður. Tryggðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.

Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

## Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

| | |
|---|---|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggispúðar | Trend áklæði á sætum |
| 5 höfuðpúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlalæsivörn | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bílbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstillt bílbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir |
| Ræsivörn | útispeglar |
| Fjarstýrð samlæsing | Litað gler |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Samlitir stuðarar |
| Hæðarstillanlegt stýri | Þokuljós |

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

### Eða Fusion - svolítið jeppalegri?

Skoðaðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bíl en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svolítið jeppalegri. Skoðaðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin. Komdu í Brimborg.



■ **Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,6i sjálfskiptur*
Kaupverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

## Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



■ **Ford** Fiesta Trend
3 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.360.000 kr.
Bílasamningur 18.500 kr.
Rekstrarleiga 26.400 kr.



■ **Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.470.000 kr.
Bílasamningur 19.990 kr.
Rekstrarleiga 28.350 kr.



■ **Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 25.730 kr.
Rekstrarleiga 33.990 kr.



■ **Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.845.000 kr.
Bílasamningur 25.000 kr.
Rekstrarleiga 32.200 kr.



■ **Ford** Mondeo Ghia
4 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.290.000 kr.
Bílasamningur 31.180 kr.
Rekstrarleiga 40.900 kr.



■ **Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 35.470 kr.
Rekstrarleiga 46.900 kr.



■ **Ford** Mustang Deluxe
Coupe 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 38.940 kr.



■ **Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.620 kr.
Rekstrarleiga 47.900 kr.



■ **Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.660.000 kr.
Bílasamningur 46.950 kr.
Rekstrarleiga 61.960 kr.



■ **Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.990.000 kr.
Bílasamningur 51.500 kr.
Rekstrarleiga 68.960 kr.



■ **Ford** Expedition XLT 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.395.000 kr.
Bílasamningur 59.810 kr.
Rekstrarleiga 83.760 kr.



■ **Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 32.250 kr.
Rekstrarleiga 43.720 kr.



■ **Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.495.000 kr.
Bílasamningur 47.560 kr.



■ **Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.995.000 kr.
Bílasamningur 54.360 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: af Fiesta er álfelgur; af Ranger er tvílitur.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„This is Tommy. He tells people he's named after a gun, but I know he's named after a famous 19th century ballet dancer."**

**Svar:** Turkish úr kvikmyndinni Snatch árið 2000.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **BERGSTEINI SIGURÐSSYNI VAR KOMIÐ ÞÆGILEGA Á ÓVART Á SUNNUDAGSKVÖLD**

## *Loksins byrjað að plotta*

Að gefnu tilefni geri ég yfirleitt varúðarráðstafanir áður en ég horfi á nýtt íslenskt sjónvarpsefni í fyrsta sinn. Ég klippi neglurnar á höndunum svo sárin í lófunum verði ekki of djúp og sker nokkrar appelsínur í báta til að stinga upp í mig þegar ég byrja að gnísta tönnum. Sem betur fer var óþarfi að grípa til þessara óyndisúrræðna á sunnudagskvöld þegar RÚV sýndi fyrsta þáttinn af þremur í röðinni Allir litir hafsins eru kaldir eftir Önnu Th. Rögnvaldsdóttur.

Það fyrsta sem greip athyglina var að áferðin er öllu vandaðri en við höfum átt að venjast í innlendri dagskrárgerð. Eitt það gleðilegasta sem reyfaravæðing íslenskra bókmennta hefur haft í för með sér er að loksins er hægt að lesa bækur þar sem plottið er í fyrirrúmi. Það er svo sem of snemmt að fullyrða með Alla liti hafsins... en plottið lofar að minnsta kosti góðu og vonandi að það eru að verða sambærileg straumhvörf í leiknu efni og í skáldsögum. Að hætti reyfara er sagan raunsæisleg og í henni samfélagslegur undirtónn, en að sama skapi er hún líka formúlukennd.



Ég get ekki betur séð en vel hafi verið skipað í flest hlutverk og leikstjóranum hafi tekist að særa leikhúsdrauginn úr flestum þó að samtölin hafu reyndar verið stirðbusaleg á köflum. Hilmir Snær Guðnason er góður í hlutverki uppalögfræðingsins Ara, sem hefur líka sínar sympatísku hliðar. Magnús Ragnarsson og Baldur Trausti Hreinsson skila sínu vel sem hörkulega lögguteymið. Persónurnar eru kannski full líkar fyrir minn smekk, en Marta Nordal brýtur það upp. Þá er Jón Sæmundur Auðarson sannfærandi sem dópistinn Jói en systir hans, sem Þórunn Lárusdóttir leikur, er enn svo að segja óskrifað blað.

Við skulum spyrja að leikslokum en það er víst að ég ætla að sitja við tækið næstu tvö sunnudagskvöld.



▶ **20.25** *Spenna*

VERONICA MARS



▶ **20.50** *Verðlaun*

GOLDEN GLOBE AWARDS 2006



▶ **21.30** *Spenna*

REUNION



▶ **20.30** *Raunveruleiki*

HOW CLEAN IS YOUR HOUSE



▶ **19.30** *Fótbolti*

ENSKA BIKARKEPPNIN 3. UMF.

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (21:25) **18.25** Tommi togvagn (13:26)

**18.30 Gló magnaða (34:52)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.25 Veronica Mars (16:22)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna. Meðal leikenda er Kristen Bell.
**21.10 Dreymir um Ísland** Heimildarmynd eftir Dúa Landmark um franskan hamskera sem kemur til Íslands á hverju sumri.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin (3:10)** (Spooks) Breskur sakamálaflokkur. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Allir litir hafsins eru kaldir (1:3) **0.00** Kastljós **1.00** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Grey's Anatomy (8:9)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Life Begins **13.55** The Guardian **14.35** LAX **15.20** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Shin Chan **16.20** Töframaðurinn **16.40** He Man **17.05** Töfrastígvélin **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (22:31)**
▶ **20.50 Golden Globe Awards 2006** (Golden Globe 2006 – samantekt) Samantekt frá Golden Globe-verðlaunahátíðinni sem var í beinni útsendingu í fyrrinótt.
**22.50 Over There (12:13)** (Á vígaslóð)(Weapons Of Mass Destruction) Glænýir, umtalaðir bandarískir spennu- og dramaþættir sem gerast meðal bandarískra hermanna í yfirstandandi stríði í Írak. Í kvöld er herflokkurinn á höttunum eftir sprengjumanni og fær liðsstyrk frá vanhæfum lítt æfðum íröskum hermönnum. Bönnuð börnum.

**23.35** Nip/Tuck **0.45** Inspector Lynley Mysteries (B. börnum) **1.30** Jay and Silent Bob Strike Back (Str. b. börnum) **3.10** Session 9 (Str. b. börnum) **4.45** Third Watch **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Fashion Televison (1:4)**
**19.30 My Name is Earl (1:24)** (Pilot) Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur háa fjárhæð í lottóinu.
**20.00 Friends 6 (8:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006**
**21.00 American Dad (8:13)**
▶ **21.30 Reunion (1:13)** (Pilot – 1986) Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra, allt frá útskriftinni 1986 til 20 ára endurfundanna, fjallar hver þáttur um 1 ár í lífi þeirra.
**22.20 HEX (16:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Bönnuð börnum.

**23.05** Smallville (5:22) **23.50** Friends 6 (8:24) (e) **0.15** Idol extra 2005/2006

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 10. þáttaröð **18.20** The O.C. (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 The Grubbs (e)**
**20.00 Borgin mín**
▶ **20.30 How Clean is Your House – NÝTT!** Framleiðendurnir eru hinir sömu og framleiddu American Idol og aðalpersónurnar eru bresku hreingerningadívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie.
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Judging Amy** Bandarískir þættir um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
**22.50 Sex and the City** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd fyrir lítið dagblað.

**23.20** Jay Leno **0.05** The Handler (e) **0.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.15** Fasteignasjónvarpið (e) **1.25** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Bestu bikarmörkin** (Newcastle United Ultimate Goals) Bikarveisla að hætti Newcastle United en félagið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
▶ **19.30 Enska bikarkeppnin 3. umf.** (Enska bikarkeppnin 3. umf.) (Leeds – Wigan) Bein útsending frá leik í þriðju umferð enska FA bikarsins. Enski FA bikarinn er elsta og virtasta bikarkeppni heims.
**21.40 NBA 2005/2006 – Regular Season** (LA Lakers – Miami) (Aukaleikur af NBA TV) Útsending frá NBA-deildinni.

**23.20** World Supercross GP 2005-06 **0.15** Ensku mörkin **0.45** Enska bikarkeppnin 3. umf.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.10** Teenage Mutant Ninja Turtles **8.00** Interstate 60 **10.00** Pelle Politibil **12.00** The Girl With a Pearl Earring **14.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **16.00** Interstate 60 **18.00** Pelle Politibil **20.00 The Girl With a Pearl Earring** (Stúlkan með perlulokkinn) Verðlaunakvikmynd sem fullyrða má að sé sannkallað listaverk. **22.00 Top Gun** (Þeir bestu) Samkeppnin í flugskólanum er hörð en Maverick er staðráðinn í að verða besti herflugmaður allra tíma. **0.00** In the Bedroom (B. börnum) **2.10** Barbershop (B. börnum) **4.00** Top Gun

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** Live from the Red Carpet **14.00** Live from the Red Carpet **16.00** Live from the Red Carpet **18.00** Live from the Red Carpet **20.00** Live from the Red Carpet **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Aston Villa – West Ham frá 14.01 **16.00** Wigan – W.B.A. frá 15.01 **18.00** Arsenal – Middlesbrough frá 14.01

**20.00 Að leikslokum (e)**
**21.00 Man. City – Man. Utd. frá 14.01**

**23.00** Þrumuskot (e) **0.00** Portsmouth – Everton frá 14.01 **2.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Reunion** Sirkus **kl. 21.30**

## *Spennuþáttur með vinunum sex*

*Leikarar í vinsælu þáttunum Reunion*



Þetta eru spennuþættir sem fjalla um sex ungmenni og 20 ár í lífi þeirra, allt frá útskriftinni 1986 til 20 ára endurfundanna. Fjallar hver þáttur um eitt ár í lífi þeirra. Á þessum 20 árum koma upp tvær mikilvægar spurningar: Hver vinanna verður fyrstur til að deyja? Og hver var valdur að dauða hans? Þetta er glænýr spennuþáttur sem lofar sögum af ástum og missi, hjónaböndum og dauða, sigrum og hneyksli. Þátturinn dregur upp mynd af vonum og draumum 18 ára unglinga jafnt og þann veruleika sem markar lífið tveimur áratugum seinna. Í þættinum í kvöld kynnumst við vinunum sex, árið 1986, á meðan einn þeirra er í yfirheyrslu hjá lögreglunni árið 2005 vegna dauða eins í vinahópnum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tekst, ef tveir vilja **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.25** Brautryðjandi íslenskrar menningar **21.05** Til í allt **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Gettu Betur **21.00** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**7.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir

**20.00 Fréttir**
**20.10 Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður.
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **13.00** Figure Skating: European Championship Lyon France **16.00** Snooker: the Masters London **17.00** Football: Football World Cup Season News **17.15** Football: Football World Cup Season Legends **18.15** Football: Football World Cup Season Journeys **18.30** Figure Skating: European Championship Lyon France **20.30** Snooker: the Masters London **22.45** All Sports: Daring Girls **23.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **0.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **2.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**

**12.00** Porridge **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** Jeopardy **16.00** Cash in the Attic **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Space **20.00** Trouble At the Top **20.40** Days that Shook the World **21.30** The Vicar of Dibley **22.00** Human Instinct **22.50** Holby City **23.50** Table 12 **0.00** Heart of Darkness **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Attacks of the Mystery Shark **14.00** Megastructures **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Storm Stories **18.30** Storm Stories **19.00** Tuna Cowboys **20.00** Megastructures **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Seconds from Disaster **1.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** The Life of Birds **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Nightmares of Nature **19.30** Big Cat Diary **20.00** Maneaters **20.30** Predator's Prey **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Nightmares of Nature **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Maneaters **1.30** Predator's Prey **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** Rides **14.00** Extreme Engineering **15.00** Ultimates **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Motorcycle Mania **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Mean Machines **20.30** Mean Machines **21.00** Brainiac **22.00** Firehouse USA **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Dambusters






## HRÓSIÐ

*...fær Guðrún Gunnarsdóttir fyrir að gera meðgöngu, fæðingu og fyrstu skrefunum hátt undir höfði í nýjum sjónvarpsþætti á Skjá einum.*

## FJÓRIR SPURÐIR: ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR

# *Hvernig fannst þér fyrsti þátturinn?*



**Vel gert**
Ég horfði á þáttinn og líkaði margt vel. Auðvitað eru ákveðnir byrjunarörðugleikar en mér fannst þetta vel gert. Það er svo auðvelt að rakka niður en við verðum að hafa í huga að við erum að leggja af stað í ákveðið ævintýri og ég vona að það verði ekki allur kjarkur talinn úr fólki í framtíðinni. Ég ætla að sitja sem fastast fyrir framan tækið næstu sunnudagskvöld.

*Gunnar Eyjólfsson leikari.*



**Kom skemmtilega á óvart**
Ég átti svo sem ekki von á miklu en þátturinn kom mér skemmtilega á óvart. Það er helst að samtöl í íslensku sjónvarpi séu dálítið skrítin en þau bötnuðu eftir því sem leið á þáttinn og runnu betur. Svo var komið plott sem má kalla nýlundu í íslensku sjónvarpi. Ég hugsa að ég endist meira yfir þessu en mörgu öðru.

*Katrín Jakobsdóttir sérfræðingur í glæpasögum.*



**Prýðilegt**
Mér fannst þetta prýðilegur þáttur. Íslensk sjónvarpsþáttaröð er ekki langt komin og við verðum að gera fleiri þætti til að verða góð, en það hafði greinilega verið mikið í lagt. Ég var mjög ánægður með leikinn og það hafði greinilega verið nostrað við hann. Ég er sem sagt sáttur og hlakka til að sjá restina af þáttunum.

*Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari.*



**Margt mjög skemmtilegt**
Mér fannst gaman að sjá íslenskan krimma með íslenskum leikurum og það var margt sem var mjög skemmtilegt. Það sannaðist hins vegar enn og aftur hversu mikið forskot atvinnuleikarar hafa á áhugamennina þótt auðvitað geti þeir verið skemmtilegar týpur. Mér fannst áferðin skemmtileg en þetta sýnir og sannar að kvikmyndagerðarfólk og leikarar þurfa fleiri tækifæri til þess að vinna leikið efni fyrir sjónvarp.

*Kolbrún Halldórsdóttir*



**LÁRÉTT**
**2** nemandi **6** frá **8** saur **9** hamfletta **11** guð **12** skurðgoð **14** bor **16** vörumerki **17** frjó **18** keyra **20** bor **21** óvættur.

**LÓÐRÉTT**
**1** fjötur **3** geimvera **4** steintegund **5** svelgur **7** kjánaskapur **10** svif **13** F **15** dans **16** forskeyti **19** rykkorn.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** nemi, **6** af, **8** tað, **9** flá, **11** ra, **12** tótem, **14** nafar, **16** ss, **17** fræ, **18** aka, **20** al, **21** mara.
**LÓÐRÉTT: 1** haft, **3** et, **4** marmara, **5** iða, **7** flónska, **10** áta, **13** eff, **15** ræll, **16** sam, **19** ar.








**BRÆÐURNIR JÓN GUNNAR OG JÓHANN KRISTÓFER** Leika aðalhlutverkin í Töframanninum sem fékk sérstök dómaraverðlaun á stuttmyndahátíðinni í Prag.

TÖFRAMAÐURINN: FARINN Á FLAKK UM HEIMINN

# Hlaut dómnefndarverðlaun á stuttmyndahátíð

Stuttmyndin Töframaðurinn hlaut sérstök verðlaun dómnefndar á stuttmyndahátíðinni í Prag en hún er hliðarhátíð hinnar mjög svo virtu Karlovy Vary-hátíð þar sem Íslendingar hafa gert það gott í gegnum árin. Reynir Lyngdal, leikstjóri myndarinnar, var reyndar ekki viðstaddur verðlaunaafhendinguna heldur fékk hann sent bréf þar sem honum var tilkynnt um þennan heiður. „Ég fékk að vita þetta fyrir rúmri viku,“ sagði Reynir sem veit ekkert hvernig verðlaunagripurinn lítur út og raunar ekkert hvernig honum verður komið til hans. „Þeir eru að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að senda mér hann eða hvort ég verði einhvers staðar á ferðinni á þessu svæði næstu misseri,“ útskýrir Reynir og hlær en alls kepptu um þrjátíu myndir á þessari hátíð.

Það eru Stefán Jónsson og synir hans, þeir Jóhann Kristófer og Jón Gunnar, sem leika aðalhlutverkin í myndinni auk eiginkonu Reynis, Elma Lísa Gunnarsdóttir, og Baldvin Halldórsson. Myndin er byggð á sögu eftir Jón Atla Jónasson og segir frá raunum tveggja bræðra sem glíma við ofbeldisfullan og drykkfelldan föður. Verðlaunin eru þau fyrstu sem myndin landar á erlendri grundu en hún var valin besta stuttmyndin á Eddunni nýverið og segir Reynir að þau verðlaun hafi hjálpað til því nú sé Töframaðurinn farinn á smá flakk um heiminn. „Það er alltaf gott að fá einhverja viðurkenningu,“ segir hann og býst við að myndin verði sýnd í Ríkisjónvarpinu þegar fram líða stundir.

Reynir og Jón Atli eru greinilega sáttir með samstarfið því þeir vinna nú hörðum höndum að því að klára handrit að hryllingsmynd sem vonandi fer í vinnslu á þessu ári og verður framleidd af Pegasus. „Við erum búnir að ganga lengi með þessa hugmynd í maganum og hún hefur fengið að gerjast í eðlilegan tíma,“ útskýrir Reynir og segir handritið hafa þroskast og breyst þótt grunnurinn sé ætíð sá sami.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þann 21. janúar hefst undankeppni Eurovision hér á landi þegar átta lög keppa um fjögur sæti í úrslitakeppninni þann 18. febrúar. Alls munu 24 lög keppa um sæti í 12-laga úrslitunum og verða undankeppnirnar þrjár sýndar í beinni útsendingu Ríkissjónvarpsins. Lagið útvalda fær síðan keppnisrétt í forkeppni Eurovision í Aþenu í Grikklandi þann 18. maí.



Stigagjöf í lokakeppni Eurovision hefur undanfarið farið fram í gegnum síma og sá háttur verður einnig hafður á bæði í undan- og úrslitakeppninni hér á landi. Verður þetta í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á í hinu íslenska Eurovison en öll ættum við að þekkja fyrirkomulagið úr Idol-keppninni vinsælu. Síminn annast símakosninguna í samstarfi við fyrirtækið Basecamp en einnig geta viðskiptavinir OgVodafone kosið í gegnum símana sína.






# Heilsu- og matreiðsluþáttur hefur göngu sína

Sjónvarpsþátturinn Heil og sæl hefur göngu sína á Skjá einum þann 21. febrúar. Umsjónarmenn þáttarins eru hjónin Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti, og eiginmaður hennar Oscar Umahro Cadogan kokkur.

Þættirnir verða tíu talsins og byggja á tíu grunnreglum þeirra sem þau hafa byggt vinsæl námskeið sín á undanfarin ár. Í reglunum segir m.a. að ekki megi neyta sykurs, ekki borða hvítt hveiti, ekki forðast fitu og drekka einn og hálfan lítra af vatni daglega.

„Í þáttunum koma fram tíu fjölskyldur sem vildu breyta mataræðinu hjá sér. Við fylgdum þeim í átta til tíu vikur og sjáum þegar þau fara að missa kílóin,“ segir Oscar Umahro, sem sér um eldamennskuna í þættinum. Hann segir að þátturinn sé ólíkur í uppbyggingu en aðrir þættir sem fjalla um heilsu eða mataræði. „Aðrir þættir eru annaðhvort heilsuþættir eða matreiðsluþættir en ekki bæði eins og þessi. Í heilsuþáttum er sjaldan sýnt hvað eigi að gera í eldhúsinu og í matreiðsluþáttum er oft góð matreiðsla en lítið sagt hvort það sé hollt að borða þetta eða hitt og af hverju,“ segir hann. „Okkar þáttur sýnir það besta frá báðum hliðum.“



**ÞORBJÖRG OG OSCAR UMAHRO** Næringarþerapistinn og kokkurinn byrja með nýjan sjónvarpsþátt á Skjá einum í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Á meðal þess góðmetis sem Oscar Umahro eldar í þættinum er sítrónumarínerуð lúða með gufusoðnum eplum og grænmeti ásamt sætum kartöflum. Segir hann að það sem hann eldi í þáttunum sé bæði hollt og gott og taki stuttan tíma að búa til, einmitt það sem önnum kafnir Íslendingar sækist eftir í auknum mæli. ■

# OG NÚ ER FJÖR rýmum fyrir nýjum vörum

## Svefnsófar

15-50% afsláttur
Takmarkað magn



## Teppasett

15-50% afsláttur





## Hægindastólar

25-30% afsláttur



## Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

## Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur



## Nú er rétti tíminn

Gravity Zero stillanlegu rúmin á ótrúlegu tilboði í Betra Bak.





## Frábær tilboð á Tempur heilsudýnum



## Spring Air

The Back Supporter®
NeverTurn™ Mattress
Ótrúlegt tilboð

# lítið útlitsgölluð rúm og skiptidýnur á miklum afslætti!!

www.design.is © 2006

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR
KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## Sölubúðir sannleikans

Hrokinn er boðflenna í flestum stórveislum. Hann er athyglisjúkur refur sem yfirtekur vel flest samkvæmi. Hrokinn slær um sig með litríkum fyrirsögnum og upphrópunum. Einhverjum tekst að sniðganga hann, en það er sjaldgæft, og oftast er hann miðpunktur athyglinnar. Í skjóli hrokans birta siðlitlir blaðamenn ljósmyndir og nöfn langt utan við landamæri siðferðis, segjast búðarlokur í sölubúð sannleikans þar sem baráttan sé endalaus fyrir betri heimi. Í hroka peningavaldsins skella sparigrísir fullum pokum af seðlum á borðið og bjóðast til að kaupa afleita blaðamenn og leggja þá niður. Í hroka sjálfsánægjunnar liggja afsökunarbeiðnir ekki á lausu þegar mistökin verða. Allt er leyfilegt. Sannleikurinn er daglega tekinn í gíslingu og lausnargjald heimtað í staðinn.

**HREMMINGAR** fjölmiðla undanfarin misseri hafa verið hrollvekjandi og nú síðast harmþrungnar. Trúverðugleiki Málgagnsins beið hnekki nýlega vegna innmúraðs baktjaldamakks ritstjórans og einkavina æðstu embættismanna. Hér á bæ hafa menn lengi staðið í pólitísku örvaregni, sakaðir um að ganga erinda eigenda sinna. Skipverjar á fréttaskútu RÚV-flotans gerðu uppreisn þegar skítugir pólitískir puttar rótuðu þar í ráðningu fréttastjóra. Mikilvægi ríkisútvarps hefur sjaldan verið augljósara en nú þótt efalaust megi breyta þar rekstrarfyrirkomulagi og rýma til fyrir fagmennsku. Framtíðarfyrirkomulag frjálsrar pressu verður á næstunni sett í lögfræðinganefnd á vegum Alþingis. Það er óskandi að sérfræðingarnir falli ekki í þá gryfju að múlbinda hana.

**EINNIG** er löngu tímabært að sameina fagfélög blaða- og fréttamanna svo úr verði eitt öflugt samband með fréttaliði RÚV innanborðs. Þannig verður fagfólk í þessari stétt frekar samstiga í þeim málum sem til falla og við henni blasa. Félagsmenn ættu svo að vera skyldugir til að starfa eftir nýjum og endurskoðuðum siðareglum- óháðir valdi peninga og stjórnmála.

**ÞEGAR** raunir íslenskra fjölmiðla eru raktar og skilgreindar sést að nauðsynlegt er að setja þessu umhverfi ákveðnar leikreglur svo sannleikurinn verði annað og meira en söluvara - svo markaðshyggjan ein og sér stjórni ekki skrifum blaðamanna. ■


Margfaldur meistari

Ellefti stórsigur Mitsubishi í Dakar-rallinu




Allt um keppnina á www.mitsubishi.is

Úrslit eru ráðin í Dakar-rallinu 2006. Frakkinn Luc Alphand sigraði á Mitsubishi Pajero. Þetta er ellefti sigur Mitsubishi Motors í keppninni og sá sjötti í röð. Enginn bílaframleiðandi hefur sigrað eins oft í þessari erfiðustu rallkeppni heims.

**Sættu þig ekki við neitt minna en sigurvegarann – vertu í forystunni með Mitsubishi!**

DRIVE ALIVE

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is





Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

SPRON VAXTABÓT
Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON VIÐBÓT
Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að bindítíma loknum

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

spron – fyrir allt sem þú ert